GUÐRÚN ÓSK TRAUSTADÓTTIR
*Á uppskrift að ljúffengu salati*
matur tónlist
allt ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FERMINGAR
*Sveitastemning og dýrmætar minningar*
Sérblað um fermingar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÓSKAR JÓNASSON
*Svartir englar fundnir*
Tökur á spennuþáttaröðinni Svörtum englum hefjast um miðjan næsta mánuð
FÓLK 42



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. mars 2008 — 84. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Spáir fyrir um framtíð jökla**
Hrafnhildur Hannesdóttir fékk styrk úr Kvískerjasjóði.
TÍMAMÓT 32

**Hattur Björgvins falur**
Björgvin Halldórsson gefur forláta hvítan panamahatt á góðgerðauppboði í útvarpsþættinum A til J.
FÓLK 54



**Fjögur spennandi einvígi**
Úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld.
ÍÞRÓTTIR 50

FÖSTUDAGUR

**Þrífst ekki nema í annríki**
Inga Lind hlakkar til að eignast fimmta barnið.



FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**STREKKINGUR** Í dag verður NA-strekkingur en hvassari við suðausturströndina. Stöku él norðan og austan til en yfirleitt bjartviðri suðvestan og vestan til. Frostlaust að deginum syðra.
VEÐUR 4

# Vaxandi kröfur til erlends launafólks

**Íslendingar sækja í auknum mæli í störf sem útlendingar hafa mikið til sinnt. Atvinnurekendur auka kröfur til tungumálakunnáttu og hreins sakavottorðs.**

**EFNAHAGSMÁL** Samdráttur í efnahagslífi þjóðarinnar hefur orðið til þess að atvinnurekendur gera auknar kröfur til þeirra sem leita eftir starfi hér á landi. Á það einkum við fólk sem hingað kemur frá útlöndum. Sérstaklega er horft til tungumálakunnáttu og hreins sakavottorðs.

Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, segir jákvætt fyrir samfélagið og vinnuveitendur að framboð starfskrafta sé meira en eftirspurnin. Sérstaklega í ljósi þess að í langan tíma hafi ekkert val verið fyrir hendi heldur hafi atvinnurekendur í raun þurft að ráða inn alla þá sem í boði voru. Gengisfall krónunnar og hækkandi verðlag hér á landi gæti þó orðið til þess að draga úr áhuga erlends verkafólks á störfum hér á landi og fróðlegt verði að fylgjast með framhaldinu á þeirri þróun.

Þeirra áhrifa er þegar farið að gæta ef litið er á tölur Vinnumálastofnunar en samkvæmt Baldri Aðalsteinssyni, verkefnisstjóra atvinnuleyfa, fengu 927 manns atvinnuleyfi hér á landi á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs á móti 727 manns á sama tíma í fyrra. „Hins vegar verða færri sem sækja um leyfi í mars í ár en í fyrra,“ segir hann. Þær breytingar séu mögulega afleiðing samdráttar og minnkandi áhuga fólks á störfum hér á landi.

Helga Karlsdóttir, starfsmannastjóri á dvalarheimilinu Grund, segir að í auknum mæli hafi þurft að vísa frá fólki sem ekki þyki hafa nægilega íslenskunnáttu. Áður hafi fólk sem ekki talaði tungumálið getað fengið störf við ræstingar en síðar fengið störf við umönnun. „Svo virðist sem þessi markaður sé orðinn mettur,“ segir hún. Þá segir hún einnig greinilegt að þeir útlendingar sem á annað borð fái störf staldri lengur við í starfi en áður.

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, segist einnig hafa orðið vör við breytingar að undanförnu. Nú sé til dæmis mun meira um að Íslendingar sæki þar um störf en var fyrir ári. **- kdk**



**LÖNG BÍLARÖÐ** Vörubílstjórar mótmæltu háu olíugjaldi, bensínverði og sektum Vegagerðarinnar með því að teppa alla umferð um Ártúnsbrekkuna í rúman hálftíma í gær. Vörubifreiðum var lagt á allar akreinar í brekkunni í fjórða tímanum og hreyfðust ekki fyrr en lögregla kom á staðinn. Vörubílstjórnarnir hyggjast mótmæla með þessum hætti á hverjum degi þar til gengið verður að kröfum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarráð sameinast um hugmynd sem borgarstjóri hafði viljað fresta:

## Ólafur mun ræða lestarmálið

**SAMGÖNGUR** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hyggst á næsta borgarstjórnarfundi ræða tillöguna sem borgarráð samþykkti í gær um lestarsamgöngur, að sögn Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur aðstoðarmanns hans.

Borgarráð samþykkti í gær, í fjarveru Ólafs, að láta kanna fýsileika lestarsamgangna annars vegar á milli miðborgar Reykjavíkur og Keflavíkur og hins vegar léttlestarsamgöngur almennt séð innan Reykjavíkur.

Borgarstjóri hafði fyrir páska farið fram á að svipaðri tillögu yrði frestað.

Ólöf tekur ekki undir að um eins konar uppreisn hafi verið að ræða í borgarráði. „Ólafur hafði þá skoðun að menn ættu að fara sér hægt í þessar kannanir. Hann hafði ákveðnar efasemdir um að skynsamlegt væri að ráðast í þessa könnun núna og mun líklega gera grein fyrir þeim,“ segir hún.

Borgarráð telur hins vegar ekki eftir neinu að bíða og fer fram á það við umhverfis- og samgönguráð að það skili ítarlegri verkefnalýsingu og kostnaðaráætlun vegna verksins, eigi síðar en 1. júní. Ekki náðist í borgarstjóra í gær, en hann er í fríi erlendis. **- kóp**



**SIGFÚS SIGURÐSSON** Snýr á heimaslóðir eftir langan atvinnumannaferil.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Valur fær mikinn liðsstyrk:

## Sigfús á leið heim til Vals

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson mun að öllu óbreyttu leika með uppeldisfélagi sínu, Val, á næstu leiktíð.

Félag Sigfúsar, Ademar Leon, hefur samþykkt að leysa hann undan samningi svo hann komist til Íslands í sumar. Sigfús hefur gert heiðursmannasamkomulag við Val um að spila með félaginu.

„Það er mikil tilhlökkun í mér að koma heim. Aðalástæðan fyrir því að ég vil koma heim er að ég vil vera nær þrettán ára gömlum syni mínum sem ég hef allt of lítið séð og sakna mikið,“ sagði Sigfús við Fréttablaðið. **- hbg / sjá síðu 48**

Háskólinn í Reykjavík:

## Leitað að nemum á Saga Class

**MENNTUN** **Í apríl hefst AMP-nám sem er sérsniðið að þörfum stjórnenda. Kostar námið hvern þátttakanda 1,9 milljónir. Um 20 kennsludaga er að ræða en námið teygir sig yfir hálft ár. Aðalsteinn Leifsson lektor segir HR sérflytja námið til landsins í samstarfi við IESE í Barcelona en að náminu koma ellefu erlendir prófessorar, hver um sig meðal þeirra fremstu á sínu sviði. Eva Þengilsdóttir þróunarstjóri segir mikils virði fyrir íslenskt atvinnulíf að hafa aðgang að námi sem þessu hér en hún ákvað að auglýsa þennan kost á Saga Class Icelandair-flugvéla.**
**- jbg/sjá síðu 54**









## SPURNING DAGSINS



*Erlendur, er svona eftirsóknarvert að sitja inni?*

„Nei, ég held að það sé mun betra að vera úti.“

Öll fangelsi landsins eru nú fullsetin og fimm til sex klefar tvísetnir. Erlendur Baldursson er afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir sprautunálaræningja:

# Rændi fjóra peningakassa

**DÓMSMÁL** Sprautunálaræninginn svokallaði, sem Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir í gær, rændi fjóra peningakassa í þremur verslunum með því að ógna starfsfólki með sprautunál áður en lögreglan gómaði hann. Þá hafði hann gert árangurslausar tilraunir til að ræna veskjum af konum með sama hætti.

Fyrsta atvikið átti sér stað 19. mars á bifreiðastæði við verslunina Select í Suðurfelli í Reykjavík. Kona var komin inn í bifreið sína með ellefu ára dóttur sinni, eftir að hafa tekið peninga út úr hraðbanka, þegar maður settist inn í bifreiðina. Hann hótaði að stinga konuna með sprautunál, sem hann hélt á, léti hún ekki veskið af hendi. Konan neitaði og mæðgurnar komust út úr bílnum og frá manninum.

Aðeins fáeinum mínútum síðar kom maður inn í verslunina King Kong í Eddufelli og réðst á konu. Þau féllu í gólfið og hann hótaði henni með sprautunál, afhenti hún ekki veski sitt, sem hún ekki gerði. Þá ógnaði hann starfsmanni verslunarinnar með sama hætti og komst þannig í peningakassa verslunarinnar sem hann tæmdi. Næstu daga lék maðurinn sama leik og náði að tæma þrjá peningakassa á tveimur stöðum, auk þess sem hann stal sígarettum. - jss




**SÖLUTURN KING KONG** Þar ógnaði maður fólki með sprautunál og tæmdi síðan peningakassa.

Rán í Kringlunni:

## Fimm sitja inni

**LÖGREGLUMÁL Fimm piltar þurftu að gista fangaklefa í nótt eftir að einn þeirra hafði stolið fartölvu úr BT í Kringlunni um miðjan dag í gær.**

**Pilturinn sem er sautján ára klippti á öryggissnúru við tölvuna með skærum og hrifsaði hana með sér.**

**Er starfsmenn ætluðu að hafa afskipti af honum ógnaði hann þeim með skærunum og hljóp út úr versluninni. Hann hvarf á braut í hópi pilta á svipuðum aldri.**

**Um klukkustund síðar handtók lögregla piltinn, auk fjögurra annarra á svipuðum aldri. Tölvan og skærin fundust. Piltarnir verða yfirheyrðir í dag.** - jss

Nýr þáttur í Fréttablaðinu:

## Víðfeðm umræða um Evrópumál

**EVRÓPUMÁL Evrópusambandið – hvað er til ráða? er yfirskrift á nýjum vikulegum greinaflokki sem hefur göngu sína í Fréttablaðinu í dag.**

**Leitað verður til fólks víðs vegar að úr þjóðfélaginu og það fengið til að reifa álitamál um Evrópusambandið. Lagt verður upp með nokkrar grunnspurningar: helstu kosti við Evrópusambandsaðild, helstu ókosti og hvað sé til ráða.**

**Ólöf Nordal alþingismaður ríður á vaðið. Í grein hennar kemur fram að það sé tímaspursmál frekar en hitt hvenær Ísland standi frammi fyrir þeirri ákvörðun að ganga í Evrópusambandið.**

**Það geti þó ekki gerst nema að loknum vandlegum undirbúningi og nauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá landsins.**

- bs/ sjá síðu 28

# Segir umhverfismatið vera marklaust plagg

**Landsvirkjun vill taka efni úr námu sem liggur inni á vatnsverndarsvæði til að reisa Urriðafossvirkjun. Í matsskýrslu er ekki gert ráð fyrir efnistöku annars staðar en á virkjunarstað. Ekkert mark takandi á umhverfismatinu, segir íbúi í Flóahreppi.**

**VIRKJANAMÁL** „Ef það kemur fram í umhverfismati að framkvæmdin verði sjálfri sér næg um fyllingu, en svo krefjast menn þess að námur verði hafðar klárar, þá stenst ekki ein af forsendum umhverfismatsins og þar með niðurstaðan,“ segir Jón Árni Vignisson, íbúi í Flóahreppi, um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar.

Fréttablaðið hefur undir höndum bréf frá Helga Bjarnasyni, verkefnisstjóra hjá Landsvirkjun, til sveitarstjórnar Flóahrepps, frá því snemma í fyrra. Þar er þess óskað að náma í Hjálmholtslandi verði sett á skipulag og rekin áfram á næstu árum.

Í skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar gert ráð fyrir því að allt efni til Urriðafossvirkjunar komi frá virkjunarstaðnum.

Náman er á vatnsverndarsvæði og stóð til að henni yrði lokað.

„Þarna er gríðarlega mikið ferskvatnsból undir,“ segir Jón Árni. „Ef þessi náma verður sett inn á aðalskipulag þá er ekki verið að fara eftir umhverfismatinu í einu eða neinu. Þá er það bara óþarft,“ segir Jón Árni.

Hann segir þetta ekki eina dæmið um að umhverfismatið sé marklaust plagg. „Til að mynda sé þar talað um aðra lónsstærð við Urriðafossvirkjun en nú.“

Hann segir Landsvirkjunarmenn gera sér grein fyrir að sá tími sé að renna út að menn telji viðunandi að búa til stór uppistöðulón í blómlegri sveit. „Með áróðri og óvönduðum vinnubrögðum á að virkja neðri hluta Þjórsár, þótt Landsvirkjun liggi með mörg hundruð milljónir í tilbúnum stöðvarhúsgrunni Búðarhálsvirkjunar, með vegum og brúm sem almenningur hefur borgað fyrir.“

Jón Árni segir enn fremur að virkjanirnar muni hafa mjög neikvæð áhrif á ferðamennsku á Suðurlandi, sem án virkjana eigi sér bjarta framtíð, með nálægð við Leifsstöð og höfuðborgina, auk náttúruperla, safna og sögu.

„Svo má ekki gleyma rykmenguninni, því Landsvirkjun ætlar að dæla seti af lónsbotninum upp á bakkana. Eftir fáa áratugi verður þetta orðinn gríðarlega stór haugur, hátt í þrír kílómetrar að lengd, 200 metra breiður og fimm metra hár,“ segir Jón Árni. „Þess utan er mikil hætta á að þetta fari mjög illa með laxagengd í Þjórsá.“ ikh@frettabladid.is



**URRIÐAFOSS** Landsvirkjun vill taka efni úr námu sem fer inn á vatnsverndarsvæði, en segir í matsskýrslu að allt efni í Urriðafossvirkjun komi af virkjanastaðnum. MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Talsmaður Landsvirkjunar:

### Náman er opin

„Við teljum líklegt að við kaupum þarna efni í upphafi framkvæmdanna, en síðan verði notað efni sem fellur til við framkvæmdirnar,“ segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. Hann segir rétt að náman sé inni á vatnsverndarsvæði. „En hún hefur starfsleyfi og hefur verið í rekstri um árabil og því skyldum við ekki geta keypt þarna efni eins og aðrir? Þess utan stendur til að fara í vatnsveituframkvæmdir í Flóahreppi af okkar hálfu, svo ég geri ráð fyrir að verndinni þarna verði aflétt.“ - ikh



**KVEÐJUSTUND** Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, og Torfi Fjalar Jónasson hjartalæknir kveðjast á hjartadeild. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stærsti vinnustaður landsins:

## Forstjóri kveður samstarfsfólkið

**HEILBRIGÐISMÁL** Magnús Pétursson, fráfarandi forstjóri Landspítalans, lauk í gær för sinni um allar deildir spítalans sem hann lagði í til að geta kvatt samstarfsmenn sína.

Magnús hefur gegnt starfi sínu í níu ár en um miðjan mánuðinn var tilkynnt um að hann myndi láta af störfum 1. apríl eftir að hafa gert samkomulag við ráðherra. Magnús hefur ávallt haft þann háttinn á að heimsækja allar deildir og ræða við starfsfólkið sem þar vinnur um hvað megi betur fara og til að kynnast því. Að því er ekki hlaupið fyrir forstjóra á langstærsta vinnustað landsins þar sem um 5.000 manns starfa. Magnúsi virðist þó hafa tekist vel upp við það á liðnum árum því allir virtust vera ákafir í að fá að taka í hönd hans að leiðarlokum og þakka honum fyrir vel unnin störf. - kdk

Keilufellsmálið:

## Kannast ekkert við árásina

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna grófrar árásar á sjö manns í Keilufelli á laugardag kannast ekkert við að hafa átt þar hlut að máli, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Þá hefur hópurinn sem ráðist var á verið margsaga um hugsanlegt tilefni árásarinnar.

Sex menn eru nú í haldi lögreglu vegna málsins; fimm Pólverjar og einn Litháai. Síðasti maðurinn var handtekinn í gærmorgun eftir að lögregla hafði lýst eftir honum. Hann átti að mæta fyrir dómara fyrir hádegi í dag, þar sem lögð var fram krafa um gæsluvarðhald yfir honum. - jss

**TOLLGÆSLA**

### Tollverðir gegn ráðherra

Á fundi tollvarða í Leifsstöð í gær kom fram mikil óánægja með áform dómsmálaráðherra um að skilja að löggæslu og tollgæslu á Suðurnesjum. Samþykktu tollverðirnir einróma ályktun þar sem áformunum var mótmælt. Tollverðir óska þess að ákvörðunin verði endurskoðuð, enda verði hún til þess að eftirlit með innflutningi versni.




Góðverkasamtökin Betri bær unnu góðverk í skjóli nætur:

# Máluðu yfir veggjakrot í miðbænum

**MIÐBÆRINN** „Við erum óskaplega ánægð með þetta framtak,“ segir María Pétursdóttir, eigandi verslunarinnar Ranimosk við Laugaveg. Í gærmorgun þegar María mætti til vinnu hafði hópur sem kallar sig Góðverkasamtökin Betri bær málað yfir allt veggjakrot á hvítum flötum við Laugaveg.

Á vefsíðu sem samtökin halda úti segir að með aðgerðum sínum hafi þau viljað vekja athygli á þeirri sjónmengun sem veggjakrot í bænum er og um leið mótmæla aðgerðaleysi þeirra sem eiga hlut að máli að leyfa því að standa. Samtökin hafi því tekið sig til og málað yfir veggjakrotið í skjóli nætur.

María segir að eigendur Ranimosk hafi verið gagnrýndir fyrir að hafa ekki málað strax yfir veggjakrotið. Lögreglan hafi hvatt þau til að leggja fram kæru en það hafi þau ekki viljað. „Við viljum ekki fara þá leið enda leysir það ekki vandann. Það eru bara unglingar í einhverju adrenalínrússi sem gera þetta – í einhvers konar pissukeppni niður Laugaveginn. Það er spennandi fyrir þá að eiga á hættu að nást,“ útskýrir María. „Við viljum ekki stuðla að því að ungir strákar gangi gjaldþrota út í lífið og við viljum gefa þeim möguleika á að bæta fyrir mistökin.“

María segir að krotað hafi verið á búðina fyrir nokkrum vikum. Eigendur verslunarinnar hafi komið skilaboðum áleiðis til drengjanna sem stóðu að baki verknaðinum um að þeir gætu bætt ráð sitt með því að mála yfir. Eigendurnir útveguðu sjálfir málninguna. „Og það var einn sem kom og málaði yfir það sem hann hafði gert,“ segir María. Miklar umræður hafa skapast á vef Góðverkasamtakanna og í gær höfðu tugir manna þakkað þeim fyrir frábært framtak. - kh / sjá síðu 18



**SAMTÖKIN AÐ VERKI** Þrír félagar í Góðverkasamtökunum Betri bæ máluðu yfir veggjakrot í miðbænum í gær. Félagarnir vönduðu sig líka við að mála ekki yfir þau verk sem fyrir voru í bænum. MYND/GÓÐVERKASAMTÖKIN BETRI BÆR


Hafðu það gott
um helgina!
OPIÐ
til 20
alla daga
40% afsláttur við kassa
1.679kr/kg
Merkt verð 2.799.-
Kjúklingabringur
Provance kryddaðar
30% afsláttur við kassa
2.099kr/kg
Verð áður 2.998.-
Ungnautapiparsteik
25% afsláttur við kassa
2.173kr/kg
Merkt verð 2.898.-
Nautahelgarsteik
- frá Íslandsnauti
Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt
1.998kr/kg
Verð áður 3.269.-
Nautaribeye
- úr kjötborði
Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt
1.998kr/kg
Verð áður 3.269.-
Nauta entrecote
- úr kjötborði
Jói FEL
Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?
Minna Mál
- gott milli mála
TILBOÐ
499pk.
Kaffi frá Kaffitár
- Selebes og Kólumbía
Lu kex
- Better Choice
Gildir til 30. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**GENGIÐ 27.03.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,33 | 74,69 |
| Sterlingspund | 149,93 | 150,65 |
| Evra | 117,42 | 118,08 |
| Dönsk króna | 15,741 | 15,833 |
| Norsk króna | 14,653 | 14,739 |
| Sænsk króna | 12,485 | 12,559 |
| Japanskt jen | 0,7465 | 0,7509 |
| SDR | 122,35 | 123,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**151,2994**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjaness úrskurðar í máli Smáís gegn Istorrent ehf.:

# Vísað frá vegna vanreifunar

**DÓMSMÁL** Máli höfundarréttarsamtaka gegn Istorrent var vísað frá í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Í niðurstöðu dómsins segir að málið teljist vanreifað vegna þess að hvorugur lögmaður tók afstöðu til laga um rafræna þjónustu, sem dómurinn taldi að kynni að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Úrskurðinum verður áfrýjað til Hæstaréttar.

Málið hófst þegar lögbann var sett á skráaskiptasíðuna torrent.is hinn 19. nóvember á síðasta ári. Ellefu dögum síðar var kæra Samtaka myndrétthafa á Íslandi (Smáís), auk fleiri samtaka höfundarrétthafa, tekin fyrir í héraðsdómi. Vefinn notuðu yfir tuttugu þúsund manns þegar mest var til að skiptast á kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum og öðrum gögnum.

Lögin sem dómurinn vísaði til í úrskurði sínum segja meðal annars að þjónustuveitandi sem miðli gögnum um fjarskiptanet beri ekki ábyrgð vegna miðlunar gagnanna, svo lengi sem hann eigi ekki frumkvæðið að miðluninni, velji ekki viðtakanda gagnanna og velji ekki gögnin sem er miðlað. Þessi lög bar ekki á góma í málinu, nema stuttlega við málflutning, og því taldist málið svo vanreifað að ekki væri annað hægt en að vísa því frá dómi. „Þetta er mjög sérstök niðurstaða,“ segir Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Smáís. „Þarna er dómurinn að finna að því að hvorki stefnendur né stefndi hafi tekið afstöðu til þessara laga. Í stað þess að líta bara framhjá þeim og leggja dóm á málið eins og það er lagt fyrir þá segist hann ekki geta geta gert það því það sé óskýrt hvernig lögin komi inn í sakarefnið.“

Hróbjartur segir úrskurði Héraðsdóms munu verða áfrýjað til Hæstaréttar. Þar til endanlegur úrskurður fellur í málinu er lögbannið á torrent.is enn í gildi.

**- sþs**



**SKRÁASKIPTI** Yfir tuttugu þúsund manns notuðu vefinn torrent.is til að skiptast á gögnum áður en lögbann var sett á hann.

# Orð ráðherra sögð árás á stjórnkerfið í heild sinni

**Vantraust á umboðsmann Alþingis er árás á stjórnkerfið, að mati Sigurðar Líndal lagaprófessors. Þingflokksformaður Samfylkingar trúir því ekki að Árni hafi viljað draga úr trúverðugleika umboðsmanns.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ef umboðsmaðurinn er ekki traustsins verður, þá hefur Alþingi fatast í að velja hann. Með orðum ráðherrans er verið að grafa undan þessari stofnun [umboðsmanns] sem á að tryggja mér og þér viðunandi stjórnsýslu, ekki satt? Og því er þetta árás á kerfið sem við höfum,“ segir Sigurður Líndal lagaprófessor um orð Árna M. Mathiesen, setts dómsmálaráðherra, í svari hans til umboðsmanns Alþingis.

Árni liggur einnig undir miklu ámæli frá stjórnarandstöðunni fyrir svar sitt, en hann hefur haldið því fram að afstaða umboðsmanns til skipunar sinnar á Þorsteini Davíðssyni, sonar fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, sem héraðsdómara, kunni að vera mótuð fyrir fram. Einnig að svör ráðherra við spurningum umboðsmanns kunni að hafa takmarkaða þýðingu.



SIGURÐUR LÍNDAL

Sigurður Líndal bendir á að Árni sé með þessu að saka umboðsmann um að brjóta stjórnsýslulög; annars vegar með því að taka ákvörðun fyrir fram og hins vegar með því að rækja ekki rannsóknarskyldu sína.

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar, segist þó ekki trúa því að Árni hafi vísvitandi viljað draga úr trúverðugleika embættis umboðsmanns. Hann verði þó að bera ábyrgð á eigin málflutningi og skýra út hvað hann eigi við.

„Hann er eflaust maður til þess,“ segir Lúðvík.

Spurður hvort hann taki undir með ungum jafnaðarmönnum, sem hvetja Árna til að biðjast afsökunar á orðum sínum og gefa fullnægjandi skýringar á skipun Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara, segir Lúðvík að það sé í eðli ungliðahreyfinga að vera samviska síns flokks.

„Og mér sýnist þau standa sig vel í því,“ segir hann.

Sigðurður Líndal tekur dýpra í árinni og telur fulla ástæðu fyrir forseta Alþingis að bregðast við framgöngu ráðherrans.

„Alþingi hlýtur að verja starfsmann sinn. Svona glósur eru í reynd óþolandi, ekki fyrir umboðsmann persónulega heldur fyrir stjórnkerfið í landinu. Árni er að ráðast á þessa stofnun. En hann hefur engin rök,“ segir Sigurður.

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson forseta Alþingis í gær, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Fyrsti varaforseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir úr Samfylkingu, sagði aftur á móti að umboðsmaður Alþingis nyti fulls trausts. „Fullkomlega,“ segir hún.

Ásta vill samt ekki svara því að svo stöddu hvort henni þyki óvenjulegt að ráðherra lýsi yfir vantrausti á embættismann með þessum hætti. Hún vísar á sjálfan forseta Alþingis, spurð hvort embættið hyggist bregðast við þessu.

Forsætisráðherra vildi ekki tjá sig um málið og ekki heldur Árni Mathiesen.

**klemens@frettabladid.is**



**ÁRNI M. MATHIESEN** Settur dómsmálaráðherra hefur fengið harða gagnrýni eftir svarbréf sitt til umboðsmanns Alþingis.

Rök fyrir skipan Þorsteins Davíðssonar sem dómara:

## Í nefnd sem hefur ekki starfað

Árni Mathiesen nefndi stöðu varamanns í nefnd, sem aldrei hefur starfað, sem rök fyrir skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara.

Árni, settur dómsmálaráðherra í fjarveru Björns Bjarnasonar, tók þetta sem dæmi í upprunalegum rökstuðningi sínum fyrir embættisveitingu sinni; að Þorsteinn hefði „gegnt veigamiklum nefndarstöfum á vegum hins opinbera“ og til dæmis verið kjörinn varamaður í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður í júní 2007.

Umboðsmaður Alþingis spurði Árna hvort hann hefði gengið úr skugga um að Þorsteinn hefði í raun gegnt þessu starfi.

Árni svaraði því til að rökstuðningur sinn hefði ekki snúist um störf Þorsteins í nefndinni, heldur að Alþingi hefði sýnt honum þann trúnað og traust að kjósa hann til starfsins.

„Af augljósum ástæðum hefur enn ekki reynt á starfa Þorsteins í þessari nefnd enda hefur ekki verið kosið til Alþingis síðan hann var skipaður í hana,“ segir Árni við umboðsmanninn.

**- kóþ**

Guðni Ágústsson:

## Forseti Alþingis bregðist við

Forseti Alþingis á ekki að sætta sig við þá niðurlægingu sem felst í orðum Árna Mathiesen í garð umboðsmanns Alþingis, að mati Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins.

„Þetta eru tvö mikilvægustu embættin; ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis. Þau verða að vera hafin yfir allar deilur. Að fullyrða að umboðsmaðurinn hafi pólitíska afstöðu í málinu eru ekki vinnubrögð sem sæma ráðherra,“ segir hann og minnir á að umboðsmaður hafi verið kjörinn af Alþingi með öllum greiddum atkvæðum.

**- kóþ**

Kristinn H. Gunnarsson:

## Alþingi hefur lýst yfir trausti

Alþingi er nýbúið að lýsa yfir trausti við umboðsmann Alþingis og gerði það með því að kjósa hann í vetur, segir Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins.

„Meiri stuðningsyfirlýsingu er ekki hægt að fá,“ segir hann. „Kjarni málsins er að ráðherra lýsir með þessum orðum sínum yfir vantrausti á embættismann fyrir fram. Það er ekki góðs viti.“ Kristinn telur ráðherra hafa „sett verulega ofan við þetta og held að hann ætti að fara að hugsa sinn gang í ljósi þessara mála sinna“.

**- kóþ**

Steingrímur J. Sigfússon:

## Hroki hjá ráðherra

„Ég minnist þess ekki að ráðamenn hafi sýnt embætti umboðsmanns Alþingis jafn mikinn hroka,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann hafi vart trúað því sem hann sá þegar hann las tilsvörin.

Steingrímur minnir á að umboðsmaðurinn sé í raun umboðsmaður almennings gagnvart valdhöfum.

„Og þeir sem þiggja valdið frá almenningi eiga að minnast þess í samskiptum við umboðsmann. Það er því ansi ónotalegt að sjá þennan tón,“ segir hann.

**- kóþ**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**

Helgarspáin er heldur svöl. Hann mun blása stífum vindi af norðaustri og við suðaustur- og austurströndina verður enn hvassara, jafnvel svo að hann slái í storm á sunnudeginum þar um slóðir. Stöku él verða norðan til og austan á laugardag en snjókoma á sunnudag.




**Á MORGUN**
15-20 m/s við suðausturströndina, annars 5-13 m/s.

**SUNNUDAGUR**
15-23 m/s við suðausturströndina, annars 5-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 2° |
| Stokkhólmur | 5° |
| Gautaborg | 8° |
| London | 11° |
| París | 10° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Berlín | 12° |
| Varsjá | 10° |
| Basel | 10° |
| Eindhoven | 10° |
| Alicante | 23° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 7° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Ljósárum á undan
Audi

**KJÖRKASSINN**



*Var gott hjá Seðlabankanum að hækka stýrivexti?*

| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú mótmæli vörubílstjóra?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Góður gangur hjá sænsku fataversluninni H&M fyrstu þrjá mánuði ársins:

# Hagnaður H&M 37 milljarðar

**VIÐSKIPTI** Sænska fataverslunin H&M, sem Íslendingar þekkja vel af ferðum sínum erlendis og er sú næststærsta í Evrópu, skilaði rekstrarhagnaði upp á 2,9 milljarða sænskra króna, jafnvirði rúmra 37 milljarða íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er 28 prósenta aukning frá sama tíma í fyrra og nokkuð umfram væntingar.

Velta jókst um átján prósent á fjórðungnum og nam 19,7 milljörðum sænskra króna, að sögn Bloomberg og fleiri miðla.

Mestu munar um opnun nýrra verslana undir merkjum H&M á fjórðungnum, lækkun á gengi Bandaríkjadals og aukinni netsölu á tímabilinu. Fyrirtækið opnaði verslanir í Bretlandi, Egyptalandi, Sádi-Arabíu og í Rússlandi í fyrra en hafði ekki áður numið þar land. Áætlað er að 190 verslanir H&M verði opnaðar víða um heim til viðbótar á árinu.

Þá hafa stjörnur úr tísku- og afþreyingaiðnaðinum í auknum mæli lagt nafn sitt við fatakeðjuna. Þar á meðal eru fatahönnuðirnir Roberto Cavalli og Stella McCartney, dóttir bítilsins Pauls, og söngkonurnar Kylie Minogue og Madonna auk tískufurstans Karls Lagerfeld. **- jab**



**HAMAGANGUR VIÐ H&M** Hagnaður sænska verslanarisans H&M var umfram væntingar á fyrsta fjórðungi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hraðbankasvikin í rannsókn:

# Rekja úttektir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aflar nú gagna í rannsókn sinni á stórfelldum þjófnaði tveggja manna úr hraðbönkum fyrir nokkrum dögum. Lögreglan er meðal annars að rekja úttektir úr hraðbönkunum.**

**Mennirnir tveir, Þjóðverji og Rúmeni, voru teknir með fúlgur fjár á leið úr landi eftir að hafa svikið peningana út úr hraðbönkum hér um páskana. Þeir reyndust vera með á fjórðu milljón í farteskinu.**

**Lögregla rannsakar nú meðal annars hvort meiri fjármunir hafi verið sviknir út úr hraðbönkum en sem þessu nemur. Einnig hvort mennirnir áttu sér íslenska samverkamenn. - jss**






# Lá undir grun sem stórfelldur smyglari

**Maðurinn sem fann eftirfararbúnað undir bifreið sinni 12. nóvember í fyrra lá undir grun sem stórfelldur fíkniefnasmyglari. Hann hefur fengið gögn er vörðuðu hann afhent frá lögreglu. Lögreglan hleraði síma hans yfir langt tímabil.**

**LÖGREGLUMÁL** Maður sem fann eftirfararbúnað undir bifreið sinni 12. nóvember í fyrra, sem lögreglan notaði við rannsókn á tengslum mannsins við tilraun á smygli á fíkniefnum til landsins, hefur fengið afhent rannsóknargögn sem lágu að baki því að lögreglan ákvað að fylgjast með ferðum mannsins.

Samkvæmt gögnunum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, lá maðurinn undir grun sem stórfelldur fíkniefnasmyglari. Í rökstuðningi lögreglu fyrir hlerunarheimild á símum mannsins, sem gefin var sex sinnum, kemur fram að lögreglan hafi fengið upplýsingar um að maðurinn hygðist nota tiltekna smyglleið „fljótlega til að flytja 3-4 kíló af kókaíni“ til landsins en áður var hann talinn hafa flutt mikið magn af e-töflum til landsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn talinn tengjast máli sem nú er til meðferðar hjá lögreglu og tengist smygli á kókaíni og e-töflum til landsins í gegnum UPS-hraðsendingarþjónustuna. Hann er ekki lengur meðal grunaðra í því máli. Tveir menn sitja enn í gæsluvarðhaldi vegna málsins; Annþór Kristján Karlsson og Tómas Kristjánsson, sem var starfsmaður hraðsendingarþjónustunar.

Héraðsdómur komst að því að lögreglunni hefði verið óheimilt að nota eftirfararbúnaðinn en Hæstiréttur sagði í dómi sínum að lögreglan hefði þurft að gera grein fyrir því af hverju var verið að nota búnaðinn svo mögulegt væri að meta það til fulls hvort verið væri að nota búnaðinn án lagaheimilda eða ekki.

Í kjölfarið óskaði maðurinn eftir því að fá rannsóknargögn lögreglu í hendur sem vörðuðu hann. Lögreglan neitaði að verða við því.

Það sætti maðurinn sig ekki við og fór með málið fyrir dómstóla. Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði málinu frá á þá niðurstöðu kærði maðurinn til Hæstaréttar. Þaðan fór málið aftur niður í hérað, þar sem Hæstiréttur taldi málið eiga að fá efnismeðferð. Áður en málflutningur í héraði fór fram féllst lögreglan á að afhenda gögnin og féllst maðurinn í kjölfarið á að afhenda lögreglunni eftirfararbúnaðinn. **magnush@frettabladid.is**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Gaf lögreglunni sex sinnum heimild til þess að hlera síma mannsins sem fann eftirfararbúnað undir bifreið sinni 12. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## EFTIRLITIÐ Á BORÐI DÓMSTÓLA

Skylda er samkvæmt lögum að láta þann vita sem er hleraður af lögreglu eins fljótt og mögulegt er. Þó er tekið fram í lögunum að taka beri tillit til þess hvernig rannsókn gengur. Samkvæmt upplýsingum frá Valtý Sigurðssyni ríkissaksóknara er það verkefni dómstóla að hafa eftirlit með því að þeir sem hleraðir eru séu látnir vita af því að hlerun hafi farið fram. Víða erlendis tíðkast að skipa sérstakan réttargæslumann sem fylgist með því að lögreglan láti hlutaðeigandi vita ef hlerun hefur átt sér stað.


Engin skólagjöld og allir velkomnir!

Stjórnmálaskóli Samfylkingarinnar
Hafnarfirði 4.- 5. apríl 2008

Föstudagurinn 4. apríl 2008 // milli klukkan 19 og 22

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir setur skólann // Guðmundur Steingrímsson – Jafnaðarstefnan: Íslendingar eru jafnaðarmenn // Lúðvík Geirsson – Jafnaðarundrið Hafnarfjörður // Heiða Björg Pálmadóttir – Þetta er allt saman pólitík: Mitt eða þitt lýðræði? // Flosi Eiríksson – Hvað sem er fyrir málstaðinn: Félagsstarf og fundarsköp

Laugardagurinn 5. apríl 2008 // milli klukkan 12 og 16:30

Oddný Sturludóttir – Greinargerð um greinargóð greinaskrif // Ágúst Ólafur – Efnahagsumræðan: Hvað þýða hugtökin og hver er staðan? // Amal Tamimi – Þátttaka innflytjenda í íslenskum stjórnmálum og samfélagi // Árni Páll – Evrópusambandið: Og hvað nú? // Helga Vala - Verkfærataskan: Ræðumennska og fjölmiðlar // Lokahóf stjórnmálaskólans á Aroma kaffi í Firðinum

Skráning í stjórnmálaskólann
- sími 414-2210, 664-6633
- netfangið uj@samfylking.is
Skráningu lýkur fimmtudaginn
3. apríl 2008

Nánari upplýsingar á
www.politik.is

Ungir jafnaðarmenn - Hallveigarstíg 1 - 101 Reykjavík

Skólinn verður haldinn í húsnæði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að Strandgötu 43


Fimm manns er enn saknað eftir að fjölbýlishús hrundi í Álasundi í Noregi:

# Gasleki hindrar björgunarstarf

**NOREGUR, AP** Hættan á gassprengingu í fjölbýlishúsinu sem hrundi í Álasundi á miðvikudag kom í gær í veg fyrir að björgunarsveit gæti freistað þess að finna þá fimm íbúa sem enn er saknað í rústunum.

Jarðfræðingar sögðu að allt að 6.500 rúmmetrar af grjóti hefðu skollið á húsinu snemma morguns á miðvikudaginn, eftir að hafa losnað úr klettabelti í hlíðinni fyrir ofan það. Neðri hæðir hins sex hæða húss hrundu og efri hæðirnar færðust fram um sjö metra.

Á blaðamannafundi í gær sagði héraðslögreglustjórinn Arne Karoliussen að enn væri of áhættusamt að senda björgunarfólk inn í rústirnar til að leita hinna fimm sem saknað er. Bíða yrði þess að própangasið, sem var geymt í stórum tanki í húsinu, brynni upp, og að tryggt væri að frekara hrun yrði ekki í rústunum. Gasið væri enn að brenna og byggingin óstöðug.

Karoliussen sagði að íbúum nærliggjandi húsa, sem gert var að yfirgefa þau, yrði ekki hleypt aftur heim til sín að sinni. Óljóst væri hvenær af því gæti orðið. **- aa**



**GASELDUR** Reykjarmökkur stígur upp af leifum fjölbýlishússins í Álasundi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Vorsprung durch Technik www.audi.is
Við frumsýnum nýjan Audi A4.
Komdu og skoðaðu hann í dag og á morgun.
Audi
Nú um helgina frumsýnum við nýjan glæsilegan Audi A4. Komdu í sýningarsal
Audi í HEKLU á Laugavegi og kynntu þér umtalaðasta bíl heims um þessar mundir.
Opið föstudag 10–18 og laugardag 10–16.
Audi A4 – ljósárum á undan
Audi

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað boðaði byggingarnefndin sem hafði eftirlit með framkvæmdum við Laugardalsvöll til margra funda meðan á framkvæmdum stóð?

2 Fyrir hvað hefur kaþólskur maður kært prest Þjóðkirkjunnar til lögreglunnar?

3 Hvaða ljósmyndari opnar sýningu í húsi Orkuveitunnar á laugardag?

SVÖR ERU Á SÍÐU 54

Valinn hópur erlendra fréttamanna fékk að fara í skipulagða heimsókn til Lhasa í Tíbet í gær:

# Munkar hrópuðu „Tíbet er ekki frjálst“

**KÍNA, AP** Hópur tíbetskra búddamunka hrópaði ýmis baráttuorð að erlendum fréttamönnum, sem kínversk yfirvöld fóru með í þaulskipulagða ferð til Lhasa í gær. Þessi truflun á fyrir fram ákveðinni dagskrá heimsóknarinnar var neyðarleg fyrir Kínastjórn, sem með henni var að reyna að sýna og sanna að allt væri með kyrrum kjörum í tíbetsku höfuðborginni eftir átökin þar að undanförnu.

„Tíbet er ekki frjálst, Tíbet er ekki frjálst!“ hrópaði ungur munkur sem var í um þrjátíu munka hópi sem varð á vegi fréttamannanna er farið var með þá í sýningarferð um Jokhang-hofið í Lhasa, en það er eitt helgasta hof Tíbeta.

Munkarnir kölluðu einnig að andlegur leiðtogi þeirra, Dalai Lama, hefði ekki haft neitt með and-kínversku óeirðirnar að gera sem brutust út í Lhasa fyrr í mánuðinum. Talsmenn Kínastjórnar hafa ítrekað sagt „Dalai-klíkuna“ eins og þeir tíðka að kalla útlagastjórn Dalai Lama, bera ábyrgð á upptökum uppþotanna.

Munkarnir, sem fyrst töluðu á tíbetsku en skiptu svo yfir í mandarín-kínversku til þess að fréttamennirnir skildu þá, sögðust vita að þeir yrðu handteknir fyrir vikið en væru tilbúnir að una því.

Kínverska utanríkisráðuneytið varaði í gær ráðherra Evrópusambandsins við því að senda einhver „óráðleg skilaboð“ til Dalai Lama, en utanríkisráðherrar ESB-ríkjanna tuttugu og sjö koma saman í dag til tveggja daga fundar í Slóveníu. - aa



**BRAST Í GRÁT** Tíbetskur munkur sem brast í grát er honum gafst færi á að ávarpa erlenda fréttamenn í búddahofi í Lhasa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SELJAHLÍÐ** Eftir breytingar verða 64 þjónustuíbúðir í Seljahlíð.

Breytingar gerðar á Seljahlíð:

## Sjúkrarýmum breytt í íbúðir

**FÉLAGSMÁL** Breyta á 22 hjúkrunarrýmum á Seljahlíð í þjónustuíbúðir. Eftir breytingarnar verða þar 64 þjónustuíbúðir með rýmum fyrir 72 íbúa. Þeir sem þurfa munu fá nauðsynlega hjúkrun í íbúðunum en ekki á sérstakri deild.

Velferðarráð samþykkti á fundi á dögunum að fara í formlegar viðræður við ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála um þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar við breytingarnar. - bþs

Gengislækkun og verðhækkun:

# Gætum misst gott fólk úr landi

**EFNAHAGSMÁL** Samdráttur í efnahagslífinu gerir atvinnurekendum kleift að gera meiri kröfur til þess fólks sem það ræður til starfa. „Hin hliðin á peningnum er þó sú að hér hafa starfsmenn sem eru að leggja fyrir í heimalandi sínu verið að lækka í launum um tuttugu til þrjátíu prósent vegna gengislækkunar krónunnar og verðhækkanir eru svo hér á landi í ofanálag,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.

Hann bendir á að atvinnuástand í Póllandi hafi farið batnandi og þar sé nú mikill uppgangur. „Fyrirtæki eru að reyna að velja meira úr og taka ekki næsta mann. Það er í raun eðlilegra ástand en verið hefur en það er spurning hvað íslensk fyrirtæki gera ef þau missa góða starfsmenn úr landi,“ segir hann. - kdk



**EINAR SKÚLASON** Segir að spurning sé hvað íslensk fyrirtæki geri ef góðir starfsmenn fari úr landi.



**BÖRN AÐ LEIK** Efnahagsþrengingar sem látið hafa á sér kræla í atvinnulífinu virðast hafa þau áhrif að fólk sæki í auknum mæli í öryggið og aðra kosti sem umönnunarstörfin bjóða upp á.






# Betur gengur að ráða í leikskólastörf

**Aðeins vantar í 60 stöðugildi hjá leikskólum Reykjavíkur miðað við tæp tvö hundruð á haustmánuðum. Erfiðara reynist fyrir útlendinga að fá vinnu og segir starfsmannastjóri þann markað vera mettan.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Mun meiri ásókn er í umönnunarstörf nú en oft áður og segja viðmælendur Fréttablaðsins að ástandið í efnahagslífinu hafi mikil áhrif þar á. Síðastliðið haust vantaði í tæp tvö hundruð stöðugildi á leikskólum Reykjavíkurborgar en nú vantar einungis í sextíu stöðugildi. „Þetta hefur verið að gerast á síðustu vikum en í janúar vantaði okkur enn í um 130 stöðugildi,“ segir Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. „Við höfum orðið vör við aukinn áhuga á síðkastið þannig að ég tel að við eigum eftir að fá mikið af fólki til okkar á næstunni.“

Lucía Lund, starfsmannastjóri á Hrafnistu, segir að nú vanti í fjórtán stöðugildi á heimilum Hrafnistu en það sé aðeins helmingur af því sem á skorti í byrjun ársins. „Við erum núna að fá fleiri umsóknir frá sjúkraliðum og öðru fólki sem virkilega hefur áhuga á að starfa við þetta og við getum því farið að vanda okkur betur við mannavalið,“ segir hún.

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, segir að mun fleiri Íslendingar sækist nú eftir störfum þar en áður.

Helga J. Karlsdóttir, starfsmannastjóri á Elliheimilinu Grund, segir það áberandi að nú þurfi að vísa mun fleiri umsóknum frá útlendingum frá. „Áður voru venjulega laus fyrir þá störf þar sem íslenskukunnáttu er ekki krafist eins og við ræstingar en þegar þeir voru komnir með nægilega kunnáttu gátu þeir hafið störf við umönnun,“ segir hún. „Nú er svo komið að það er ekkert pláss fyrir þá sem ekki hafa nægilega íslenskukunnáttu til að sinna umönnunarstörfum.“ Hún segir einnig að starfsmannavelta meðal útlendinga sé mun minni en áður. „Það er eins og þessi markaður sé orðinn mettur,“ bætir hún við.

jse@frettabladid.is

> Við höfum orðið vör við aukinn áhuga upp á síðkastið þannig að ég tel að við eigum eftir að fá mikið af fólki til okkar á næstunni.
>
> **INGUNN GÍSLADÓTTIR**
> STARFSMANNASTJÓRI LEIKSKÓLASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR



**INGUNN GÍSLADÓTTIR**



**SIGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

BMW 3 Series Sedan,
BMW 3 Series Touring, BMW M3 Coup ,
BMW 3 Series Coup , BMW 3 Series Convertible
4-cylinder in-line petrol engine, 4-cylinder in-line diesel engine,
6-cylinder in-line diesel engine, 6-cylinder in-line petrol engine
six-speed manual gearbox, six-speed automatic transmission with Steptronic
M sports suspension
xDrive all-wheel drive, Active Steering, High-beam assistant
Park Distance Control, Xenon headlight for low and high beam including
four parking light rings, Adaptive Headlights,
Light alloy wheels double spoke style, Light alloy wheels star spoke style,
Light alloy wheels radial spoke style, Light alloy wheels ellipsoid spoke style,
Leather sports steering wheel,
Active Cruise Control, Navigation system Business, Navigation system Professional,
Automatic air conditioning, Auxiliary heating,
HiFi System Professional LOGIC7, HiFi loudspeaker system, Radio BMW
Climate comfort windscreen, Preparation for mobile phone with Bluetooth interface, BMW Assist, BMW Online,
MD Drive, DAB-Tuner, USB/audio interface, Glass sliding/vent roof, Comfort package, Exterior mirrors package, Innovations pack-
Seat heating, Sports seat, , High-gloss Satin Chrome, Advantage package, M sports package, Ski bag, Metallic paint
Ski bag, Luggage compartment package, Foot mats in velour, Headliner in Anthracite
Interior trim Burr Walnut wood trim, Interior trim Poplar Grain
Upholstery Dakota leather, Interior trim Brushed Aluminium/fine grain, BMW Assist, BMW Online, MD Drive, Ski bag,
Upholstery Cloth/leather combination, BMW Assist,
six-speed manual gearbox,

# BMW 3 línan.
# Margir valkostir.
# Einfalt val.




## BMW 3 línan.

Áttu erfitt með að taka ákvarðanir? Kostirnir í stöðunni eru jafn margir og þeir eru áhugaverðir. Margar mismunandi gerðir, ólíkar vélarstærðir og margs konar búnaður allt eftir því hvað hentar þér. Þá eru ótaldir þeir fjölmörgu aukahlutir sem standa til boða ásamt ótal litum og ólíku efnisvali. En auðveldasta ákvörðunin er jafnframt sú fyrsta sem þú tekur, að velja BMW 3-línuna. Komdu í heimsókn til okkar að Grjóthálsi 1 og upplifðu t.d. BMW 3-series Exclusive og Sport línuna af eigin raun!

**BMW 3 lína Exclusive**
Málmlakk, 17“ álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðastýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós og Professional útvarp.

**BMW 3 lína Sport**
Málmlakk, 17“ M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, állistar í innréttingu, sportsæti, M-vindkljúfasett, M-sportfjöðrun, Satin Chrome gluggalistar, Alcantara innrétting og svört loftklæðning.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Með bílinn handa þér



**DAGUR HERSINS** Than Shwe, æðsti maður hershöfðingjastjórnarinnar í Búrma, heilsar hermönnum og öðrum viðstöddum á hátíð í tilefni af „Degi hersins“ í borginni Naypyitaw. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sala stjórnarmanna SPRON á bréfum áður en félagið var skráð á markað:

# Stjórn SPRON ekki tjáð sig

**VIÐSKIPTI** Stjórn SPRON var ekki tilbúin að tjá sig um álit Fjármálaeftirlitsins (FME) á því hvort stjórnarmönnum hefði verið heimilt að segja frá því að þeir hefðu selt stofnfjárbréf fyrir rúmlega 196 milljónir að nafnvirði. Jóna Ann Pétursdóttir, almennatengslafulltrúi SPRON, sagði í tölvubréfi til Fréttablaðsins í gær að stjórnin myndi vonandi fljótlega geta tjáð sig um álit FME.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær telur FME að stjórnarmönnunum Ásgeiri Baldurs, Gunnari Þór Gíslasyni og Hildi Petersen hafi verið heimilt að upplýsa um sölu á stofnfjárbréfum, skömmu áður en SPRON var skráð á markað. Það er andstætt fullyrðingu stjórnar SPRON í fréttatilkynningu 7. febrúar en þar sagði hún FME ekki hafa heimilað að segja frá sölunni. Virði stofnfjárbréfanna að raunvirði þegar þau voru seld var tveir til þrír milljarðar.

Gunnar Þór seldi megnið af bréfunum, fyrir rúmlega 187 milljónir að nafnvirði. Í viðtali við Fréttablaðið hefur hann greint frá því að salan á bréfunum hafi farið fram eftir að regluvörður SPRON gaf til þess heimild þar sem salan var ekki talin vera brot á lögum um innherjaviðskipti. Hildur og Gunnar Þór eru hætt í stjórninni. Hildur var stjórnarformaður en Erlendur Hjaltason gegnir nú þeirri stöðu. Rannveig Rist og Margrét Guðmundsdóttir tóku sæti Hildar og Gunnars Þórs í stjórninni. - mh



**AÐALFUNDUR** Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, Hildur Petersen, fyrrverandi stjórnarformaður, og Erlendur Hjaltason, núverandi stjórnarformaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Atvinnuástand eðlilegt:

# Fólk megi ekki fyllast vonleysi

**ATVINNUMÁL** „Það er eins og margir sem til okkar leita haldi að það sé vonlaust að finna vinnu um þessar mundir en sú er alls ekki raunin,“ segir María Jónasdóttir, framkvæmdastjóri Ráðningarþjónustunnar. Hún segir að í sínum huga sé ástandið að komast í eðlilegt horf.

„Staðan hefur einfaldlega verið sú að atvinnurekendur hafa þurft að ráða allt það starfsfólk sem til þess leitar nær samdægurs. Fyrirtæki þarfnast enn fólks í fjölmörg störf. Það getur tekið um það bil tvær vikur að finna starf og starfsfólk við hæfi en það hlýtur að teljast eðlilegt.“ - kdk











**SAMSTAÐA** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, fyrir utan Downing-stræti 10 í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fransk-breskt samstarf eflt

**Leiðtogar Frakklands og Bretlands sömdu um eflt samstarf landanna á ýmsum sviðum á fundi í Lundúnum. Frakklandsforseti segist áskilja sér rétt til að sniðganga opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Peking.**

**BRETLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti lauk tveggja daga opinberri heimsókn sinni til Bretlands í gær með því að heita því að hann myndi ráðfæra sig við aðra evrópska ráðamenn áður en hann tæki ákvörðun um það hvort hann sniðgengi opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Peking í sumar til að mótmæla því hvernig kínversk stjórnvöld hafa tekið á uppþotum í Tíbet.

Sarkozy sagði að þar sem Frakkar myndu gegna formennskunni í Evrópusambandinu á þessum tíma, í ágúst næstkomandi, myndi hann ráðfæra sig við leiðtoga hinna ESB-ríkjanna.

Breski forsætisráðherrann Gordon Brown sagði að Bretar myndu ekki sniðganga leikana í Peking. Sarkozy sagði, standandi við hlið Browns á fundarstað þeirra á knattspyrnuleikvangi í Lundúnum, að þar sem Bretar myndu halda Ólympíuleikana árið 2012 væri eðlilegt að þeir tækju fullan þátt í öllum athöfnum í kringum leikana í Peking. Hann áskildi sér aftur á móti rétt til að ákveða hvort hann sniðgengi opnunarhátíðina eður ei. „Það hefur fengið mjög á okkur að sjá hvað er að gerast í Tíbet,“ sagði hann.

Í fylgd með Sarkozy voru nokkrir ráðherrar úr frönsku stjórninni og skrifað var undir nokkra samninga um franskbreskt samstarf. Einn þeirra snýr að hernaðarsamstarfi, annar að breytingum á öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sá þriðji að stuðningi við menntun í Afríkulöndum. Þá hyggjast ríkin tvö taka höndum saman um að styðja við útbreiðslu kjarnorkutækni til raforkuframleiðslu í heiminum en jafnframt beita sér gegn útbreiðslu tækni sem nýta má til kjarnorkuvígvæðingar. Er þetta gert í nafni aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Franski forsetinn vísaði á bug aðdróttunum sem fram hafa komið í fjölmiðlum um að í heimsókn hans hafi meira borið á smjaðri en handföstu innihaldi.

„Við trúum því að með öflugra samstarfi geti Frakkland og Bretland verið enn áhrifameira afl til góðs,“ sagði Brown á blaðamannafundi. audunn@frettabladid.is

VIKA 8

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Rachid Benguella:

### PÁSKAR MEÐ SAMSTARFSFÓLKI



„Á fimmtudaginn var ég að vinna fram til klukkan fjögur en fór svo með samstarfsfólki mínu út að borða. Við fórum á Rúbín. Það var frábært og við skemmtum okkur vel. Við fögnum fæðingu spámannsins um þetta leyti. Venjulega hittist þá fjölskyldan og borðar saman en fjölskylda mín er í Marokkó og konan mín er erlendis. Í fyrra var ég með fjölskyldu konunnar minnar. Við fengum páskaegg og þess háttar svo ég hef upplifað þessa íslensku páska.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### MÁLSHÁTTURINN ER ÞAÐ BESTA



„Íslenskir páskar virðast að mestu snúast um súkkulaði. Öll páskaeggin eru eins. Þau eru gerð úr undarlegu sætu og vaxkenndu íslensku súkkulaði og full af skrítnu sælgæti. Það besta við þau er málshættirnir. Eini munurinn á eggjunum, fyrir utan skreytingarnar, er að þau má fá í mismunandi stærðum. Ég get mér þess til að það hafi eitthvað að gera með félagsstöðu þess sem á eggið. Það er, því stærra egg, því meira elska foreldrar börn sín. Eða því stærra egg, því meira ertu metinn í vinnunni.“

Algirdas Slapikas:

### STOPPA VITLEYSUNA



Ofbeldisverkin sem framin voru í Breiðholti þegar ráðist var inn í heimahús og látið til skarar skríða með vopnum eru Algirdas ofarlega í huga. „Það verður að stöðva svona vitleysu með öllum tiltækum ráðum. Vissulega verður þetta til þess að sverta ímynd Pólverja hér á landi en það er líka mikilvægt fyrir fólk að hafa það í huga að það er fámennur hópur sem gerir svona og engin ástæða til að dæma alla landa þeirra.“

En sjálfur hefur hann í nógu að snúast. Eftir gott páskafrí er hann kominn á fullt aftur í vinnu og tölvunámið. Svo leikur hann fótbolta tvisvar í viku.

Filipe Figueiredo:

### ALLT VIÐ ÞAÐ SAMA



„Nú er það bara gamli góði hversdagsleikinn eftir gott páskafrí með kærustunni,“ segir Filipe. „Hún var hérna yfir páskana og við fórum til Reykjavíkur og höfðum það gott. Henni þótti allt saman afar frábrugðið því sem hún á að venjast en hafði gaman af öllu. Við fórum til dæmis í sund og hafði hún aldrei farið í sundlaug undir berum himni.

En nú er hún farin, einnig góðviðrið sem var yfir páskana, Aldrei fór ég suður og svo skíðavikan afstaðin svo allt er komið í sinn gamla farveg. Mér er svo sem alveg sama þó að kuldaboli sé aftur farinn að bíta, ég er hvort sem er að fara til Portúgals í sumar.“

Repúblikaninn McCain heitir breyttri utanríkisstefnu komist hann í Hvíta húsið:

# Vill að hlustað sé á bandamenn

**BANDARÍKIN, AP** John McCain, verðandi forsetaframbjóðandi repúblikana, hefur dregið skýr skil milli utanríkisstefnu sinnar og þeirrar sem ríkisstjórn George W. Bush hefur fylgt.

Í ræðu á fjáröflunarfundi í Los Angeles í gær sagði McCain að Bandaríkjamenn yrðu að hætta að hundsa bandamenn sína, og leitast við að vera „góður og áreiðanlegur vinur“. Með þessu var McCain að bregðast við því sem fram hefur komið í viðhorfskönnunum um að hann sé talinn munu halda áfram að framfylgja óvinsælli stefnu flokksbróður síns Bush.

„Hinn mikli máttur okkar þýðir ekki að við getum gert hvað sem okkur sýnist hvenær sem okkur sýnist, og við ættum heldur ekki að gera ráð fyrir því að við búum yfir allri þeirri þekkingu og innsæi sem þarf til að ná árangri,“ sagði McCain, sem er nýkominn úr ferð til Mið-Austurlanda og Evrópu. „Við verðum að hlusta á viðhorf og virða sameiginlegan vilja lýðræðislegra bandamanna okkar,“ sagði hann.

McCain telur þó ábyrgðarlaust að kalla bandaríska herliðið fljótt heim frá Írak eins og mótherjar hans í Demókrataflokknum, Hillary Clinton og Barack Obama, hafa boðað að gera skuli. - aa



**JOHN MCCAIN** Vill skapa fjarlægð á óvinsæla stefnu flokksbróður síns Bush. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is
KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU



**VERÐLAUNAKÓR** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, samfagnar Gospelkór Soweto í tilefni af öðrum Grammy-verðlaunum kórsins í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr forsætisráðherra Ástralíu breytir áherslum í utanríkisstefnu landsins:

# Minni fylgispekt við Bandaríkin

**ÁSTRALÍA, AP** Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, hélt í gær í fyrstu heimsókn sína til Bandaríkjanna og fleiri landa, fjórum mánuðum eftir að hann tók við völdum af hinum þaulsætna John Howard.

Í farteskinu hefur Rudd áform um að láta meira að Ástralíu kveða á alþjóðavettvangi, og miklar áherslubreytingar í utanríkisstefnunni. Hann mun til að mynda staðfesta það við George W. Bush Bandaríkjaforseta að áströlsku hermennirnir 550, sem enn eru á vettvangi í Írak, verði kallaðir heim.

Rudd mun því næst eiga viðræður við Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, áður en hann mætir sem áheyrnarfulltrúi á leiðtogafund NATO í Búkarest í Rúmeníu. Á þeim fundi mun hann ítreka kröfu Ástrala um aukna aðkomu að stefnumótun fyrir fjölþjóðlega gæsluliðið í Afganistan og hvetja hina evrópsku bandamenn til að fjölga hermönnum í liðinu.

Meðal annarra viðkomustaða í 17 daga langri ferð Rudds eru Lundúnir, Brussel og Peking. - aa



**KEVIN RUDD** Í 17 daga ferð umhverfis hnöttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgin kaupir Kleifarsel 18:

# Kaupir hús undir skólastarf

**BORGARMÁL** Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að kaupa húsið að Kleifarseli 18 í Breiðholti. Húsið á meðal annars að nota undir frístundaheimili og starfsemi heilsdagsskóla fyrir fötluð börn.

Í tilkynningu frá borgaryfirvöldum segir að í húsinu hafi verið íbúðar- og verslunarhúsnæði og áform hafi verið uppi um að breyta því alfarið í íbúðarhúsnæði. Íbúar mótmæltu því.

„Með því að nýta húsið í þágu skólastarfs vill borgin koma til móts við íbúana og efla þjónustu við börn og foreldra í hverfinu,“ segir í tilkynningu. - kh

Norsku Abel-verðlaunin:

# Stærðfræðingar verðlaunaðir

**NOREGUR, AP Tveir stærðfræðingar, John Griggs Thompson frá Bandaríkjunum og Jacques Tits frá Belgíu, fengu í gær hin virtu Abel-verðlaun fyrir framlag sitt til grúpufræði, sem er undirgrein algebru.**



**JACQUES TITS**

**Thompson er 75 ára og kennir við Háskólann í Flórída en Tits er 77 ára og er prófessor á eftirlaunum við College de France í París.**

**Abel-verðlaunin eru veitt af norsku ríkisstjórninni og nefnd í höfuðið á norska stærðfræðingnum Niels Henrik Abel.**

**Þau voru fyrst veitt árið 2003.** - gb

Bæjarstjórnir Hveragerðisbæjar og Árborgar sækja um sérleyfi:

# Strætisvagnaferðir austur fyrir fjall

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórnir Hveragerðisbæjar og Árborgar hafa komið sér saman um að sækja sameiginlega um einkaleyfi á milli Árborgar, Hveragerðis og Reykjavíkur með það fyrir augum að hefja strætisvagnaferðir.

Þingvallaleið er nú sérleyfishafi á þessari leið en leyfið rennur út um næstu áramót. „Það hafa átt sér stað þreifingar við Strætó og þar hefur þessu verið tekið af jákvæðni svo nú erum við að reikna dæmið og sjá hver kostnaðurinn verður,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Nú eru farnar sex ferðir til Hveragerðis frá Reykjavík og kostar farið þúsund krónur. Aldís segir að miðað við hugmyndir þeirra yrðu farnar átta til níu ferðir á dag og fargjaldið yrði mun ódýrara. „Þetta hefur verið baráttumál hjá okkur lengi enda er það krafa íbúanna að samgöngur séu góðar hér á milli,“ segir hún. Íbúum hefur fjölgað um nær fimm hundruð frá aldamótum og segir Aldís að verulegur fjöldi þeirra sé fólk af höfuðborgarsvæðinu sem kjósi að búa í litlu sveitarfélagi en í nágrenni við borgina. „Við segjum það oft að hér höfum við alla kosti borgarinnar en erum laus við ókosti hennar. Hér geta krakkarnir gengið sjálfir úr og í skóla en að sama skapi eru kostir borgarinnar innan seilingar.“ - jse



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**




**Í VAGNINN** Ef áætlanir sveitarfélaganna ganga eftir verður hægt að taka strætisvagn frá Reykjavík og austur fyrir fjall á næsta ári.


GÆÐAÁRGANGAR 2004-2006

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR




Við eigum gott úrval Pajero jeppa af árgerðum 2004 og 2006. Þeir eru allir í toppstandi, á frábæru verði og til í ótal útfærslum. Dráttarbeisli fylgir öllum bílum.

Komdu í Bílaþing og skoðaðu alvöru jeppa sem eru rétt að hefja langt og skemmtilegt líf.

**Ekki missa af Pajero!**

MITSUBISHI MOTORS | HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Klettháls 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum




Í vörulista Odda kynnum við tilbúnar vörur með dæmum og birtum verðskrána. Þannig tryggjum við gagnsæi í starfsemi, þjónustu og verði hjá Odda.
Ákvarðanataka verður einfaldari og auðveldari og þú þarft ekki að bíða eftir útreikningi.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

ÍSLENSKA SIA.IS ODD 41330 03/08

INGVAR HELGASON

bíla land B&L

STÓRÚTSALA BÍLALANDS B&L OG NOTAÐ

# MEIRI AFSLÁTTU

-910.000 KR.



**HYUNDAI TUCSON**
Ekinn 23 þús. ssk. Nýskr. 10/05
Verð áður 2.900.000.
**1.990.000 KR.**

-470.000 KR.



**RENAULT TRAFIC DIESEL**
Ekinn 107 þús. ssk. Nýskr. 03/06
Verð áður 3.250.000.
**2.780.000 KR.**

-1.070.000 KR.



**SAAB 9-7X**
Ekinn 6 þús. ssk. Nýskr. 06/06
Verð áður 5.350.000 kr.
**4.280.000 KR.**

-1.010.000 KR.



**NISSAN PATHFINDER**
Ekinn 33 þús. ssk. Nýskr. 06/06
Verð áður 5.050.000 kr.
**4.040.000 KR.**

-990.000 KR.



**RENAULT SCENIC II**
Ekinn 272 þús. ssk. Nýskr. 06/04
Verð áður 1.770.000 kr.
**780.000 KR.**

-440.000 KR.



**RENAULT MEGANE II**
Ekinn 61 þús. bsk. Nýskr. 05/05
Verð áður 1.720.000 kr.
**1.280.000 KR.**

-1.200.000 KR.



**TOYOTA LAND CRUISER**
Ekinn 105 þús. ssk. Nýskr. 11/01
Verð áður 3.350.000 kr.
**2.150.000 KR.**

-970.000 KR.



**BMW 118i**
Ekinn 18 þús. ssk. Nýskr. 03/07
Verð áður 3.890.000.
**2.920.000 KR.**

-770.000 KR.



**SUZUKI GRAND VITARA XL-7**
Ekinn 43 þús. ssk. Nýskr. 05/06
Verð áður 2.620.000 kr.
**1.850.000 KR.**

-560.000 KR.



**RENAULT MEGANE II**
Ekinn 47 þús. ssk. Nýskr. 09/04
Verð áður 1.610.000 kr.
**1.050.000 KR.**

-280.000 KR.



**SUBARU B9 TRIBECA 3.0**
Ekinn 7 þús. ssk. Nýskr. 11/06
Verð áður 4.470.000 kr.
**4.190.000 KR.**

-1.000.000 KR.



**NISSAN MURANO 3.5 V6**
Ekinn 46 þús. ssk. Nýskr. 06/05
Verð áður 5.290.000 kr.
**4.290.000 KR.**

-410.000 KR.



**TOYOTA RAV4**
Ekinn 134 þús. ssk. Nýskr. 03/01
Verð áður 1.530.000 kr.
**1.120.000 KR.**

-940.000 KR.



**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 83 þús. ssk. Nýskr. 10/02
Verð áður 2.030.000 kr.
**1.090.000 KR.**

-630.000 KR.



**HYUNDAI TRAJET**
Ekinn 70 þús. bsk. Nýskr. 02/05
Verð áður 1.780.000 kr.
**1.150.000 KR.**

-630.000 KR.



**RENAULT LAGUNA II**
Ekinn 65 þús. ssk. Nýskr 05/03
Verð áður 1.990.000 kr.
**1.360.000 KR.**

-350.000 KR.



**TOYOTA AVENSIS**
Ekinn 99 þús. bsk. Nýskr. 03/03
Verð áður 1.180.000 kr.
**830.000 KR.**

**OPIÐ: 9 - 18 Í DAG, 12 - 16 LAUGARDAG.**
ATHUGIÐ AÐ ÚTSÖLUBÍLAR ERU TIL SÝNIS BÆÐI AÐ GRJÓTHÁLSI 1 OG SÆVARHÖFÐA 2.

Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM32865

RA BÍLA INGVARS HELGASONAR, Á SÆVARHÖFÐA OG GRJÓTHÁLSI

# R – FLEIRI BÍLAR!

Útsala Bílalands B&L og Notaðra bíla Ingvars Helgasonar slær öll met! Á tveimur dögum hafa 200 bílar selst og til þess að mæta frábærum viðtökum bætum við nú fleiri bílum á útsöluna. Til þess að toppa allt saman aukum við svo afsláttinn enn frekar! Þetta er einfalt, það bjóðast ekki betri kjör en hjá okkur. Komdu strax!

**Opið til 18.00**

**-400.000 KR.**



**FORD FOCUS**
Ekinn 67 þús. bsk. Nýskr. 09/04
Verð áður 1.290.000 kr.
**890.000 KR.**

**-200.000 KR.**



**NISSAN PATROL 3.0 ELEGANCE 35"**
Ekinn 41 þús. ssk. Nýskr. 11/05
Verð áður 4.890.000 kr.
**4.690.000 KR.**

**-980.000 KR.**



**MITSUBISHI PAJERO GLS**
Ekinn 56 þús. ssk. Nýskr. 06/06
Verð áður 4.450.000 kr.
**3.470.000 KR.**

**-970.000 KR.**



**CHEVROLET TRAILBLAZER**
Ekinn 60 þús. ssk. Nýskr. 08/04
Verð áður 3.890.000 kr.
**2.920.000 KR.**

**-200.000 KR.**



**HONDA ACCORD TOURER**
Ekinn 15 þús. ssk. Nýskr. 12/06
Verð áður 2.790.000 kr.
**2.590.000 KR.**

**-600.000 KR.**



**FORD ESCAPE**
Ekinn 41 þús. ssk. Nýskr. 04/04
Verð áður 1.990.000 kr.
**1.390.000 KR.**

**-460.000 KR.**



**OPEL ZAFIRA**
Ekinn 85 þús. bs. Nýskr. 09/03
Verð áður 1.350.000 kr.
**890.000 KR**

**-70A0.000**



**HYUNDAI TRAJET**
Ekinn 83 þús. ssk. Nýskr. 01/06
Verð áður 2.290.000 kr.
**1.590.000 KR.**

**-570.000 KR.**



**NISSAN X-TRAIL ELEGANCE**
Ekinn 18 þús. ssk. Nýskr. 04/07
Verð áður 3.760.000 kr.
**3.190.000 KR.**

**-270.000 KR.**



**TOYOTA AVENSIS**
Ekinn 121 þús. ssk. Nýskr. 05/02
Verð áður 1.050.000 kr.
**780.000 KR.**

**-830.000 KR.**



**MITSUBISHI L200**
Ekinn 23 þús. bs. Nýskr 06/07
Verð áður 3.350.000 kr.
**2.520.000 KR.**

**-370.000 KR.**



**MITSUBISHI PAJERO SPORT**
Ekinn 58 þús. bs. Nýskr. 02/05
Verð áður 2.690.000 kr.
**1.950.000 KR.**

**INGVAR HELGASON** SÆVARHÖFÐA 2 | 525 8000 | www.ih.is
**BÍLALAND B&L** GRJÓTHÁLSI 1 | 575 1230 | www.bilaland.is

IH INGVAR HELGASON

bíla land B&L

## „ORÐRÉTT“

### *Hvor hefur betra þol?*

**„Halda þeir að ég gefist upp?“**

ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON, RITSTJÓRI VISIR.IS, UM AÐGERÐIR ÞÓRHALLS GUNNARSSONAR, DAGSKRÁRSTJÓRA SJÓNVARPS HJÁ RÚV, OG LÖGMANNS HANS TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ LAUN ÞÓRHALLS VERÐI GERÐ OPINBER.

**FRÉTTABLAÐIÐ 27. MARS**

### *Þensla í skólamálum*

**„Nú þegar eru komnar fleiri umsóknir hjá okkur en voru komnar á sama tíma í fyrra.“**

ÁGÚST EINARSSON, REKTOR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST, EN SVO VIRÐIST SEM KREPPUTALIÐ HVETJI FÓLK TIL NÁMS.

**24 stundir 27. mars.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ARI KRISTINSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

# *Duggholufólkið gerir víðreist*



„Ég er að fara með myndina mína Duggholufólkið á kvikmyndahátíðir, hún verður á fjórum kvikmyndahátíðum núna í apríl. Myndin verður á opnunarhátíð barnamynda í Stokkhólmi og Kristiansand. Einnig fer hún á barnakvikmyndahátíðir í Taívan og Toronto,“ segir Ari Kristinsson kvikmyndagerðarmaður. Á ensku heitir myndin No Network. Myndin, sem gerð var í fyrra, fjallar um Kalla, tólf ára strák sem alinn er upp af einstæðri móður í úthverfi Reykjavíkur. Hann eyðir mestum tíma sínum í netheimum, í tölvunni og við sjónvarpið. Þegar Kalli er sendur vestur á firði til að eyða jólunum með föður sínum breytast sýndarævintýri netheima í alvöru ævintýri.

Sýndarheimar Kalla eru ekki bara á skjánum eða í sveitinni því alls staðar eru verur á reiki sem erfitt er að festa hönd á. Mjög vel hefur gengið að selja myndina erlendis, að sögn Ara, sem hlakkar mikið til að fylgja mynd sinni eftir á kvikmyndahátíðum. Fram undan hjá Ara er að framleiða litla barnamynd fyrir sjónvarpið sem verður stuttmynd eða um fimmtán mínútur að lengd. „Ég er líka að fara með No Network á hátíðir í sumar og síðan ætla ég að hefja undirbúning að handritum að lengri myndum,“ segir Ari um verkefnin sem eru fram undan. Fjölskyldufyrirtæki Ara, Taka.is, hefur unnið að þróun kvikmynda og var Duggholufólkið fyrsta frumsýnda verk þess.

## TÍBET
### HERNUMIÐ Í HÁLFA ÖLD

■ Kínverski herinn réðst inn í Tíbet árið 1950 og árið eftir innlimuðu kínversk stjórnvöld landið formlega í Kína. Tíbetbúar hafa þó aldrei viðurkennt hernámið og útlagastjórn hefur verið starfandi allar götur síðan á Indlandi. Leiðtogi útlagastjórnarinnar er Dalai Lama. Kínversk stjórnvöld segja að 2,4 milljónir Tíbeta búi í „sjálfstjórnarhéraðinu Tíbet“, en alls búi meira en fimm milljónir Tíbeta í Kína, bæði í héraðinu sjálfu og nágrannahéruðum. Tíbetar hafa síðustu vikur hert mjög mótmæli sín gegn Kína í tilefni af Ólympíuleikunum, sem Kínverjar halda í sumar.



Sumartími:

## Betri nýting dagsljóssins

Aðfaranótt sunnudagsins 30. mars verður klukkunni flýtt um eina klukkustund í þeim löndum á norðurhveli sem hafa hefð fyrir því að nota sumartíma. Það er gert til að lengur sé bjart á kvöldin að sumarlagi.

Englendingurinn William Willett hóf árið 1907 að berjast fyrir því að klukkunni yrði flýtt á vorin og seinkað aftur á haustin, til að nýta sumarbirtuna betur.

Þetta fyrirkomulag var hins vegar fyrst innleitt í Þýskalandi, hjá bandamönnum Þjóðverja og í hersetnum löndum á meginlandi Evrópu í miðri heimsstyrjöldinni fyrri, vorið 1916.

Bretar, bandamenn þeirra og hlutlaus ríki Evrópu fylgdu fljótt í kjölfarið.



**MAGNÚS KJARTANSSON Í HLJÓÐVERINU** Fundurinn hefur heldur betur hreyft við Magnúsi, sem nú er að fara yfir aðrar upptökur Vilhjálms. Hver veit nema eitthvað annað finnist sem áður var talið týnt og tröllum gefið.

# Upptökur með Vilhjálmi finnast

**Upptökur sem Vilhjálmur Vilhjálmsson, einn ástsælasti söngvari landsins, gerði viku fyrir andlát sitt fyrir þrjátíu árum fundust fyrir skömmu. Lagið hefur aldrei heyrst á öldum ljósvakans. Þetta hreyfði vissulega við Magnúsi Kjartanssyni, samstarfsmanni og vini Vilhjálms.**

„Þegar fólk verður fyrir svona áfalli eins og þegar Vilhjálmur dó er einfaldlega sett lok á pottinn en þetta var til þess að feykja því loki af,“ segir Magnús Kjartansson.

Honum brá heldur betur í brún, þegar hann var að stilla upp græjum og undirbúa sig fyrir tónleikahald, þegar Tony Cook upptökumaður kom aðvífandi en hann hafði tekið upp fjölda laga með þeim Vilhjálmi hér á árum áður. Bað hann Magnús um að koma með sér stundarkorn út í bíl, en þegar þangað var komið setti hann tónlistargræjurnar í gang og úr hátölurunum ómaði rödd Vilhjálms sem söng eigin texta við lag Magnúsar. Það hefur aldrei hljómað í eyrum almennings og jafnframt var talið að þessi upptaka væri fyrir löngu týnd og tröllum gefin.

### Hvað verður um lagið?

„Það léku um mig blendnar tilfinningar en ég sogaðist hreinlega þrjátíu ár aftur í tímann. Lagið var tekið upp í vikunni áður en hann lést og ég hafði ekki heyrt það síðan þá.“ Þeir tónlistarmenn sem léku með þeim tvímenningum voru Pálmi Gunnarsson, sem lék á bassa, og trommuleikarinn Sigurður Karlsson. Þegar spurt er um titil lagsins verður fátt um svör. „Það var ekkert farið að ræða það einu sinni,“ segir hann.

Tony Cook bjó um áratug hér á landi og tók upp mikið af efni með íslensku tónlistarmönnum. Magnús veit ekki hvernig upptakan með Vilhjálmi komst í leitirnar en afleiðingar eru augljósar.



VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

„Þetta varð til þess að ég ákvað að nú yrði að fara yfir upptökurnar hans Vilhjálms, færa þær yfir á tölvutækt form og hver veit nema eitthvað annað finnist. Og svo er það náttúrlega sú spurning hvort almenningur fái að heyra þetta lag en það er afar vel sungið. Þetta er fjölrásaupptaka, sem býður upp á talsvert marga möguleika. Það þýðir meðal annars að hægt er að halda söngnum en leika önnur hljóðfæri upp á nýtt.“

### Þjóðin sleppir ekki hendinni af Vilhjálmi

Þrjátíu ár eru liðin síðan Vilhjálmur lést í bílslysi í Lúxemborg, en hann starfaði fyrir Arnarflug þar í landi. „Það vildi nú þannig til að ég var með Vilhjálm lifandi í eyrunum, enda við hljóðvinnu, þegar Ómar Valdimarsson, þá blaðamaður, hringdi í mig og tjáði mér lát Vilhjálms.

Hann var afskaplega góður samstarfsmaður enda listamaður fram í fingurgóma. Margir tónlistarmenn mættu taka sér til fyrirmyndar hvernig hann nálgaðist viðfangsefnið. Hann lét alla tilgerð lönd og leið og spáði lítið í þær kvaðir sem tíska og tíðarandi leggja oft á menn. Enda virðist hann óháður straumum, stefnum og tíma og eflaust er það þess vegna sem Íslendingar hafa enn ekki sleppt af honum hendinni. Það sannaðist rækilega þegar hann var meðal þeirra söluhæstu um síðustu jól.

Það er mikilvægt að hafa þetta í huga þegar maður hefur svona upptökur undir höndum; það þarf að gera þeim þannig skil að það sé sanngjarnt gagnvart öllu þessu fólki. Það sama má segja um persónuna en hann var svo margslunginn að það er erfitt að lýsa honum stuttlega. Það er þó óhætt að segja að hann var mikill pælari og afar vel lesinn. Það var líka mikið fjör í kringum hann og yfirleitt nóg að gera en hann átti líka sínar slæmu stundir eins og allir menn.“

Í dag eru liðin þrjátíu ár frá fráfalli Vilhjálms og verða af því tilefni minningarhljómleikar í Salnum um þessa helgi.

„En svo eru Sena, Concert, fjölskylda Vilhjálms og aðrir sem stóðu honum nærri að undirbúa nokkuð sem ég get ekki sagt betur frá núna en það mun hvort sem er líta dagsins ljós 11. apríl, á afmælisdegi Vilhjálms.“ **jse@frettabladid.is**


STÓRÚTSALA Á NOTUÐUM BÍLUM



-1.200.000 KR

TOYOTA LAND CRUISER Ekinn 105 þús. ssk.
Nýskr. 11/01. Verð áður 3.350.000 kr.

2.150.000 KR

IH INGVAR HELGASON

bílaland B&L



# TAX FREE DAGAR

Dagana 28.-30. mars
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 30. mars 2008.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

Kómoreyskur uppreisnarforingi:

# Krefjast framsals Bacars

**KÓMOREYJAR, AP** Ríkisstjórn Kómoreyja hefur skorað á frönsk stjórnvöld að framselja uppreisnarforingja, sem flúði í fyrradag frá eynni Anjouan til annarrar eyjar í eyjaklasanum sem enn er hluti af Frakklandi. Frönsk stjórnvöld segjast aftur á móti ætla að rétta sjálf yfir manninum og beiðni hans um pólitískt hæli væri í skoðun.

Kómoreyskir stjórnarhermenn ásamt liðsauka frá Afríkusambandinu hertóku Anjouan á miðvikudag, en eyjan hafði verið á valdi uppreisnarmanna frá því í maí. Fyrir uppreisnarmönnum fór fyrrverandi liðsforingi úr her Kómoreyja, Mohamed Bacar. Hann áformaði að lýsa yfir sjálfstæði Anjouan. - aa



**ÓÁNÆGJA** Hermenn Afríkusambandsins og kómoreyska lögreglan kljást við mótmælendur sem krefjast framsals Bacars við franska sendiráðið í Moroni, höfuðborg Kómoreyja, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FBL-GREINING:** AÐSTOÐARMENN ÞINGMANNA

# *Fyrstu skref á nýrri braut þingstarfanna*



Þingmenn eru þessi dægrin að ganga frá vali á aðstoðarmönnum en ný lög heimila slíka ráðstöfun. Sumir hafa raunar þegar ráðið sína menn og eru þeir teknir til starfa.

**Fá allir þingmenn aðstoðarmenn?**

Nei. Aðeins þingmenn landsbyggðarkjördæmanna þriggja, Norðvesturkjördæmis, Norðausturkjördæmis og Suðurkjördæmis, fá aðstoðarmenn. Það er einkum í ljósi gríðarlegrar stærðar kjördæmanna sem ákveðið var að þingmenn þeirra fengju aðstoðarmenn. Þá fá formenn stjórnmálaflokka sem ekki eru ráðherrar aðstoðarmenn. Þegar hafa Guðjón Arnar Kristjánsson og Steingrímur J. Sigfússon ráðið sér aðstoðarmenn.

**Eru aðstoðarmennirnir í fullu starfi?**

Aðstoðarmenn flokksformanna eru í fullu starfi en aðstoðarmenn þingmanna verða í þriðjungsstarfi. Hinir fyrrnefndu fá starfsaðstöðu hjá Alþingi en hinir síðarnefndu verða úti í kjördæmunum.

**Á hvaða launum verða aðstoðarmennirnir?**

Aðstoðarmenn flokksformanna fá sömu laun og óbreyttir þingmenn, þ.e. 541.720 krónur á mánuði. Aðstoðarmenn þingmanna fá fjórðung þeirrar fjárhæðar, um 135 þúsund krónur á mánuði. Tveir eða þrír þingmenn geta sameinast um aðstoðarmann og hækka þá starfshlutfall og laun sem því nemur.

**Hvers vegna fá þingmenn aðstoðarmenn?**

Aðgerðin er liður í að bæta starfsaðstöðu Alþingis en auk þessara ráðstafana hefur til dæmis nefndasvið þingsins verið styrkt. Í umræðum um málið á þingi sagði Sturla Böðvarsson þingforseti að með þessum breytingum væru fyrstu skrefin stigin inn á nýja braut í starfi alþingismanna og Alþingis. Sagði hann varlega og sparlega farið af stað en að fyrirkomulaginu verði breytt eftir því sem reynslan kennir.


STÓRÚTSALA Á NOTUÐUM BÍLUM




-1.100.000 KR

VOLKSWAGEN TOUAREG D Ekinn 67 þús. ssk.
Nýskr. 10/03. Verð áður 5.500.000 kr.

4.400.000 KR

IH INGVAR HELGASON

bíla land B&L


**FRÉTTASKÝRING:** Hús í niðurníðslu í miðborginni

# Óviðunandi ástand húsa í miðborginni

**Borgarfulltrúi vill þvingunaraðgerðir til að eigendur húsa komi þeim í viðunandi horf. Skipulagssjóður seldi sum húsin til núverandi eigenda með það fyrir augum að þau yrðu rifin. Uppbygging á húsum í eigu borgarinnar hefst í haust.**

**SKIPULAGSMÁL** „Mér finnst að það þurfi að hafa einhverjar þvingunaraðgerðir á eigendur þessara húsa,“ segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi um hús í niðurníðslu í miðborg Reykjavíkur. Vill hann að eigendur sjái um að loka húsunum eða að borgin komi húsunum í ásættanlegt horf og sendi eigendunum reikninginn. „Ég vil að við förum nákvæmlega yfir hvaða leiðir borgin hefur í þessu máli. Þetta er algerlega óþolandi fyrir borgaryfirvöld, að sjá þessi hús sem í sumum tilfellum voru í ágætu ástandi þegar þau voru keypt, grotna niður.“

Segir hann suma eigendur virðast ekki hreyfa litla fingur til að koma í veg fyrir að húsin eyðileggist. „Margir verktakar sem eru að byggja upp á miðborgarsvæðinu standa sig með sóma í þessu. En það eru þarna nokkrir sem koma óorði á fjöldann.“

Gísli segir þetta ástand ekki geta haldið áfram. „Við verðum að leita leiða innan þeirra heimilda sem við höfum eða, ef það dugar ekki, að breyta þá reglunum þannig að við höfum ríkari heimildir til að hafa þessa hluti í lagi.“ Segir hann verkefni borgarinnar að kalla þessa aðila saman og finna lausn á málinu.

„Umræðan hefur verið á mjög neikvæðum nótum undanfarið og hefur snúist um að menn séu að beita borgina þrýstingi,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festa fasteignafélags. „Við teljum það ekki eiga við í okkar tilviki.“ Hún segir húsin við Hverfisgötu 32 og 34 vera hluta eigna sem keyptar voru af skipulagssjóði á sínum tíma og aldrei hafi annað staðið til en að þær yrðu rifnar. Leyfi til niðurrifs hafi ekki fengist því skipulagsráð hafi viljað fá formlega kynningu á hvað eigi að koma í staðinn. Segir hún unnið að því í samráði við borgaryfirvöld.

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri Þ.G. verktaka sem eiga húsið á Bergstaðastræti 20, segir málin ganga hægt hjá borginni. „Borgin mætti vera fljótari að afgreiða ýmis mál en það er bara kerfið eins og það er.“

Reykjavíkurborg á húsin á Laugavegi 4 og 6 og Austurstræti 22 sem brann síðasta vetrardag í fyrra. Útlit er fyrir að vinna við þau hús hefjist ekki fyrr en í fyrsta lagi með haustinu.

„Það er verið að taka upp deiliskipulagið með það fyrir augum hvernig megi skipuleggja þarna með öðrum formerkjum en gert var á sínum tíma,“ segir Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, um húsin við Laugaveg 4 og 6. Segir hún að auglýsa þurfi deiliskipulagið. „Þannig að við sjáum fyrir okkur að í haust verði þarna komið eitthvað almennilega af stað.“

Um uppbyggingu við Austurstræti 22 segir Jóhannes Kjarval, arkitekt á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar, deiliskipulagstillögu að pósthússtrætisreitnum liggja fyrir og vera til endanlegrar úrvinnslu. „Ég geri ráð fyrir að eitthvað fari að gerast með haustinu.“

olav@frettabladid.is

**HÚS Í NIÐURNÍÐSLU VIÐ LAUGAVEG OG HVERFISGÖTU**






„Þetta er algerlega óþolandi fyrir borgaryfirvöld, að sjá þessi hús sem í sumum tilfellum voru í ágætu ástandi þegar þau voru keypt, grotna niður.

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**
BORGARFULLTRÚI

## ATHUGASEMDUM SINNT SAMDÆGURS

„Besta leiðin til að halda lífi í húsunum er að hafa þau í útleigu,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Samson Properties. Segir hann allt húsnæði Samson Properties í miðborginni vera í útleigu. Þá sé húsum og lóðum reglubundið haldið við. Hann segir leigendur vera á staðnum og þá fylgjast með. „Ef þeir sjá eitthvað athuga- eða ámælisvert er því sinnt samdægurs.“

## ÆTLA AÐ LOKA HÚSUNUM

„Húsin verða gerð mannheld á þann hátt sem hægt er,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festa fasteignafélags. „Gluggum og hurðum verður lokað og við förum að þeirra tilmælum í einu og öllu,“ segir hún og vísar til þess að slökkviliðsstjóri og byggingafulltrúi hafi átt fund með þeim hjá Festum þar sem farið var yfir hvað þyrfti til að gera húsin mannheld.

## TILKYNNINGAR EKKI BORIST Í UM TVÖ ÁR

„Það er búið að senda okkur tilkynningar í einhver skipti og það hefur verið brugðist við því eins og vera ber,“ segir Þorvaldur Gissurarson, forstjóri Þ.G. verktaka sem eiga húsið á Bergstaðastræti 20. „Við erum búnir að eiga þetta hús lengi en ég hef ekki fengið tilkynningu frá borginni í um það bil tvö ár.“ Hann staðfestir að þeir bíði eftir heimild til að rífa húsið. „Umsóknir hjá byggingaryfirvöldum eru á því róli og við erum að bíða eftir afgreiðslu.“ Segir hann farið með þetta verkefni eins og önnur. „Ef eitthvað er athugavert, við fáum beiðnir eða óskir frá yfirvöldum eða fólki, þá bregðumst við við þeim og gerum það sem gera þarf.“



FRÉTTASKÝRING
**OLAV VEIGAR DAVÍÐSSON**
olav@frettabladid.is

# 2.901 LOFORÐ

## og við stöndum við þau öll




Gengi krónunnar hefur fallið og hækkanir hafa orðið á innfluttum vörum og eru enn frekari hækkanir boðaðar. Við hjá IKEA segjum stolt frá því að verðið á 2.901 vöru sem við lofuðum Íslendingum í vörulista okkar, útgefnum í ágúst 2007, er í fullu gildi. Og verður í fullu gildi allt fram í ágúst á þessu ári. Hvað sem krónan segir. Það köllum við verðöryggi.

ÍSLENSKA SIA.IS IKE 41662 ©Inter IKEA Systems B.V. 2008

Opið 10:00-20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Pampers Mega bleiur !

## FJÓRIR GÁMAR Í BOÐI Á LÁGA GENGINU !




**2298**

Pampers Midi 4-9 kg. **156 stk.**
Pampers Maxi 7-18 kg. **132 stk.**
Pampers Maxi Plus 9-20 kg. **120 stk**
Pampers Junior 11-25 kg. **111 stk.**

## Ferskur Holta kjúklingur **40% afsláttur**



1679 | 239 | 642 | 359

Kjúklingabringur **1679 kr./kg.** *MERKT VERÐ 2799 KR.*
Kjúklingavængir **239 kr./kg.** *MERKT VERÐ 398 KR.*
Hálf úrbeinuð kjúkl.læri **642 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1069 KR.*
Blandaðir kjúklingabitar **359 kr./kg.** *MERKT VERÐ 598 KR.*



**1298**

EuroShopper frosnar kjúklingabringur
**1298 kr./kg.**

Mjög vatnslosandi og ómissandi eftir páskasteikurnar.



**98**

Vatnsmelónur **98 kr./kg.**



**40% AFSLÁTTUR**

KF einiberjakryddað lambalæri
**1199 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1999 KR.*

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ




Ali ferskar svínakótilettur
**1070 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1783 KR/KG.*




Ali ferskur svínabógur
**499 kr/kg.**




Ali ferskt svínahakk **30% afsláttur**
**619 kr/kg.** *MERKT VERÐ 884 KR/KG.*




Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR/KG.*

## Íslenskt ungnautakjöt á góðu verði í Bónus




NAUTAAT ferskt ungnautahakk
**798 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1330 KR./KG*




NAUTAAT ferskt ungnautasnitsel
**1498 kr./kg.** *MERKT VERÐ 2498 KR.*




NAUTAAT 4 stk
ungnautahamborgarar m/brauði
**498 kr.** *MERKT VERÐ 711 KR.*




Yplon þvottaefni 5 kg **498 kr.**
*ALLT AÐ 33 ÞVOTTAR Í PAKKA.*

## BÓNUS BAKKELSI ALLTAF NÝBAKAÐ



Mjúkar kringlur 4 stk **179 kr.**
Kleinuhringir 2 stk **198 kr.**
Baguette 1 stk **98 kr.**
Rúnstykki 4 stk **179 kr**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30




**Vefurinn: How to Clean Anything**

Þarftu að þrífa einhvern hlut en veist ekki hvernig er best að gera það? Finndu leiðbeiningar hér.

www.howtocleananything.com

tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: SKÝRSLUTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS FERTUGT Í ÁR

# Hjálpa fólki að skilja upplýsingatæknina betur

Skýrslutæknifélag Íslands fagnar fertugsafmæli sínu í ár. Afmælisveislan verður á Hilton Nordica hótelinu á morgun. Svana Helen Björnsdóttir, formaður afmælisnefndarinnar, segir hlutverk félagsins vera óbreytt þótt upplýsingatækninni hafi fleygt fram á fjórum áratugum.

„Þetta byrjaði allt þegar fyrsta tölvan var keypt til landsins fyrir rúmum fjörutíu árum," segir hún. „Þetta voru rosalegir hlunkar sem menn skildu ekki alveg hvernig virkuðu nema að úr þessu komu skýrslur. Þar sem orðið tölva var ekki til á þessum tíma voru þetta kallaðar skýrsluvélar."

Svana segir að í kjölfarið hafi Skýrslutæknifélagið verið stofnað. Tilgangurinn með félaginu var að það yrði umræðuvettvangur um þessa nýju tækni og hvernig væri hægt að nýta hana. Fyrir tilstuðlan þess hafi tölvunarfræðibraut verið sett á fót í Háskóla Íslands, og orðið tölva verið búið til í orðanefnd félagsins.

Innan félagsins eru einnig nefndir og hópar á borð við UT-konur, sem stuðla að því að stúlkur velji sér raungreinar í framhalds- og háskólum, faghóp um fjarskipti, faghóp um upplýsingaöryggismál og öldungadeild sem varðveitir sögu upplýsingatækni á Íslandi.

„Það verður að segjast að hlutverk félagsins er ennþá það sama, að hjálpa fólki að skilja þessa tækni," segir Svana. „Það er ögrandi verkefni á fjörutíu ára afmælinu að halda félaginu síungu og virku í takt við þróun tækninnar. Upplýsingatæknin breytist svo hratt að maður þarf að hafa sig allan við til að fylgja henni."

En heldur hún að hlutverkið eigi eftir að breytast á næstu árum? „Ég held það sé klárt að hlutverk félagsins verður mikilægara í framtíðinni því upplýsingatækni er orðinn svo stór hluti af okkar lífi. Það verður mikil þörf á að útskýra þessa tækni og kynna gildi hennar fyrir fólki."



TÆKNIHEIMURINN

## Blizzard í mál við höfund hjálparforrits




Tölvuleikjaframleiðandinn Blizzard vill að notendur í fjölspilunarleiknum sínum, World of Warcraft, vinni vinnunna sína sjálfir. Fyrirtækið hefur höfðað mál á hendur höfundi forrits sem gerir ýmsar aðgerðir í leiknum sjálfvirkar, eins og til dæmis að berjast og safna verðmætum. Þannig geta spilarar notið ávaxta erfiðisins án þess að þurfa að erfiða sjálfir. Forsvarsmenn Blizzard segja að forritið brjóti gegn reglum leiksins og vilja banna höfundinum að selja það á netinu. Málið verður tekið fyrir hjá dómstólum í Arizona í Bandaríkjunum á næstunni.

## Vefur BBC opnaður Kínverjum

Íbúar Kína geta nú loksins lesið fréttir á BBC-vefnum. Kínversk yfirvöld hafa lengi vel lokað fyrir aðgang að ýmsum „óæskilegum" vefsíðum, þar á meðal BBC, en nú virðist sem opnað hafi verið fyrir fréttasíðuna. Kínverjar geta þó aðeins lesið enska hluta síðunnar því sá kínverski er enn harðlæstur.

## Handrit Shakespeare á netið

Handrit eins frægasta skálds allra tíma, William Shakespeare, eru á leiðinni á netið. Bodleian-bókasafnið í Oxford í Englandi og Folger Shakespeare bókasafnið í Washington í Bandaríkjunum ætla í sameiningu að koma öllum 75 útgáfum af handritum hans sem gefin voru út fyrir 1641 á internetið. Unnið hefur verið að því að skanna þau inn undanfarin ár, og nú á að leyfa almenningi að njóta þeirra.



## iPhone með 3G á leiðinni?

Fulltrúi greiningarfyrirtækisins Gartner sagði í viðtali við tímaritið iPod Observer að Apple hafi pantað tíu milljón stykki af 3G iPhone símum frá Asíu. 3G tæknin býður upp á margfalt hraðari netsamskipti í símann en forveri hennar, EDGE, og er væntun á þessari tækni sagður einn helsti löstur núverandi iPhone síma. Þessar fregnir flokkast þó aðeins undir orðróm, því Apple hefur ekki enn staðfest að 3G útgáfa af símanum vinsæla sé yfir höfuð á leiðinni.

## Take Two neitar yfirtökutilboði EA – aftur

Tölvuleikjaframleiðandinn Take Two, sem er frægastur fyrir Grand Theft Auto leikina, ætlar ekki að selja sig tölvuleikjarisanum Electronic Arts. Stjórn fyrrnefnda fyrirtækisins hefur enn á ný hafnað yfirtökutilboði EA í fyrirtækið, en gefur í skyn að fyrirtækið gæti haft áhuga á einhvers konar samvinnu við risann.



## Skutla í geimnum

Japanskir vísindamenn ætla að kasta pappírsskutlu í geimnum og fylgjast með för hennar aftur til jarðar. Þeir vonast til þess að með því sé hægt að læra meira um það hvernig best sé að hanna farartæki sem koma á miklum hraða inn í lofthjúp jarðar úr geimnum. Sérfræðingar í origami-listinni hafa brotið saman sérstaklega harðgera skutlu í þetta verkefni. Hún er um sjö sentimetra löng, hefur fimm sentimetra vænghaf og þolir allt að 230 gráðu hita á sjöföldum hljóðhraða.



**MJÚK LENDING** Ferjan átti upphaflega að lenda rétt fyrir sólarlag, en vegna skýja seinkaði lendingunni um nokkra stund. Á meðan flaug hún einn hring í kringum jörðina. NORDICPHOTOS/AFP

# Lenti í svartamyrkri eftir sextán daga í geimnum

**Eftir sextán daga og tíu milljón kílómetra ferðalag lenti geimferjan Endeavour á jörðinni í fyrrakvöld. Í ferðinni settu geimfararnir meðal annars saman kanadískt risavélmenni, sóttu einn geimfara í geimstöð og skildu annan eftir. Ferjan þurfti að fara einn aukahring um jörðina áður en hún gat lent vegna skýja.**

Geimferjan Endeavour lauk sextán daga löngu ferðalagi sínu í fyrrakvöld þegar hún lenti heilu og höldnu í Kennedy-geimstöðinni í Bandaríkjunum. Mikil fagnaðarlæti voru við flugbrautina þegar ferjan lenti, enda lengsta ferðalag til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar hingað til.

Tilgangur ferðarinnar var að byggja frekar við geimstöðina, sem var fyrst sett saman í geimnum árið 1998. Geimfararnir um borð aðstoðuðu meðal annars áhöfn geimstöðvarinnar við að setja upp japanska rannsóknarstofu, settu saman risastórt kanadískt vélmenni að nafni Dextre og prófuðu nýja aðferð til að gera við geimferjuna.

Ferjan var einnig notuð undir farþegaflutninga. Bandaríkjamaðurinn Garrett E. Reisman var skilinn eftir um borð í Alþjóðlegu geimstöðinni þar sem hann mun dvelja næstu sjö vikurnar við rannsóknir. Í hans sæti settist hinn franski Léopold Eyharts, sem fór heim eftir sex vikna dvöl í stöðinni.

„Við fengum ótrúlega mikið út úr þessari ferð," sagði Dominic Gorie, yfirmaður áhafnar Endeavour, eftir lendinguna í fyrradag. „Þetta var spennandi frá upphafi til enda."

Lendingin fór fram að kvöldi til, sem er mjög óvenjulegt. Upphaflega átti ferjan að lenda rétt fyrir sólarlag en aðeins nokkrum mínútum fyrir áætlaðan lendingartíma varð skýjað og hætta þurfti við. Á meðan áhöfnin flaug einn aukahring í kringum jörðina létti til og ferjan fékk grænt ljós á lendingu. salvar@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0330

GOTT AÐ VITA
AF FJÁRMÁLUNUM Í GÓÐU LAGI

Það er góð tilhugsun að hafa fjármálin á hreinu. Nú þegar hafa þúsundir nýtt sér ókeypis fjármálaráðgjöf Glitnis og látið yfirfara og endurskipuleggja fjármálin.

„Það eitt að setjast niður og fara yfir stöðuna var góð tilfinning."
Íris Jónsdóttir

**Pantaðu ókeypis fjármálaráðgjöf í síma 440 4000 og sjáðu hvað við getum gert betur fyrir þig.**



**VIÐ TÖLVUNA** Stefán segir hugmyndina að fólk geti fengið hráa þýðingu sjái það texta á netinu sem það skilur ekki en vill vita hvað þýðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ókeypis þýðingarvél sem skilur íslensku

**Þýðingarvél sem skilur íslensku verður opnuð á internetinu á morgun. Höfundurinn segist hafa unnið að henni í frístundum í næstum þrjá áratugi, og ætlar að veita öllum aðgang að henni án endurgjalds. Þýðingarvélin spreytti sig á setningu um íslensku bankana.**

„Ég byrjaði á því að búa til forrit sem þýddi úr esperanto yfir í íslensku, bætti seinna við þýðingum í og úr ensku og hef verið að fást við þýðingu frá íslensku yfir á dönsku síðustu árin,“ segir Stefán Briem, eðlisfræðingur og áhugamaður um tungutækni og þýðingar. Á morgun opnar hann vefþjón á internetinu sem þýðir íslenskan texta á enskan og öfugt, auk þess að þýða íslensku á dönsku og esperanto á íslensku.

Þýðingarvél Stefáns verður aðgengileg öllum án endurgjalds, enda segir hann ekki markaðslegan grundvöll fyrir því að hagnast á svona hugbúnaði. „Ég hef velt þessu mikið fyrir mér en gallinn við að selja þennan hugbúnað er að þá eru miklu færri sem geta notað hann,“ segir hann.

Vinnan við þýðingarvélina hefur að öllu leyti farið fram í frístundum, segir Stefán. „Ég hef samið hugbúnaðinn einn án þess að vera á kaupi hjá nokkrum.“

En hverjir munu nota þessa þýðingarvél? „Það á bara eftir að koma í ljós, en hugmyndin er að fólk geti fengi hráa þýðingu ef það sér texta á máli sem það kann ekki vel og vill vita hvað hann segir,“ segir Stefán.

Sem dæmi um þýðingu sló blaðamaður inn eftirfarandi setningu: „Iceland‘s banks are feeling the heat from the turmoil in global markets but there are few signs of the dramatic funding crisis the market fears, according to their results for 2007“.

Útkoman var „Íslands bankar eru að finna varmann frá harkinu í alþjóðamörkuðum en svona er fáeinir merkja af stórbrotnu fjármögnuninni kreppunni markaðurinn óttast, samkvæmt þeirra niðurstöðum fyrir 2007.“

Ekki fullkomin þýðing, en efnið skilst nokkurn veginn.

salvar@frettabladid.is

Ókeypis myndvinnsla á netinu:

## Adobe vefvæðir Photoshop

**Adobe, fyrirtækið á bak við myndvinnsluforritið vinsæla Photoshop, setti ókeypis vefútgáfu af forritinu á netið í gær. Nýja útgáfan, sem kallast Photoshop Express, er einfaldari í notkun en hefðbundna útgáfa forritsins en býður í leiðinni upp á færri möguleika.**

**Þannig slæst Adobe í hóp fyrirtækja á borð við Google og Microsoft, sem bjóða upp á ókeypis vefútgáfur af forritum sínum eins og Office-pakkanum. Hugmyndin er að notendur komist á bragðið með þessum vefforritum og kaupi á endanum venjulegu útgáfuna. Sem stendur er forritið aðeins í boði fyrir Bandaríkjamenn.** - sþs



**FLUGVÉL** Brátt hægt að hringja í flugi.

Fjarskiptayfirvöld úrskurða:

## Bretar leyfa farsíma í háloftum

Flugfarþegar eru skrefi nær því að geta notað farsímann í háloftunum, í það minnsta í flugvélum sem skráðar eru í Bretlandi. Þarlend fjarskiptayfirvöld hafa gefið leyfi fyrir notkun farsíma í flugvélum samkvæmt fréttavef BBC.

Flugfélög sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum upp á þessa þjónustu þurfa þó að uppfylla fleiri skilyrði. Flugöryggisstofnun Evrópu þarf að samþykkja allan vélbúnað sem þarf að setja upp í flugvélum vegna farsímanotkunar, og þjálfa þarf áhafnir flugvéla í notkun slíkra kerfa. - sþs

Bandaríska hagstofan íhugar að hætta við allar hátæknilausnir í næsta manntali:

# Hausateljararnir of heimskir



Bandaríska manntalið er í uppnámi vegna þess að hausateljararnir kunna ekki á handtölvurnar sínar. Æfingar fyrir manntalið, sem verður árið 2010, gengu svo illa að yfirvöld vestra eru alvarlega að íhuga að hætta við allar hátæknilausnir.

Allir íbúar Bandaríkjanna, um þrjú hundruð milljónir, eru taldir á tíu ára fresti. Þá banka starfsmenn þarlendu Hagstofunnar á allar dyr í landinu og skrá upplýsingar um íbúa. Mikilvægt er að niðurstöður manntalsins séu réttar því tölurnar eru meðal annars notaðar skiptingu þingsæta milli ríkja og til að deila út sem nemur 2.300 milljörðum íslenskra króna á milli samfélaga árlega.

Til þess að auka nákvæmni manntalsins sem fer fram á þarnæsta ári ákváðu yfirvöld í Bandaríkjunum að fá tæknina sér til aðstoðar. Með því að láta hausateljarana slá upplýsingarnar inn í sérútbúna handtölvu átti allt ferlið að verða einfaldara og ólíklegra að mistök ættu sér stað.

Nú lítur út fyrir að tæknin muni hafa þveröfug áhrif. Í stað þess að minnka líkur á mistökum hafa handtölvurnar stóraukið þær. Hausateljararnir kunna ekki á þær og slá inn vitlausar upplýsingar.

Hagstofan þarf nú að velja á milli þess að greiða sem nemur 150 milljörðum króna til að lagfæra tölvurnar og gera þær einfaldari í notkun, eða henda þeim og nota blað og blýant. - sþs




Í FJÁRMÁLARÁÐGJÖF GLITNIS ER M.A. FARIÐ YFIR:

- >> Fjármál heimilisins
- >> Samsetningu lána
- >> Fjármögnun húsnæðis
- >> Sparnað
- >> Lífeyrissparnað
- >> Tryggingar
- >> Hámörkun Glitnispunkta og annarra fríðinda
- >> Framtíðarmarkmið í fjármálum

GLITNIR GERIR BETUR

GLITNIR

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.026 **+0,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 948
**Velta:** 16.872 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATL. PETROLEUM** | **+10,98%** | **ICELANDIC GR.** | **-16,07%** |
| **EIK BANKI** | **+2,54%** | **EIMSKIPAFÉL.** | **-1,33%** |
| **365** | **+2,38%** | **SPRON** | **-1,14%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,35 +0,69% ... Bakkavör 40,50 +0,62% ... Eimskipafélagið 25,90 -1,33% ... Exista 10,81 +0,37% ... FL Group 6,66 +0,00% ... Glitnir 17,65 +0,86% ... Icelandair 24,60 +1,65% ... Kaupþing 780,00 -1,14% ... Landsbankinn 29,70 +1,02% ... Marel 92,50 +0,54% ... SPRON 4,32 -1,14% ... Straumur-Burðarás 11,66 +1,04% ... Teymi 4,28 +1,91% ... Össur 92,00 +1,66%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Kosningabarátta innan SA

Mikil kosningabarátta fer fram bak við tjöldin innan Samtaka atvinnulífsins þessa dagana. Félagsmenn samtakanna kjósa nú um hver muni taka við formennskunni af Ingimundi Sigurpálssyni, sem gefur ekki kost á sér áfram. Nýr formaður tekur svo við á aðalfundi SA sem fram fer föstudaginn 18. apríl í Listasafni Reykjavíkur. Stjórnendur og stjórnarmenn aðildarfyrirtækja og aðildarfélaga eiga þess kost að vera kosnir. Einn hefur gefið það upp að hann sé tilbúinn að takast á við hlutverkið, Þór Sigfússon forstjóri Sjóvár. Menn líta þó enn í kringum sig og hefur nafn Brynjólfs Bjarnasonar, forstjóra Skipta, skotið upp kollinum sem arftaka. Hann hafi víðtækar tengingar í alla kima atvinnulífs og stjórnmála, sé reynslumikill, vel þokkaður og sjái fram á rólegri tíma eftir að hætt var við að skrá skipti í Kauphöllina.



### Ársfundur í krísu

Þeir sem velta fyrir sér hverjir verða hvar þurfa ekki að leita langt á morgun. Nóg er að fara á einn stað; ársfund Seðlabanka Íslands, Þar verða helstu fjármálamógúlar landsins mættir í sínu fínasta pússi til að hlusta á ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Mun hann vafalaust fara yfir stöðuna í efnahagsmálun nú á þessum viðsjárverðu tímum. Halldór Blöndal, formaður bankaráðs, þar sem fulltrúar pólitíkusanna sitja, mun einnig flytja tölu. Báðir eru þekktir fyrir beinskeyttan og skemmtilegan ræðustíl og eiga því margir von á að skemmtilegum samfélagsspegli verði varpað upp með alvarlegum undirtóni. Í gær stóðu menn innan bankans í ströngu við að undirbúa fundinn og gafst lítill tími til að svara fyrirspurnum fjölmiðla um gerðir og orð Seðlabankans.

## Veislunni lokið

Ísland á það sammerkt með Eystrasaltsríkjunum, Ungverjalandi, Tyrklandi og hugsanlega Suður-Afríku að lifa langt um efni fram með ódýru lánsfé. En nú er veislunni lokið í bili.

Þetta staðhæfir breska dagblaðið Daily Telegraph í gær og bætir við að hátt skuldatryggingarálag á bankana, sem hafi keyrt útrásarveisluna síðastliðin fimm ár, hafi sett tappann í flöskuna í bili.

Álagið liggur við 800 punkta, álíka og var á fjárfestingarbankanum Bear Stearns áður en bandaríski seðlabankinn forðaði honum nýverið frá gjaldþroti. Verði álagið lengi hátt gæti reynst erfitt fyrir áðurnefnd lönd að verða sér úti um lánsfé, að sögn blaðsins. **- jab**



**Á VAXTAÁKVÖRÐUNARFUNDI** Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans og Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, stinga saman nefjum á fundi í fyrra. Sjö ár eru síðan hér var tekið upp flotgengi krónu og verðbólgumarkmið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Verðbólgumet í vændum

### Peningamálastefna Seðlabanka Íslands sjö ára.

„Ekki kæmi á óvart að verðbólgan setji nýtt met á næsta ársfjórðungi en við búumst við að verðbólgukúfur sé framundan sem á rætur sínar aðallega að rekja til lækkandi gengis krónunnar undanfarnar vikur," segir í umfjöllun greiningardeildar Glitnis í gær.

Bankinn fjallaði um stjórn peningamála og verðbólguhorfur í tilefni af sjö ára afmæli peningamálastefnu Seðlabankans, en hann tók upp verðbólgumarkmið 27. mars 2001 um leið og krónunni var hleypt á frjálst flot. Hún varð um leið minnsti flotgjaldmiðill í heimi. Verðbólgumarkmið Seðlabankans miðar við að halda tólf mánaða verðbólgu sem næst 2,5 prósentum.

Greiningardeild bankans bendir á að treglega hafi gengið hjá Seðlabankanum að halda markmiði. „Á þessum tímamótum hafa stýrivextir hér á landi aldrei verið hærri og standa nú í fimmtán prósentum og eru hvergi hærri í hagkerfum með þróaðan fjármálamarkað að Tyrklandi undanskildu þar sem vextir eru 15,25 prósent. Undanfarin sjö ár hafa stýrivextir Seðlabankans verið að meðaltali níu prósent," segir í umfjöllun Glitnis, um leið og bent er á að verðbólgumarkmiði hafi ekki verið náð í nema um fimmtungi tímans síðan það var tekið upp, í átján mánuði af 84. „Verðbólgan hefur undanfarin sjö ár verið að meðaltali 4,7 prósent, sem sagt hart nær tvöfalt verðbólgumarkmiðið". **- óká**

# Fá skuldsetninguna í bakið

Ísland sýpur nú seyðið af góðu árunum sem einkennst hafa af ódýru lánsfé og skuldsetningu. Þetta segir breska dagblaðið Financial Times í enn einni grein sinni um íslenskt efnahagslíf í gær.

Blaðið greinir frá ferðum Geirs H. Haarde forsætisráðherra erlendis og líkir þeim við söluherferðir þar sem hann hafi kynnt landið og lýst yfir furðu sinni á háu skuldatryggingarálagi íslensku bankanna banka og ríkissjóðs. Segi hann stöðuna skýrast að hluta af orðrómi og rógi um íslensk efnahagsmál.

Blaðið bendir hins vegar á að orðfæri Geirs svipi mjög til forráðamanna fjárfestingarsjóða á Wall Street sem hafi lent í hremmingum í kjölfar mikillar skuldsetningar. Hafi þeir, líkt og íslenskir bankar og stjórnvöld, hagnast mjög síðustu ár á vaxtamun og hafi aðstæður á markaði komið aftan að þeim nú. **- jab**

# Aðgerð sem liðkar fyrir en dugar ekki ein og sér

**Sérstök útgáfa Seðlabanka Íslands á ríkisbréfum í gær upp á 7,15 milljarða króna er sögð liðka lítillega til á svokölluðum vaxtaskiptamarkaði. Tregða á þeim markaði hefur stuðlað að falli krónunnar upp á síðkastið. Horft er til frekari aðgerða bankans í næstu viku með útgáfu sérstakra „innstæðubréfa" upp á allt að 50 milljarða króna.**



**GJALDEYRIR** Aðgerðir Seðlabankans með útgáfu ríkis- og innistæðubréfa eru sagðar með óbeinum hætti geta bætt aðgengi bankanna að gjaldeyri og liðkað til á vaxtaskiptamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tilboðum upp á 7,15 milljarða króna var í gær tekið í útboði Seðlabanka Íslands á skuldabréfum í flokki ríkisbréfa (RIKB 08 1212). Útboðið er viðbót við áður birta áætlun Seðlabankans og hluti af viðbrögðum stjórnvalda til að létta á þrýstingi á markaði með vaxtaskiptasamninga.

Óskað var eftir kauptilboðum í allt að 10 milljarða og bárust, samkvæmt upplýsingum Lánasýslu ríkisins, 25 gild tilboð upp á 9.950 milljónir króna að nafnverði. „Tilboðum var tekið fyrir 7.150 milljónir króna að nafnverði á 15,11 prósenta meðalávöxtunarkröfu," segir í tilkynningu Lánasýslunnar.

„Ég á ekki von á að þetta leysi vandræðin á vaxtaskiptamarkaðnum, til þess þarf hærri fjárhæðir," segir Hjördís D. Vilhjálmsdóttir, sérfræðingur Greiningar Glitnis. „En þetta léttir aðeins á."

Hjördís segir einnig horft til þess að útgáfa svonefndra innstæðubréfa upp á allt að 50 milljarða króna, sem að öllum líkindum fari fram á miðvikudag í næstu viku, hafi jákvæð áhrif. „Það eru bréf til viku í senn, rafrænt skráð og framseljanleg. Það þýðir að erlendir fjárfestar geta keypt bréfin og fengið vaxtamuninn með því að eiga viðskiptin í gegnum íslensku bankana."

Hjördís segir að þótt rúmir sjö milljarðar séu ekki ýkja há upphæð í tengslum við dagsveltu á gjaldeyrismarkaði þar sem nýlegt veltumet sé upp á 120 milljarða króna, þá sé upphæðin dágóð viðbót við áður auglýsta útgáfuáætlun Seðlabankans. Þórhallur Ásbjörnsson, sérfræðingur á greiningardeild Kaupþings, segir lykilinn að því að leysa vanda krónunnar felist í betra aðgengi íslensku bankanna að erlendum gjaldeyri. Þar segir hann skipta mestu að aðstæður á erlendum mörkuðum batni og aðgengi fjármálafyrirtækja að fjármagni aukist á ný. Það ferli telur hann hins vegar geta tekið nokkurn tíma, þótt jákvæðar fréttir af fjármögnun íslensku bankanna gætu líka flýtt fyrir ferlinu.

Hina leiðina til að auka aðgengi bankanna að erlendum gjaldeyri segir Þórhallur vera að Seðlabankinn bjóði bönkunum gjaldeyrisskiptasamninga líkt og Seðlabankar hafi gert víða annars staðar. En til að af því gæti orðið þyrfti að auka aðgengi Seðlabankans að gjaldeyri, svo sem með auknum varaforða. Hann segir aðgerðir Seðlabankans nú raunar geta bætt aðgengi bankanna að gjaldeyri með óbeinum hætti, en það sé sennilega í frekar litlum mæli.

**olikr@frettabladid.is**

### BREYTTAR REGLUR

**Síðastliðinn þriðjudag tilkynnt Seðlabankinn um breytingar sem búist er við að liðki nokkuð fyrir viðskiptum á fjármálamörkuðum.**

1. Skuldbindingar erlendra útibúa bankanna mynda ekki grunn bindingar. Breytingin er í samræmi við reglur Seðlabanka Evrópu.
2. Ákveðið hefur verið að nægilegt sé að sértryggð skuldabréf hafi tiltekið lánshæfismat en fallið frá því skilyrði að útgefandi slíkra bréfa hafi lánshæfismat.
3. Áformað er gefa út sérstök innstæðubréf Seðlabankans, rafrænt skráð og framseljanleg. Í fyrsta flokki verða gefin út bréf allt að 50 milljörðum króna.




# Hundrað og ellefu hættir við

Alls voru felldar niður 111 af 179 áskriftum í hlutafjárútboði Skipta sem fram fór dagana 10. til 13. mars. Þar af voru 38 áskriftir felldar niður í fyrradag þegar voru síðustu forvöð að greiða fyrir þær, klukkan fjögur síðdegis 26. mars.

Afföll í hópi fjárfesta skýrast af því að sama dag og Skipti voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands, 19. mars, lagði Exista, stærsti hluthafi félagsins fram yfirtökutilboð í allt hlutafé þess á útboðsgenginu 6,64 krónur á hlut. Samdægurs tilkynnti Kaupþing að ákveðið hefði verið að innheimta ekki áskriftir sem fengust í hlutafjárútboðinu og fella niður þær sem ekki yrðu greiddar fyrir lokafrest.

Að teknu tilliti til þeirra sem féllu frá kaupum í útboðinu á Kaupþing 1.980.100.660 hluti í Skiptum, eða 26,87 prósent. **- óká**

# Laura Ashley bætir á sig karlaklæðum

Breska verslanakeðjan Laura Ashley jók við hlut sinn í bresku herrafatakeðjunni Moss Bros í vikubyrjun og situr nú á 5,96 prósenta hlut.

Baugur er stærsti hluthafi herrafataverslunarinnar með tæpan 29 prósenta hlut og lagði fram óformleg yfirtökutilboð í útistandandi hluti Moss Bros í enda síðasta mánaðar upp á 42 pens á hlut.

Yfirtakan hefur mætt talsverðri mótstöðu nokkurra rótgróinna hluthafa í herrafataverslunni enda tilboðið lágt. Breskir fjölmiðlar segja ekki útilokað að aðrir fjárfestar leggi fram móttilboð í hana.

Breska dagblaðið Times segir í gær menn hafa jafnvel spáð því að Laura Ashley, sem hefur nú keypt hluti í keðjunni fimm sinnum í þessum mánuði, muni bjóða í verslunina á móti Baugi. Er vísað til þess að fyrirtækið greiddi 46 pens á hlut fyrir bréfin sem er tíu prósentum hærra en tilboð Baugs hljóðar upp á. Talsmaður Lauru Ashley vísar því hins vegar á bug og segir kaupin góðan fjárfestingarkost. **- jab**



**Í MOSS BROS FÖTUM** Verslanakeðjan Laura Ashley hefur aukið hratt við hlut sinn í bresku herrafatakeðjunni Moss Bros.

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR




**LINE**
Hvítt lakkað háglans, höldurlaus




**COUNTRY**
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



**HORIZONTAL**
Amerísk hnota spónlögð



**DUCALE**
Ljós eik - innfelld handföng

## ...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

Töfra hornskápur



BLUM mjúklokandi skápahurðir





BLUM fullútdraganlegar og mjúklokandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm



Búr skápur

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum





Glerskápar með ljósi í botni

Hálfmáni hornskápur



Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni
**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 -15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Enn syrtir í álinn í miðborg Reykjavíkur.

## Brennum borgina

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Enn herðist hnúturinn um háls skipulagsyfirvalda í Reykjavík. Þau eru bandingi á palli með snöru um hálsinn sem játar kjökrandi að hann hafi ekkert gert og geti ekkert gert. Fjárplógsmenn sem sönkuðu að sér gömlum íbúðarhúsum frá fyrri hluta tuttugustu aldar, þess fullvissir að undanlátssemi skipulagsyfirvalda væri söm við sig, húsin mætti rífa og á þröngum lóðunum byggja út fyrir lóðarmörk, sitja nú uppi með eignir sem þeir koma ekki í lóg. Spennan er farin úr ofneyslunni, fjármagnskreppan lamar stórar áætlanir um nýbyggingar í hverfunum frá Kvos að Rauðará. Eftir standa yfirgefin og skemmd hús sem eru komin á gátskrá slökkviliðsins sem hefur nú tekið á sig nýtt hlutverk sem Minjavernd Reykjavíkur reyndist ekki hafa dug til að annast.

Nú rætist sú spá að fyrirhyggjuleysi skipulagsyfirvalda komi öllum hlutaðeigandi í koll: miðborgin er líkust brunahverfum Belfast með sóðaskikum sem minna mest á Lower East Side í New York: Hrein torg, fögur borg. Snyrtipinnar sem fyrir fáum misserum sögðu það sitt fyrsta verk að taka til á götum og torgum halda sig til hlés. Og í þessu ástandi grípa eigendur húsanna sem allir ganga undir skammstöfunum og eru andlitslausir til gamalla bragða úr borgarsögu Evrópu: þeir búa til eldsmat í þröngum hverfum. Vörumerki þeirra er eyðilegging og ekki er skeytt um nágrenni.

Byggingarfulltrúinn og slökkvistjórinn hafa að vísu ráð, reglugerðir, lagaskyldu til að bregðast við, en bera við skorti á mannskap og klögunarrétti eigenda sem hafa sér að hlífiskildi stórgallaðar deiliskipulagsdruslur. Hvers verður ábyrgðin ef eldar kvikna í sæmilegum vindi að norðan? Embættismanna sem sátu of lengi aðgerðalausir, stjórnmálamannanna sem eru í felum eða hústökufyrirtækjanna sem skilja húsin eftir opin fyrir vágestum og vindum?

Hér hefur ekki enn sprottið upp hreyfing hústökufólks sem víða í stærri borgum og bæjum vestanhafs og austan settist að í húseignum sem svona var komið fyrir. Hér náði hún ekki lengra en þegar hópur fólks tók sig til og málaði Bernhöftstorfuna. Hennar örlög réðust ekki fyrr en kveikt hafði verið í henni. Hvað þarf til nú? Á Laugavegi, Hverfisgötu, Bergstaðastræti og Frakkastíg eru hús sem þarf að loka áður en ráðið er hver framtíð þeirra verður. Þurfa borgarar í Reykjavík að ganga fram með tæki og tól og vinna verkið fyrir eigendur og embættismenn?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skipulagsfræðingur hefur bent á fyrirmyndir að heilfriðuðum hverfum beggja vegna Atlantshafsins. Hann líkir ástandinu hér við þann tíma í austantjaldslöndum þegar eldri borgarhlutar voru eyðilagðir eftir heimsstyrjöldina og byggðir upp að nýju af makalausu smekkleysi, telur okkar stöðu reyndar verri. Það eru þokkaleg eftirmæli fyrir skipulagsstjórn stjórnmálaflokkanna í Reykjavík á liðnum áratugum. Þarf að senda nefnd austur fyrir járntjald í smá kennslu?

Það er krafa borgarbúa að þeir einstaklingar sem kosnir voru til ábyrgðar eða ráðnir til vinnu taki á þessu máli – saman – allir – þegar í stað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni efins

Árni Mathiesen hefur svarað ellefu spurningum umboðsmanns Alþingis vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara. Árni byrjar á að taka fram að spurningarnar séu með því yfirbragði að engu líkara sé en að umboðsmaður sé búinn að taka ákvörðun og að svör sín og andmælaréttur séu að engu höfð. Það er vandlifað að vera settur dómsmálaráðherra. Allir sem nálægt þessu máli koma eru vanhæfir. Nema Árni, auðvitað.

### Mótsagnir

Í svari við þriðju spurningu kemur fram að umsögn dómnefndarinnar, sem lagði mat á hæfni umsækjenda, hafi verið gölluð; hún hafi verið ógagnsæ, framsetningu ábótavant auk þess sem innra ósamræmis hafi gætt við mat á starfsreynslu umsækjenda og lítið gert úr starfi Þorsteins Davíðssonar sem aðstoðarmanns ráðherra. Í fimmtu spurningu segir Árni hins vegar að óþarft hafi verið að sækjast eftir nýrri umsögn, þrátt fyrir að sú sem lá fyrir hafi að hans mati verið meingölluð og óskýr. Nú segir Árni að umsögn nefndarinnar hafi legið fyrir en mat sitt hafi einfaldlega verið annað. Var það eitthvað í þessum dúr þegar Árni talaði um „innra ósamræmi“?



### Opinber persóna

Í sjötta svari bendir Árni á að dómnefndin hafi talið æskilegt að umsækjandi treysti sér til að hafa samskipti við fjölmiðla. Hann segir það eiga við um Þorstein, þar sem starfi aðstoðarmanns ráðherra fylgi samskipti við fjölmiðla og oft opinber athygli. Þessi staðhæfing kemur blaðamönnum spánskt fyrir sjónir, enda báru tilraunir til að ná sambandi við manninn sjaldan árangur. Þyrftu menn að ná í ráðherra hafði aðstoðarmaðurinn sjaldnast milligöngu heldur var þeim sagt að senda tölvupóst.



bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Af loftslagskólnun

**UMRÆÐAN**
Loftslagsmál


FRIÐRIK DANÍELSSON

Harðæri er hafið, eignir að rýrna í verði, afraksturinn að minnka af erfiðinu. Vetrarhörkur í Ameríku, uppskeran rýrari og eldunarolían dýrari, greiðsluerfiðleikar og bankar á útsölu og hlutabréfin falla. Óbrigðull boðberi harðæris í aldanna rás sýnir nú enn einu sinni sitt ófrýna fés: Hækkandi verð á matvöru. Aðrar nauðsynjar og vörutegundir fylgja með; olían, hráefnin, gullið. Mönnum virðist alltaf koma þetta jafn mikið á óvart þó ekki sé í fyrsta sinn sem góðæri tekur enda.

Í Kína hefur verið kaldasti vetur í heila öld og uppskeruútlitið slæmt. Búfjárfellir í tugþúsundavís og mannfellir í þúsundavís af kulda í Asíu. Kuldi á suðlægum breiddargráðum og í Vesturheimi. Hafið þið, lesendur góðir, heyrt að síðustu misserin hefur orðið hraðasta kólnun loftslags frá upphafi mælinga og meir en vegur upp alla hlýnun 20. aldar? Hafið þið heyrt að sú uggvænlega staða er komin upp að sólin er í lægð og gefur minni orku en áður? Og sem verra er, útlitið um að hlýni fljótt er ekki sérlega gott eftir helstu sólarmerkjum að dæma. Nei, það er ekki mikið verið að hampa þessum fréttum. Þær passa ekki inn í síbyljandi áróðurinn um hlýnun loftslags sem hefur verið ærandi í nærri tvo áratugi.

Skjárinn færir okkur stöðugt voveiflegar fréttir: Stórflóð og stórviðri eru orðin tíðari (þeim fjölgar frekar þegar kólnar), þurrkar leggjast yfir stór landsvæði (sveiflur eins og áður). Golfstraumurinn er að beygja af leið (stærðargráðuskekkja). Norðurskautsísinn er að hverfa (sveiflur) og ísbirnir að deyja út (þeim fjölgar), Suðurskautsísinn er að brotna og bráðna (hann þykknar og þar kólnar). Síðustu ár voru þau hlýjustu síðan mælingar hófust (það var 1930-40). Hlýnunin er að útrýma dýrategundum og breiða út sjúkdóma (rangfærslur), mikil sjávarborðshækkun (engin breyting mælanleg).

Það er ekki eingöngu við fjölmiðlana að sakast í þessu áróðursfári um hlýnun jarðar. Í fyrra sendi milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá sér skýrslu með enn einni hrakspánni um yfirvofandi ofhitnun, rökstudda með lélegum vísindum og skoðunum erindreka sem ekki eru vísindamenn. Nýlega sendi önnur Sameinuðu þjóða-nefndin frá sér yfirlýsingu um að þrjátíu jöklar væru að bráðna en ekkert var sagt frá því að fleiri eru að vaxa. Fyrir stuttu veitti Nóbelsnefndin í Ósló milliríkjanefndinni friðarverðlaunin þrátt fyrir að hún hafi notað falsanir og rangfærslur til að reka áróður fyrir Kýótó-samningnum, líklega versta hneyksli í sögu Nóbelsnefndarinnar.

Hvað getur áróðurinn um loftslagshlýnunina haldið lengi áfram? Er ekki best að hætta við Kýótó-samninginn nú þegar menn vita að hann mun ekki hafa mælanleg áhrif á loftslag en er skaðlegur lífsgæðum jarðarbúa? Nei, greinilega ekki, nú er málið komið í tísku, almenningur trúir áróðrinum, vísindin eru útrædd! (Við Íslendingar könnumst við vinnubrögðin úr Alþjóða hvalveiðiráðinu). Forkólfar Kýótó-samningsins eru að undirbúa framlengingu hans og ætlast til að Ísland taki þátt. En nú þegar raunveruleikinn er að koma betur í ljós hljóta menn að yfirgefa þetta hringleikahús falsáróðursins sem „loftslagssamningarnir“ eru, spurningin er hvort við höfum kjark til þess.

*Höfundur er verkfræðingur.*

# Fallandi gengi



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Efnahagsmál

Ekki er hægt að segja annað en að landsmenn hafi tekið hraustlega við sér eftir að fréttir bárust af mikilli gengisfellingu nú á dögunum. Slegið var upp stríðsfréttum um „svartan mánudag" og bylgja verðhækkana reið yfir þjóðfélagið – raunar kom fram að verðhækkanirnar væru umfram það sem næmi gengisfellingunni. Meiri verðhækkanir eru boðaðar í næstu viku og fólki þar með stefnt í búðir að hamstra.

Ríkisstjórnin gerði fátt nema að viðskiptaráðherra boðaði víðtækar samhæfðar aðgerðir og hefur sú viðleitni þegar skilað tilætluðum árangri – að halda honum í 1. sæti ráðherrapúlsins, samkeppni íslenskra ráðherra um fjölmiðlaathygli.

**Hver ber ábyrgðina?**

Nú á dögum hins frjálsa markaðar eru það ekki lengur stjórnvöld sem bera ábyrgð á gengisfellingum þannig að leitin að sökudólgum er þegar hafin. Það var raunar furðu vinsælt að kenna gjaldmiðlinum sjálfum um að hafa fallið. „Helvítis krónan" tók upp á því að falla og ekkert við því að gera. Ef þessi skilningur á orsakasamhengi er útfærður á víðara svið þá hefur sótthiti ekki heldur neitt með veirur eða sýkla að gera heldur er það hitamælinum um að kenna þegar hann tekur upp á því að stökkva úr 37 gráðum í 40.

*Það er ef til vill ekki hollt fyrir samfélagið að skuldir heimilanna séu rúmlega 240% af ráðstöfunartekjum eða að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins séu nú ríflega 200% af vergri landframleiðslu.*

Aðeins flóknara samhengi, og þó tæplega, kom fram í máli seðlabankastjóra. Samkvæmt honum eru það vondir spákaupmenn sem hafa unnið gegn krónunni. Þessi orsakaskýring er í góðu samræmi við þá heimsmynd sem seðlabankastjóri aðhyllist almennt. Á sínum tíma (og kannski ennþá) hvíldi utanríkisstefna Íslands á þeirri forsendu að ekkert slæmt ætti sér stað í alþjóðapólitíkinni án þess að á bak við það stæði illur harðstjóri sem réði yfir efnavopnum. Með sömu rökum blasir við að gjaldmiðlar falla ekki í verði án þess að á bak við það standi illmenni sem kumri nú glaðhlakkalega yfir árangrinum.

Þriðja skýringin er svo sú sem menn tala um í útlöndum; að ekki sé allt með felldu í íslensku efnahagslífi. Að útrásin sé ef til vill byggð á sandi, að bankarnir hafi offjárfest og að það sé ef til vill ekki hollt fyrir samfélagið að skuldir heimilanna séu rúmlega 240% af ráðstöfunartekjum – 884 milljarðar skv. nýjustu fréttum – eða að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins hafi sexfaldast frá 1991 og séu nú ríflega 200% af vergri landframleiðslu. Ráða má hvort eitthvað sannleikskorn sé í þessu af því að stjórnvöld hafa haft mikið fyrir því að afneita þessu. Ríkisstjórnin sendi utanríkisráðherra til Kaupmannahafnar með þann boðskap að þessi umræða væri einungis til marks um öfundsýki Dana. Virtur prófessor í London var dreginn fram til þess að segja að á Íslandi væri allt í þessu fína. En ef það væri rétt þyrfti kannski ekki að klifa svona mikið á því.

**Fyrirsjáanleg viðbrögð**

Viðbrögðin við gengisfellingunni hafa ekki komið neinum á óvart en þau eru ekki til þess fallin að ýta undir bjartsýni um framhaldið. Viðbragðsflýtir kaupmanna við að velta gengistapinu út í verðlagið er t.d. eftirtektarverður. Ekki bar hins vegar jafn mikið á eða hratt á verðlækkunum í tilefni af háu gengi krónunnar þannig að gengi hefur greinilega ekki alltaf jafn mikil áhrif á verðlag.

Viðbrögð Seðlabankans eru líka mjög fyrirsjáanleg. Ákveðið er að hækka stýrivexti. Yfirlýstur tilgangur vaxtahækkunarinnar er sá sami og hann hefur verið hingað til; að draga úr skuldsetningu landsmanna. Gallinn er hins vegar sá að þetta hefur ekkert virkað hingað til. Vextir hér á landi hafa lengi verið svo himinháir að miðað við öll þekkt hagfræðilögmál ætti ekki nokkur maður að taka lán á Íslandi. Raunin er hins vegar þveröfug; við erum með skuldsettari þjóðum. Vextirnir eru meira að segja svo háir að heimilin í landinu virðast ætla að halda áfram að taka svo kölluð „gengisbundin lán" – þrátt fyrir gengisfellinguna miklu! Hvaða áhrif hefur vaxtahækkun ef ekki dregur úr lántökum? Þau verða ekki önnur en þau að afborganir lánanna hækka og verðbólga eykst.

Það er samt engin ástæða til að örvænta. Ef breski hagfræðiprófessorinn, bankarnir og ríkisstjórnin hafa rétt fyrir sér og hagkerfið stendur í raun og veru traustum fótum þá mun gengisfellingin eflaust ganga tilbaka. Ef svo er ekki þá er gengi krónunnar hins vegar aðeins lítill hluti vandans í íslensku efnahagslífi.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

„...fyrst á visir.is"



visir.is
...ég sá það á visir.is




Víkkaðu sjóndeildarhringinn
- fjölbreytt og áhugaverð námskeið í boði

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Fetal Alcohol Spectrum Disorders (FASD) (kennt á ensku)
haldið 31. mars

Þunglyndi langveikra
haldið 10. apríl

Appetite Awareness Training (kennt á ensku)
hefst 11. apríl

Bipolar Disorder (kennt á ensku)
hefst 13. apríl

Næring og vökvajafnvægi
haldið 18. apríl

Identity problems (kennt á ensku)
hefst 9. maí

Chronic pain (kennt á ensku)
hefst 16. maí

Therapist skill development: Self-practice/self reflection (kennt á ensku)
hefst 27. júní

*Í samstarfi við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga*

Að skrifa grein og koma fram í fjölmiðlum
haldið 4. apríl

Er hjúkrun launuð vinna eða hugsjónastarf? - að semja um kaup og kjör
hefst 7. maí

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

París - líf og lystisemdir
hefst 8. apríl

Afrísk samtímalist
hefst 15. apríl

Börn eru klár
hefst 21. apríl

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 7. apríl

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Algebra og föll: Stærðfræði 203
hefst 8. apríl

Hornaföll og vigrar: Stærðfræði 303
hefst 9. apríl

Mannauðs- og breytingastjórnun í grunnskólum
hefst 10. apríl

Íslenski þroskalistinn
haldið 5. maí

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
haldið 14. maí

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

# Versti vinnustaður landsins?

**UMRÆÐAN**
Landspítalinn


GUNNAR S. ÁRMANNSSON

Jón Kaldal skrifar leiðara 17. mars sl. í Fréttablaðið undir yfirskriftinni: Versti vinnustaður landsins. Ég vinn sem sagt á versta vinnustað landsins, það var og.

Máli sínu til stuðnings telur Jón til fréttir af málefnum Landspítalans. Þær eru neikvæðar. Fréttir eru í eðli sínu neikvæðar. Jón tiltekur tvö dæmi um aðgerðir stjórnenda spítalans til að spara. Það er aldrei vinsælt og veldur ólgu. Síðan lætur Jón í það skína að þess vegna hafi Magnúsi Péturssyni verið sparkað, vegna ólgu í starfsmönnum vegna sparnaðar og stjórnsemi. Að lokum hvetur Jón nýja stjórnendur spítalans til dáða, dýrt sé kerfið og nú þurfi að nýta fjármunina enn betur.

**Ekki auðvelt að spara**

Gömlu stjórnendurnir reyndu að stjórna og spara. Fyrir vikið sköpuðu þeir sér óvinsældir bæði hjá hluta starfsmanna og yfirmanna. Þrátt fyrir það má almennt segja að engin sérstök óánægja hafi ríkt með gömlu stjórnendurna. Að fullyrða að sífelldar skærur hafi átt sér stað er orðum aukið. Nýir stjórnendur eiga að gera enn betur. Sjálfsagt geta þeir lent í sömu klemmu og forverar þeirra.

Það er ekki auðvelt að spara. Ég tel að vandamálið sé flóknara en að einhverjir kommúnistar séu að spreða peningunum okkar innan báknsins.

Íslendingurinn er að nota kerfið og það ekki lítið. Fólki finnst það eiga rétt á því. Fólk kemur stundum með vandamálin á ranga staði á röngum tíma. Slysadeildin hefur stundum þurft að kljást við vandamál sem eiga heima í heilsugæslunni. Fólk hefur ótakmarkaðan aðgang að sérfræðingum. Flestar nágrannaþjóðir okkar hafa tilvísunarkerfi í einhverri mynd. Síðustu sex mánuðirnir í lífi hvers einstaklings eru oft þeir kostnaðarmestu. Við getum stöðugt gert meira en er það til góðs? Að minnsta kosti er það mjög dýrt.

**Tilgangur heilbrigðiskerfisins**

Ég tel mjög mikilvægt að við ræðum til hvers við ætlumst af heilbrigðiskerfinu af fullri alvöru. Eru öll þessi sjúkrahús nauðsynleg? Eiga konur að geta fætt í hverju húsi? Hversu langt eigum við að ganga við að halda lífi í okkur? Hver er ábyrgð einstaklingsins fyrir eigin heilsu? Hvað skortir til þess? Hvernig er forgangsröðunin? Er ekki þörf á tiltekt í hugum nýríkra Íslendinga?

Er hugsanlegt að versti vinnustaður landsins endurspegli það þjóðfélag sem hann er staddur í? Mótast hann ekki af íslenskri þjóðarsál? Er sparnaður og ráðdeildarsemi aðalsmerki Íslendingsins? Landspítalinn er eins og húsmóðir sem á alltaf að vera til taks en á ekki að kosta neitt. Þess vegna er Landspítalinn svo fjarri því að eiga sér einhverja virðingu og mönnum leyfist að kalla hann versta vinnustað landsins. Saga Landspítalans er samhnýtt sögu íslenskra kvenna. Það voru þær sem börðust fyrir honum, söfnuðu peningum og nánast neyddu íslenska ráðamenn til að byggja hann. Síðan byggðu íslenskir karlmenn hann í atvinnubótavinnu þegar atvinnuleysi var mikið hjá karlmönnum í kreppunni. Stundum hefur maður á tilfinningunni að Landspítalinn og konur hafi sömu stöðu í þjóðfélaginu.

**Flatur sparnaður virkar ekki**

Það er kannski lausn spítalans að einkavæða hann allan. Þá sendir hann reikninga og ef þeir eru ekki greiddir fær kaupandinn ekki frekari þjónustu. Þá fara menn kannski að bera einhverja virðingu fyrir honum. Við þá breytingu myndu menn gera sér betur grein fyrir því að umræða um heilbrigðismál sem alltaf snýst um kostnað og eyðslu er niðurdrepandi og engum til gagns. Ef til vill munu menn þá kannast við að heilbrigðiskerfið framleiðir mikla og góða vöru. Að minnsta kosti myndu þeir kunna að meta vöruna ef þeir þyrftu að greiða hana fullu verði.

Ég vinn á Landspítalanum og þar finnst mér gott að vinna. Tel mig alls ekki vinna á versta vinnustað landsins. Landspítalinn er að sjálfsögðu hvorki gallalaus né hafinn yfir gagnrýni. Ég tel að virkja verði þá þekkingu og færni sem er til staðar hjá

*Það er kannski lausn spítalans að einkavæða hann allan. Þá sendir hann reikninga og ef þeir eru ekki greiddir þá fær kaupandinn ekki frekari þjónustu. Þá fara menn kannski að bera einhverja virðingu fyrir honum.*

almennum starfsmönnum. Við vitum nokkurn veginn hvernig á að spara, bara ef við erum spurð og fáum einhverja gulrót. Flatur sparnaður að ofan hefur aldrei virkað, hvorki hér né annars staðar. Ég tel það mjög mikilvægt að auka sjálfstjórn hinna minnstu eininga innan spítalans og láta þær kljást við sparnað í návígi.

Með sameiginlegu átaki allra mun okkur Íslendingum takast að skapa hér besta heilbrigðiskerfi í heimi á viðráðanlegu verði. Neikvæð umræða mun einungis tefja för.

*Höfundur er læknir.*




Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

póst húsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is



STÓRÚTSALA Á NOTUÐUM BÍLUM



-1.380.000 KR

HYUNDAI SANTA FE Ekinn 55 þús. ssk.
Nýskr. 06/06. Verð áður 3.270.000 kr.

1.890.000 KR

IH INGVAR HELGASON

bílaland B&L


# Byrjum á réttum enda



Eftir Ólöfu Nordal

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningurinn svokallaði, hefur verið Íslendingum afar mikilvægur. Segja má að með samningnum hafi mörgum þeim framfaramálum, sem verulegur pólitískur ágreiningur hafði verið um svo árum skipti, verið komið í höfn. Sem dæmi má nefna grundvallarbreytingar á umhverfi íslensks viðskiptalífs í átt til frjálsræðis, m.a. með löggjöf um verðbréfaviðskipti og kauphallarstarfsemi, alls konar áherslur á sviði neytendaverndar og fleiri atriði má telja.

Við Íslendingar vorum sannarlega á leið í átt að frjálsari viðskiptaháttum, en vafalaust hefur gerð samningsins hraðað öllu regluverki verulega. Ekki má gleyma því að grunnurinn að tilurð Evrópska efnahagssvæðisins var EFTA-samningurinn sem hafði á sínum tíma mikla þýðingu fyrir þjóðina. Kannski er það rétt, sem sumir hafa haldið fram, að Ísland hefði átt að fylgja Danmörku inn í ESB í upphafi 8. áratugarins. Sennilega munu Danir ávallt njóta þess í völdum innan ESB að hafa verið snemma á ferðinni.

**Skarpt fram gengið**

Meirihluti þeirra þjóða sem átti aðild að EES-samningnum í upphafi, gekk fljótlega í ESB og sennilega hafa samningaviðræðurnar við ESB um samninginn valdið því hve flestum gekk greiðlega að fá aðild að ESB samþykkta í heimalöndunum, þótt Noregur sé undantekning þar frá.

Í mínum huga er alveg nauðsynlegt að huga vel að fortíðinni og þeim aðstæðum og umræðum sem uppi voru í þjóðfélaginu þegar EES-samningurinn var lögfestur, þegar við núna ræðum hugsanlega aðild Íslands að ESB. Við skulum flýta okkur hægt, vinna heimavinnuna þannig að ef við teljum rétt að ganga í ESB sé undirbúningurinn klár.

Í þessu efni eru nokkur grundvallaratriði fyrir hendi sem ekki verður horft framhjá.

Við gerð EES-samningsins átti að ganga frá ákvæðum stjórnarskrárinnar, t.d. hefði verið rétt að semja ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur við vissar aðstæður, m.a. þegar kemur að valdaframsali í þá veru sem EES-samningurinn hefur í för með sér. Í mínum huga var gengið skarpt fram við gerð EES-samningsins og vel má vera að það hafi verið nauðsynlegt á þeim tíma. Hins vegar er staðreyndin sú, að áhrif samningsins inn í íslenska löggjöf hafa verið meiri en þorri manna gerði sér grein fyrir.

**Stjórnarskrárbreytingar**

Íslendingar eiga ekki að sækja um aðild að ESB fyrr en fram hafa farið nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni. Mikið hefur verið sagt og skrifað um ESB og í raun engin ástæða til að setja af stað enn eina nefndina um atriði sem þegar liggja fyrir, eins og t.d. kosti og galla sambandsaðildar. Á endanum er um að ræða ákvörðun sem íslenska þjóðin á að taka út frá hagsmunum landsins til lengri tíma. Hins vegar hefur skort á frekari umræðu um þau undirbúningsskref sem þarf að taka ÁÐUR en hægt er að taka afstöðu til kosta og galla ESB-aðildar.



Það kann vel að vera að innleiðing löggjafar Evrópusambandsins yrði með vandaðri hætti með aðild en ekki, þótt það sé alls ekki útilokað að nýta samninginn um EES betur, sérstaklega hvað eftirfylgni Alþingis varðar.

Þegar horft er til hagsmuna Íslands skal á það minnt að Ísland hefur alla tíð notið þess að vera lítið land. Við höfum náð góðum samningum við stórveldi beggja vegna Atlantsála og þeir fríverslunarsamningar sem við höfum náð, við þjóðir hvaðanæva hafa reynst heilladrjúgir. Við verðum að horfa til þess hvort hægt sé að halda sjálfstæði okkar að þessu leyti frekar en að rogast með öllum þeim þjóðum sem eru í ESB.

Íslenska krónan er lítill gjaldmiðill og veikleikar litillar myntar koma hvað skýrast í ljós þegar þrengir að í alþjóðavísu. Hættan er alltaf sú að hægt sé að spila á smáan gjaldmiðil og fyrir fyrirtæki í alþjóðarekstri getur hún reynst fyrirstaða. En það er afar óskynsamlegt að kasta krónunni þegar harðnar á dalnum og leita að fljótlegustu lausninni sem í huga margra er upptaka evru. Það getur vel verið að við munum sjá hag í því að taka upp evru en það verður að vera um leið og horft er á inngöngu í Evrópusambandið með öllu sem því fylgir. Slíka ákvörðun verða menn að taka þegar jafnvægi er komið á þjóðarbúskapinn.

**Tímaspursmál**

Aðild að ESB tekur langan tíma. Það er ágætt að nota komandi misseri til að fara í gegnum þá þætti sem þarf þannig að ef ástæða þykir til að skoða aðild að ESB strandi það ekki á skorti á undirbúningi heima fyrir. Það dettur engum í hug að útiloka aðild að sambandinu til langs tíma og satt að segja held ég að það sé frekar tímaspursmál en hitt hvenær við stöndum frammi fyrir þessari ákvörðun.

En ef umræðan um Ísland og Evrópusambandið á að vera á skynsamlegum nótum, verður að byrja á réttum enda og þar skiptir undirbúningur hér heima fyrir, og þá ekki síst ákvæði stjórnarskrárinnar, miklu máli.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

**EVRÓPUSAMBANDIÐ - Hvað er til ráða?**

1. Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
2. Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
3. Hvað er til ráða?
   - 3.1. Á að hafna aðild umsvifalaust?
   - 3.2. Á að bíða og sjá til?
   - 3.3. Á að sækja um aðild umsvifalaust?
   - 3.4. Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma t.d. innan þriggja ára.








# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TÓNLIST VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



HÚSGAGNA LAGERSALA

allt að 70% afsláttur

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐSTOFUHÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16




Kjúklingasalatið er bæði hægt að bera fram með öðrum mat og hafa eitt og sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hollt, gott og fljótlegt

***Guðrún Ósk Traustadóttir leiðbeinandi er mikil áhugamanneskja um matargerð og þykir skemmtilegt að búa til ýmsar tegundir af salati. Uppáhaldssalatið hennar er kjúklingasalat sem hún fékk að smakka í fyrsta skipti hjá systur sinni.***

„Þetta salat á systir mín alveg. Ég fékk fyrst að smakka það hjá henni og eftir það hef ég verið mikill aðdáandi þess. Það er mjög einfalt að útbúa salatið og það er bæði hægt að bera það fram eitt og sér eða með öðrum mat,“ segir Guðrún.

Það sem þarf í salatið er þrjár kjúklingabringur, einn pakki af skrúfupasta, einn grænmetisteningur, einn rauðlaukur, eitt bréf af beikoni, einn maribóostur, pakki af furuhnetum, hvítlauksedik, ólífuolía og ítalskt krydd.

„Aðferðin er afar einföld og fljótleg. Ég sýð pastað og set grænmetisteninginn ofan og á meðan sker ég kjúklingabringurnar í litla bita og steiki þær á pönnu. Ég steiki líka beikonið og rista svo furuhneturnar. Ég læt kjúklingabitana og beikonið kólna saman í skál og sker rauðlaukinn, saxa kínakálið og sker maribóostinn niður í teninga,“ útskýrir Guðrún og bætir við: „Þegar pastað er tilbúið set ég það í sigti og læt það standa í smástund meðan ég set saman í litla skál einn og hálfan desilítra af ólífuolíu, hálfan desilítra af hvítlauksedikinu og eina teskeið af ítalska kryddinu. Ég hræri þessu vel saman og helli því svo yfir heitt pastað sem ég hef áfram í sigtinu og læt blönduna renna í gegnum allt pastað. Þegar því er lokið blanda ég öllu vel saman í stóra skál. Gott er að hafa heitt hvítlauksbrauð með salatinu og þá er hægt að gæða sér á þessu frábæra kjúklingasalati,“ segir Guðrún.

*mikael@frettabladid.is*




**Tómatar** eru fræðilega flokkaðir sem ávextir þótt daglega tölum við um þá sem grænmeti. Tómatar vaxa úr egglegi frævunnar og umlykja fræ plöntunnar sem gerir þá að ávöxtum.




Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda. Einnig vantar starfsfólk í uppvask.

Hafið samband í síma 898-3804 eða perlan@perlan.is.

The Pearls cafeteria is looking for full time and part time staff. We offer you a good and positive work environment. We are also looking for dishwashers.

Contact us by tel. 898-3804 or perlan@perlan.is.

PERLAN

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Fluttu inn mexíkóska húsmóður

***Santa Maria er nýr mexíkóskur veitingastaður til húsa á Laugavegi 22a.***

Parið María Hjálmtýsdóttir og Ernesto Ortiz Alvarez reka saman mexíkóska veitingastaðinn Santa Maria en Ernesto er frá Mexíkó. Þau hafa verið saman í fimmtán ár, þar af búið í um fimm ár í Mexíkó.

Ástæðan fyrir því að þau María og Ernesto fóru út í þennan rekstur var einfaldlega sú að þau hafði lengi langað í almennilegan mexíkóskan mat hérlendis og ekki fundið. „Sá mexíkóski matur sem er á boðstólum hér á landi er allur frá Bandaríkjunum, það er enginn staður með alvöru mexíkóskan heimilismat,“ segir María.

Ernesto hefur reynslu af því að vinna á mexíkóskum veitingastöðum bæði hér á Íslandi og í Mexíkó og svo fluttu hann og María inn mexíkóska húsmóður til að kenna þeim að elda alvöru heimilismat. Sú innflutta er Lolita, móðir Ernestos, en hún ætlar að vera þeim innan handar næstu mánuði við matargerðina.

Staðurinn hefur verið vinsæll, sérstaklega hjá Bandaríkjamönnum og Kanadabúum sem þekkja til mexíkóskrar matarmenningar. Þeir Mexíkóar sem búa hérna hafa komið aftur og aftur og vill María meina að það séu góð meðmæli. „Einn þeirra sagði að maturinn væri eins og hjá ömmu sinni,“ segir hún og hlær. Íslendingar hafa einnig tekið staðnum vel, þótt sumir séu haldnir „kryddfordómum“ að sögn Maríu, og eru hræddir um að maturinn sé of sterkur.



María Hjálmtýsdóttir, Lolita og Ernesto Ortiz Alvarez. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

María og Ernesto reyna að halda verðinu í lægri kantinum, dýrasti rétturinn þeirra kostar um þrettán hundruð krónur. „Fólk á ekki að þurfa að fara á hausinn við það að fara út að borða,“ segir María. Eldhúsið er opið frá ellefu á morgnana til tíu á kvöldin á virkum dögum, um helgar er eldhúsið opið til klukkan ellefu. Matseðillinn er fjölbreyttur, aðallega er um mexíkóskan heimilismat að ræða en til þess að koma til móts við hinn alþjóðlega hóp sem sækir staðinn hafa þau María og Ernesto einnig sett á matseðilinn klúbbsamlokur og aðra vestræna rétti. „Gestirnir okkar eru af öllu þjóðerni, í raun má segja að við séum eins og lítið útibú frá Alþjóðahúsinu,“ segir María. Starfsfólk staðarins er einnig frá hinum ýmsu heimshornum, frá Bandaríkjunum, Kólumbíu, Mexíkó, Brasilíu og frá Litháen. Maríu og Ernesto hefur komið einna mest á óvart hversu fjölskrúðugur hópurinn er sem kemur að borða, en María segir þó að stór hluti viðskiptavinanna sé fólk á miðjum aldri.

*klara@frettabladid.is*


FAMILY TILBOÐ

4 OSTBORGARAR
FRANSKAR, SÓSA OG 2L GOS
2.490 kr

McCain




EIKI FEITI
Barðastöðum 1 - 5
S: 517 - 0667
www.eikifeiti.is

Opnunartími
Opið alla daga 11:00 - 21:00
Sunnudaga 14:00 - 21:00

**Trommusett** handa barninu á heimilinu er kjörin leið til að losna við slen og leti. Óþarfi verður að stilla vekjaraklukkur og heimilið fyllist tónlist og lífi.



# Nöfn gítaranna sótt í norrænu goðafræðina

***Nöfn eins og Mjölnir og Svaðilfari úr norrænni goðafræði eiga lítið skylt við rafmagnshljóðfæri eða hvað?***

Netverslunin Spilverk.com selur handsmíðaða rafmagnsgítara og bassa sem bera þessi kynngimögnuðu nöfn. Að sögn eigandans, Sigþórs Hrafnsonar, þótti viðeigandi að nefna hljóðfærin kjarnmiklum nöfnum svo krafturinn frá sögunni bak við nöfnin yfirfærðist á hljóðfærin. Þau eru sérsmíðuð í Kína og hægt að fá gítar eftir eigin höfði gegnum verslunina. Sigþór, sem er gítarleikari, segir verslunina best geymda leyndarmálið um gítara og bassa á Íslandi. „Það er nú bara vegna þess að ég er ekkert að flýta mér með þetta og ætla ekki að láta þetta fara fram úr mér,“ segir Sigþór, sem á dyggan hóp viðskiptavina meðal íslenskra tónlistarmanna. Á döfinni hjá Spilverk.com er að efna til hönnunarkeppni þar sem fólk getur hannað eigin gítar og vinningsgítarinn verður svo smíðaður.

*heida@frettabladid.is*

**NÝJASTA MÓDELIÐ**
Gítarinn Surtur var sérstaklega samsettur í verksmiðjunni í Kína eftir óskum Sigþórs. Surtur er ekki enn kominn í sölu en er væntanlegur fljótlega.



**SVAÐILFARI 29.000 KRÓNUR**
Svaðilfari var kraftmestur allra hesta. Dró hann heilu björgin til og frá án þess að blása úr nös. Svaðilfari var í eigu smiðs nokkurs er bjóst til að byggja virkisvegg í kringum Ásgarð á sex mánuðum og átti verkið að klárast fyrir sumardaginn fyrsta, en goðin töldu það af og frá að slíkt væri mögulegt. Þegar útlit var fyrir að smiðurinn lyki verkinu brá Loki sér í líki hryssu og tældi Svaðilfara burt frá vinnunni. Átti Loki síðan afkvæmið, hestinn Slepni.



**FENRISÚLFUR 39.000 KRÓNUR**
Fenrisúlfur var úlfur og sonur Loka og Angurboðu, frillu hans úr Jötunheimum. Þegar Fenrisúlfur stækkaði ógnaði hann jafnvel ásum svo þeir vildu binda hann. Gerður var fjötur sem þeir kölluðu Læðing. Fenrisúlfur leysti sig auðveldlega úr Læðingi svo æsir gerðu annan sterkari fjötur en allt kom fyrir ekki. Þá fengu æsir dverga úr Svartálfaheimi til að gera töfrafjötur og með honum tókst að fjötra Fernisúlf en Týr missti aðra hendina í átökunum. Fenrisúlfur stendur síðan bundinn í Jötunheimum til ragnaraka.



**MJÖLNIR 35.000 KRÓNUR**
Hamarinn Mjölnir er í eigu Þórs og er máttugasta vopn ása í baráttunni við jötna. Hamrinum var eitt sinn stolið af jötninum Þrym og vildi hann fá Freyju í skiptum fyrir hamarinn. Þór fór þá klæddur sem Freyja ásamt Loka til Jötunheima og endurheimti Mjölni þegar átti að nota hann til að gefa Þrym og brúðina saman.



Salurinn

FÖSTUD. 28. MARS KL. 20
OG LAUG. 29. MARS KL. 16
OG KL. 20
SÖKNUÐUR - TÓNLEIKAR Í MINNINGU VILHJÁLMS VILHJÁLMSSONAR.
UPPSELT!

SUNNUD. 6. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR.
FRUMRAUN Í TÍBRÁ!

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

X 97·7

# X DOMINOSLISTINN

## 26. MARS

| Síðasta V. | Sæti | Lag | Hljómsveit |
|---|---|---|---|
| 1. | 1. | Who's Got A Match | Biffy Clyro |
| 8. | 2. | Man's Needs | The Cribs |
| 6. | 3. | Guaranteed | Eddie Wedder |
| 9. | 4. | Apartment Story | The National |
| 3. | 5. | Jigsaw Falling Into Place | Radiohead |
| 4. | 6. | Hvar Ertu Nú? | Dr. Spock |
| 11. | 7. | Always Where I Need To Be | The Kooks |
| 13. | 8. | Sky Is Over | Serj Tankian |
| 7. | 9. | The Pathetic Anthem | Mugison |
| **Nýtt** | **10.** | **Stop!** | **Against Me!** |
| **Nýtt** | **11.** | **Afterlife** | **Avenged Sevenfold** |
| 5. | 12. | Next Weekend | Benny Crespo's Gang |
| 10. | 13. | Moving To New York | The Wombats |
| 12. | 14. | Núna | Our Lives |
| 14. | 15. | A-Punk | Vampire Weekend |
| 18. | 16. | Little Lover's So Polite | Silversun Pickups |
| **Nýtt** | **17.** | **No One's Gonna Love You** | **Band Of Horses** |
| 20. | 18. | No Lucifer | British Sea Power |
| **Nýtt** | **19.** | **Cheer Up Boys** | **Foo Fighters** |
| 17. | 20. | Tranquilize | The Killers |




GULL BYLGJAN 909

# FÖSTUDAGUR

28. MARS 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## ÓLAFUR DARRI
þarf að létta sig um 30 kíló

## VALA MATT
byrjar aftur í sjónvarpinu

## ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR
ALDREI FLOTTARI

# Inga Lind kveður til að eignast sitt fimmta barn

Hvatvísin rak hana í fjölmiðlana

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Orri Huginn Ágústsson, leikari og leikstjóri*

„Í kvöld er ég að frumsýna verkið Stjörnustríð með leikfélagi Menntaskólans við Sund í Austurbæ en ég leikstýri verkinu. Á laugardagskvöldinu sýni ég síðan í Jesus Christ Superstar. Það má því segja að helgin fari að mestu í vinnu en þannig er að vera leikari. Ég er nýkominn frá Berlín úr fríi þannig að ég get ekki kvartað.“



# Búferlaflutningar og barn á leiðinni

Við flytjum af landi brott í haust, spurningin er bara hvert. Staðsetningin er ekki alveg komin á hreint en Jóhanna, konan mín, útskrifast úr viðskiptafræði í vor frá Háskólanum í Reykjavík og hyggur á framhaldsnám erlendis,“ upplýsir Guðjón Bergmann, fyrirlesari, rithöfundur, þáttastjórnandi og jógakennari með meiru. Guðjón hefur haft í mörgu að snúast síðan þau hjónin lokuðu Jógamiðstöðinni í Ármúla árið 2006. Hann hefur haldið námskeið og fyrirlestra við miklar vinsældir undir titlinum „Þú ert það sem þú hugsar“, skrifað bækur og greinar og byrjaði í vetur með viðtalsþátt á sjónvarpsstöðinni INN. „Við tókum ákvörðun um það að loka Jógamiðstöðinni á sínum tíma til þess



Guðjón Bergmann

að geta flutt út þegar konan mín hefði lokið náminu. Ég ákvað þá að prófa hvort ég gæti lifað af því að halda námskeið og fyrirlestra. Það hefur gengið vonum framar.“ Guðjón á eftir að halda einhver námskeið áður en fjölskyldan yfirgefur landið í haust og því ætti enginn að örvænta. Búferlaflutningarnir eru þó ekki það eina sem er í spilunum hjá hjónakornunum því lítill erfingi er á leiðinni í heiminn. „Jóhanna væntir sín í lok júní. Planið er að ég verði heima með barnið á meðan Jóhanna verður í skólanum. Þannig fæ ég tækifæri til að sjá um að hún hafi næði til að sinna náminu,“ svarar Guðjón spurður hvað hann ætli sér að gera þar ytra en fyrir eiga þau saman soninn Daníel Loga á sjötta aldursári. „Ef það væri ég sem gengi með barnið þá væri enginn að velta því fyrir sér hvað ég ætlaði að hafa fyrir stafni,“ segir Guðjón að lokum og hlakkar mikið til að takast á við það sem fram undan er. *bergthora@frettabladid.is*

## fréttir



Fjölmiðlakonan Snæfríður Ingadóttir varð léttari í síðustu viku þegar henni og eiginmanni hennar, Matthíasi Kristjánssyni, fæddist stúlkubarn. Snæfríður hefur síðustu ár farið allra sinna ferða á vespu og ekki tekið í mál að fjárfesta í bifreið. Nú verður forvitnilegt að vita hvort hún sé búin að láta útbúa kerru aftan í vespuna eða hvort hún þurfi kannski að skipta vespunni út fyrir fjölskyldubíl.



Og meira af barneignum. Bergur Ebbi Benediksson, lögmaður og Sprengjuhallarmaður, á von á barni með unnustu sinni, Rán Ingvarsdóttur, lögmanni Barnaheilla. Þess má geta að Rán er tvíburasystir Rúnar Ingvarsdóttur, fréttamanns á RÚV. Mun vera mikill spenningur á heimilinu fyrir fjölguninni og segja þeir sem til þekkja að barnið verði klárlega mikill stuðbolti ef barnið verður eitthvað líkt foreldrunum.

*Ólafur Darri fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni Rokland*

# Léttir sig um 30 kíló

„Ólafur Darri mun fara með hlutverk Bödda í bíómyndinni Rokland,“ segir Marteinn Þórsson leikstjóri. Kvikmyndin er byggð á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar og Böddi er aðalpersóna bókarinnar. „Við höfum verið með áheyrnarprufur síðan í ágúst í fyrra og þetta var mjög erfið ákvörðun. Við vorum þó að lokum sannfærðir um að Ólafur Darri væri rétti maðurinn í hlutverkið á þeim forsendum að hann léttist um þrjátíu kíló,“ segir Marteinn en Ólafur vinnur nú hörðum höndum að því að létta sig. Ólafur Darri þykir einn fremsti leikari þjóðarinnar. Hann hefur verið áberandi í íslenskri kvikmyndagerð og leikhúsi um langt árabil og því verður spennandi að sjá hann takast á við hlutverk Bödda á hvíta tjaldinu. Böddi er fyrrverandi kennari við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, hann býr í kjallaraíbúð í húsi aldraðrar móður sinnar, skrifar meinyrta pistla og fer á skrautleg fyllirí svo fátt eitt sé nefnt. „Við stefnum að því að hefja tökur í sumar,“ segir Marteinn um kvikmyndina sem Pegasus framleiðir. „Tökurnar verða í tveimur hlutum, þar sem við þurfum að hafa bæði sumar- og vetrartökur,“ bætir hann við. Það blasir því við Ólafur Darri hefur ekki langan tíma til þess að grenna sig. „Elma Lísa Gunnarsdóttir fer með hlutverk Döggu, barnsmóður Bödda, og Stefán Hallur Stefánsson leikur hinn kvensama Viðar, bróður Bödda.“ Skipan í önnur hlutverk er ekki alveg komin á hreint eins og er. Rokland er önnur mynd Marteins sem hann leikstýrir í fullri lengd en fyrsta mynd hans, One Point O, hlaut mikið lof gagnrýnenda og tilnefningar og verðlaun á kvikmyndahátíðum úti um allan heim. *bergthora@365.is*



Stefán Hallur fer með hlutverk hins kvensama bróður Bödda.



Elma Lísa Gunnarsdóttir leikur barnsmóður Bödda.



Marteinn Þórsson, leikstjóri Roklands.



Ólafur Darri á mikið átak fyrir höndum.

VALA MATT MÆTIR AFTUR Á SKJÁINN

# Komin í Ísland í dag

Ein ástsælasta sjónvarpskona landsins, Vala Matt, er mætt aftur á skjáinn eftir hlé. Það má segja að hún sé aftur komin heim því frægðarsól hennar byrjaði að rísa þegar hún stjórnaði þættinum 19:19 sem er forveri þáttarins Ísland í dag. „Ég verð með innslög í þættinum sem verða mjög fjölbreytt. Miðpunkturinn verður matur og þá mun ég fjalla um allt mögulegt sem tengist honum,“ sagði Vala sem var í óða önn að klippa fyrsta innslagið þegar Föstudagur náði tali af henni. Í innslögunum mun hún heimsækja fólk og forvitnast um uppáhaldsrétti þess, fara á veitingastaði og skoða frumlega og spennandi hluti. Þegar Vala er spurð að því hvort mataráhuginn sé orðinn meiri en áhugi á húsgögnum og hönnun segir hún svo eiginlega vera. „Þegar maður er búinn að fjalla um húsgögn og heimili í sjö ár samfleytt kemur þörf fyrir að breyta til og skoða aðra hluti. Matur hefur alltaf verið ein af mínum ástríðum. Þegar ég fer til útlanda finnst mér skipta mestu máli að finna góða veitingastaði.“ Matar- og veitingastaðaáhuginn er þó ekki nýr af nálinni því þegar Vala útskrifaðist úr arkitektanáminu í Kaupmannahöfn var hennar fyrsta verkefni að hanna Hressingarskálann en það verkefni notaði hún sem lokaverkefni í skólanum og fékk góða einkunn fyrir. „Prófessornum mínum fannst góð hugmynd að nota Hressingarskálann í lokaverkefnið og í framhaldinu af því fór ég að stúdera veitingastaði og kaffihús ofan í kjölinn. Ég var svo heppin að þáverandi kærastinn minn, Ellert B. Schram, bauð mér til Parísar til þess að stúdera veitinga- og kaffihús í heila viku. Upp frá þessu verkefni hefur matur og allt sem honum við kemur alltaf verið stórt áhugamál hjá mér. Ég hlakka til að vinna þetta efni fyrir Ísland í dag því þar er stór hópur af bestu sjónvarpsfólki landsins,“ segir Vala full tilhlökkunar. *martamaria@365.is*



Vala Matt sjónvarpskona er alsæl með nýja samstarfsfólkið sitt. MYND/STEFÁN


## FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000




# Allt í steik

*framlengt til 31. mars*

## 4ra rétta seðill

1 PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi og rjóma–jarðsveppaosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

3 KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti, spínati og sítrónusósu

*eða* ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

*eða* NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati, sperglum og Béarnaise-sósu

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Verð frá* **3.990 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Globus ISEN PERLUKAUP VÍKING ora LINDSAY Egils

# borgin mín ÁRÓSAR

SIGRÍÐUR THORLACIUS söngkona hljómsveitarinnar Hjaltalín



**MORGUNMATURINN:** Það býr einn ágætis maður í Árósum sem heitir Helgi, hann býr til frábæran morgunmat, alveg fullkomlega samkeppnishæfan.

**SKYNDIBITINN:** Ég man ekki hvað staðurinn heitir, en hann er í krúttlegu húsi í krúttlegri götu og selur mjög góðan shawarma. Húsið er gult held ég.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Man ekki hvað neinar búðir heita en það er mikið af flottum „gen-brugs“-búðum þarna. Síðan er ótrúlega næs að setjast inn á Riz Raz í einn kaldan og hvíla lúin bein og verslunarvarninginn.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Ég ímynda mér að ef maður byggi í svona krúttlegri borg myndi maður kaupa sér eitt krúttlegt hjól og hjóla og hjóla.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Ég mæli með pylsu og kókómjólk í Seven Eleven. Það getur örugglega verið mjög rómó með réttu hugarfari.

**BEST VIÐ BORGINA:** Helgi besti vinur minn, hann er klárlega það besta við Árósa. Allar borgir væru góðar borgir ef þær ættu eitt stykki Helga Steinar.

*Drykkur vikunnar*

## VANILLA CITRUS KICK Á 101

Frískandi kokkteill nú þegar vorið svífur yfir vötnum og verður án efa drykkur sumarsins.



*Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti og hjúkrunarfræðingur, gerir allt vitlaust í Danmörku*

# 48 ára og flott

Íslendingar þekkja næringarþerapistann Þorbjörgu Hafsteinsdóttur en hún hefur hjálpað mörgum Íslendingum að komast í kjörþyngd og öðlast betra líf með því að breyta um mataræði. Nú er hún búin að gefa út bókina „10 år yngre på 10 uger“ í Danmörku en Þorbjörg hefur verið búsett þar síðustu 20 árin. Bókin kom út 12. mars síðastliðinn og hefur gert allt vitlaust í Danmörku, seldist upp á fyrstu dögunum en nú var þriðja upplag að koma úr prentun. „Bókin er samantekt á reynslu minni og vitneskju. Mér finnst ég þekkja konur mjög vel eftir að hafa unnið með þeim í tæp 20 ár enda eru konurnar sem ég hef hjálpað mörg þúsund. Í bókinni fer ég yfir hvernig maður getur snúið vörn í sókn, breytt um lífsstíl og yngt sig upp. Það má líka segja að það sé rauður þráður í gegnum það sem konur vilja. Flestar vilja meiri orku, meiri lífskraft, vera jákvæðari og halda sér í kjörþyngd,“ segir Þorbjörg og bætir því við að það þurfi oft að ýta við konum svo þær breyti um lífsstíl. „Það er nauðsynlegt að stunda líkamsrækt, vera jákvæður í viðmóti og bjartsýnn og trúa á eitthvað annað en sykur.“ Bókarkápan hefur vakið mikla athygli en þar situr Þorbjörg sjálf fyrir á nærklæðunum. Hún segir að það skipti miklu máli að vera góð fyrirmynd. „Ég er 48 ára og hef unnið að því að halda mér í formi og það hefur auðvitað ekki verið átakalaust en þetta er þó miklu minna mál en marga grunar. Auðvitað verð ég að sýna fram á að það sem ég er að predika virki,“ segir Þorbjörg sem getur ekki verið annað en stolt af líkama sínum. Þegar hún er spurð að því hvort myndirnar í bókinni hafi verið fótósjoppaðar þvertekur hún fyrir það. Í hittifyrra voru þættir Þorbjargar, 10 grunnreglur, sýndir á Skjá einum. Í þáttunum kenndi hún Íslendingum að sneiða hjá sykri, mjólkurvörum og einföldum kolvetnum. Hún hefur haldið námskeið og fyrirlestra í Danmörku og þann 14. apríl næstkomandi mun önnur bók úr viskubrunni Þorbjargar líta dagsins ljós. „Það er uppskriftabók sem ég vann með vinkonu minni. Þetta er algerlega rétti tíminn núna fyrir svona bækur,“ segir Þorbjörg sem er rétt að byrja.

martamaria@365.is




Topp 20 SKÍFULISTINN Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 28 Mars - 5 April 2008

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Hjaltalín | Sleepdrunk Seasons |
| 2 | Mugison | Mugiboogie |
| 3 | Sprengjuhöllin | Tímarnir okkar |
| 4 | Lay Low | Ökutímar - tónlist úr leikriti |
| 5 | Páll Óskar | Allt fyrir ástina |
| 6 | Radiohead | In Rainbows |
| 7 | Hjálmar | Ferðasót |
| 8 | Bloodgroup | Sticky Situation |
| 9 | Einar Scheving | Cycles |
| 10 | Ýmsir | Femin 2008 |
| 11 | Eagles | Long Road Out Of Eden 2CD |
| 12 | Hannah Montana | Hannah Montana 2 |
| 13 | Eric Clapton | Complete Clapton 2CD |
| 14 | Sigur Rós | Hvarf / Heima 2cd |
| 15 | Jack Johnson | Sleep Through The Static |
| 16 | Leona Lewis | Spirit |
| 17 | Ýmsir | Pottþétt 45 |
| 18 | Nick Cave & The Bad Seeds | Dig, Lazarus Dig!! |
| 19 | Villi Vill | Myndin af þér (3CD) |
| 20 | Ellen Kristjánsdóttir | Einhversstaðar einhverntíma |



VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Ratatouille |
| 2 | Stardust |
| 3 | 101 Dalmatians PE |
| 4 | Doddi þættir 1-8 |
| 5 | Astrópía |
| 6 | Nancy Drew: The Mystery |
| 7 | Grettir í Raun |
| 8 | Jungle Book - ísl.tal |
| 9 | Elizabeth The Golden Age |
| 10 | Knocked Up |
| 11 | No Reservations |
| 12 | Grey's anatomy Sería 3 |
| 13 | Næturvaktin |
| 14 | Harry Potter the Order of Phoenix |
| 15 | Shoot'em Up |
| 16 | Top Gear |
| 17 | Meet the Robinsons DVD |
| 18 | Toy Story |
| 19 | In the Land of Women |
| 20 | The Wild |

S·K·Í·F·A·N


adidas
Impossible is Nothing
adidas.com/women

# fatastíllinn

*Sara Oddsdóttir, verslunareigandi Rokks og rósa*

**1.** „Náttkjólinn minn frá Rokki og rósum.“ **2.** „Þessi kjóll er frá Bad Pony merkinu mínu úr Rokki og rósum.“ **3.** „Uppáhaldskjóllinn minn. D&G kjóll sem Daði, tilvonandi eiginmaður minn, gaf mér.“ **4.** „Þetta er dæmigerður alklæðnaður fyrir mig. Ég er oftast í hvítum bol eða skyrtu og svörtu síðu pilsi úr R&R eða buxum og þarf ekki mikið að hugsa hvort allt passi saman. Þegar maður vinnur með föt allan daginn er gott að geta verið í einhverju einföldu og stílhreinu. **5.** „Ég hlakka mikið til að sóla mig í þessu fína bikiníi en ég keypti það í versluninni La sensa um daginn. Fer samt ekki alveg í því í Vesturbæjarlaugina, nema kannski þessa tvo daga á ári þegar sólin skín og það er logn á sama tíma.“ **6.** „Stígvélin mín, nauðsynjavara hér á Íslandi, þau eru úr Rokki og rósum og eru mikið notuð.“

## Elskar fallega kjóla

**Hvernig myndir þú lýsa þínum eigin stíl?** „Dagsdaglega er ég frekar stílhrein en elska fallega kjóla.“

**Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum? Áttu þér einhverja fyrirmynd?** „Ég get ekki nefnt eitthvað eitt þegar kemur að fatastíl eða fyrirmynd. Ég held að innblástur komi alls staðar að.“

**Hvar verslar þú helst?** „Alls staðar þar sem föt eru. Ég skoða ólíklegustu búðirnar og finn þar ótrúlegustu hluti.“

**Uppáhaldshönnuður:** „Það eru svo margir flottir hönnuðir til og fullt af ungum upprennandi hönnuðum sem eru að koma fram. Í gegnum tíðina hafa þó Dolce & Gabbana verið mitt uppáhald.“

**Bestu kaupin:** „Hvítir bolir.“

**Verstu kaupin:** „Þröngir skór.“

**Fyrir hverju ertu veikust:** „Skóm.“

**Uppáhaldsbúðin:** „New York.“

**Nauðsynlegt í fataskápinn:** „Hvítar skyrtur.“

**Hvað langar þig mest í fataskápinn þessa stundina?** „Mig vantar skó við brúðarkjólinn minn.“

**Hvað finnst þér um íslensku tískuna?** „Mér finnst íslenska tískan frábær og finnst við ekki mega gleyma gömlum hefðum, gúmmítúttum og lopasokkunum.“


1


5


4


2


3


6




FOSSIL
AUTHENTIC
FOSSIL
what Vintage are you?

*Inga Lind Karlsdóttir, sjónvarpskona í Íslandi í dag, mun brátt hverfa af skjánum til að taka þátt í mikilvægasta hlutverki lífsins, að fæða barn. Í viðtali við Mörtu Maríu Jónasdóttur segir hún frá því hvernig hún syndir áfram án þess að gera nein plön heldur grípur daginn þegar rétta tækifærið gefst.*

# Nýtur sín best í annríkinu


MYND/VALLI

Inga Lind Karlsdóttir er komin í leyfi frá Íslandi í dag. Nú bíður hún spennt eftir að fimmta barnið komi í heiminn.

Eins og landsmenn hafa tekið eftir gengur Inga Lind ekki einsömul. Í lok maí er von á fimmta erfingjanum sem er beðið með mikilli eftirvæntingu. „Það eru sex ár síðan ég gerði þetta síðast og ég finn alveg muninn. Ég hélt að ég væri í rosalega góðu formi því ég er búin að vera svo mikið í ræktinni en þessi meðganga er búin að vera erfiðust af þeim öllum. Fyrstu fjóra mánuðina var ég meira og minna frá vinnu því ég var með svo mikla ógleði,“ segir Inga Lind sem gengur með stelpu undir belti. Fyrir á hún þrjár stelpur og einn strák. „Ég var ekki svo heppin að fá að ganga með elstu stelpuna, en það er kannski líka ágætt því þá hefði ég þurft að gera það þegar ég var 16 ára,“ segir hún og hlær en maðurinn hennar, Árni Hauksson, átti hana áður en þau kynntust. Þegar hún minnist á stjúpdóttur sína lifnar yfir henni. „Hún er svo frábær, fyrirmynd hinna barnanna minna og ofsalega góð vinkona mín,“ segir hún og viðurkennir að hún æfi sig á henni að vera unglingamamma. „Mér finnst svo fyndið að vera með 16 ára ungling á heimilinu því mér finnst ég hafa verið 16 ára í fyrra.“ Hún játar að stundum finnist henni spaugilegt að hugsa til þess að vera með öll börnin á heimilinu þegar hún eigi sjálf eftir að ákveða hvað hún ætli sér að verða þegar hún verður stór. Þegar unglingsárin berast í tal segir Inga Lind að hún hafi verið dæmigerður unglingur. „Ég var með gleraugu og spangir. Ég fékk allt sem hægt var að fá, teygjur og beisli, sem gerði það að verkum að ég var alltaf með sprungnar varir.“ Þótt hún segi frá þessu á kómískan hátt var þetta síst af öllu auðvelt því hún datt á andlitið þegar hún var tíu ára sem gerði það að verkum að önnur framtönnin gekk til baka upp í góminn, í gegnum neðri vörina, og til þess að laga tennurnar þurfti að draga þær niður með spöngum. „Ég skil ekkert í fólki sem segist ekki þola tannlækna því ég á þeim starf mitt að þakka, og raunar svo margt annað líka. Ég myndi ekki vinna í sjónvarpi ef það væru ekki til góðir tannlæknar á Íslandi. Þetta var margra ára vesen og er eiginlega enn þá. Þegar ég losnaði við teinana varð ég kannski svolítið meiri gella,“ segir hún og rifjar það upp að aðalklæðnaðurinn hafi verið Levi's-gallabuxur, hettupeysa og kaðlapeysa yfir hana. Síðan hafi hún haft hárið í tagli og verið í strigaskóm meðan hún hjólaði um Garðabæ þveran og endilangan. „Á þessum tíma hafði ég engar áhyggjur af fötum eða snyrtidóti, það kom allt seinna,“ segir hún og viðurkennir að henni finnist óskaplega leiðinlegt að velja sér föt til að klæðast í sjónvarpinu og hún hafi ekki lært að mála sig fyrr en hún byrjaði á skjánum. „Ætli ég sæti ekki í hettupeysunni í settinu ef ég fengi ekki stundum hjálp,“ segir hún og brosir.

**Kunni ekki að skipta á**

Það er ekki algengt að konur um þrítugt eigi fjögur börn og gangi með fimmta barnið. Aðspurð hvort hana hafi vantað fimmta barnið inn á heimilið segir hún að fólk ráði þessu ekki. „Ef ég gæti svarað því af hverju maður eignast börn þá væri ég sennilega búin að leysa lífsgátuna. Maður ræður þessu ekki nema að vissu marki, en það var eins og það vantaði eitt barn í viðbót,“ segir hún en í þessum töluðu orðum eru iðnaðarmenn að smíða fleiri skápa svo það muni ekki væsa um örverpið. Í dag er yngsta barnið á heimilinu sex ára. Hún segir að líklega hafi hún verið farin að hafa það aðeins of gott því þegar síðasta holl var lítið var hún með þrjú börn undir fimm ára. „Ég hafði aldrei skipt á ungbarni fyrr en ég eignaðist barn sjálf og það þurfti að kenna mér það uppi á spítala,“ segir hún og hlær. Þegar hún rifjar upp hvernig hafi verið að vera með þrjú börn undir fimm ára viðurkennir Inga Lind að það hafi verið erfitt. Þegar hún er spurð að því hvernig hún hafi komist í gegnum það tímabil segist hún varla muna það. „Ég veit það ekki, sumt er enn þá í móðu og ég man ekkert. Það var erfitt en á sama tíma skemmtilegt. Ætli það vaki ekki fyrir mér núna að vera með eitt krútt sem ég get einbeitt mér að því ég var á tímabili með tvö börn á bleiu og eitt að byrja í skóla. Það voru til dæmis átök að fara í búðina að kaupa í matinn. Ég fór alltaf í Fjarðarkaup, og geri raunar enn, því þeir eru með extra stórar kerrur sem er hægt að koma þremur börnum í. Eftir svona ferðir þurfti ég að hvíla mig því ég var alveg búin á því og reyndi því að gera þetta ekki oftar en einu sinni í viku,“ segir hún og brosir.

**Þriðja starfið er vanmetið**

Talið berst að húsmóðurstörfum. Það kemur í ljós að í raun er hún gamaldags húsmóðir í sér. Hún tekur til dæmis slátur, steikir kleinur og býr til flatkökur þegar sá gállinn er á henni. Vegna vinnunnar er hún þó sjaldnast heima á kvöldin og þá sér eiginmaðurinn um að fæða ungana. „Ég hef reynt að virkja manninn minn í eldamennskunni og hef gefið honum alls kyns matreiðslubækur en það er reyndar eiginlega alltaf spaghettí bolognese þegar ég kem heim,“ segir hún og bætir því við að ef hjón ætli að vinna bæði úti verði þau að taka það með í reikninginn að einhver annar verði að vinna þriðja starfið sem er heimilið. „Hérna áður fyrr var það fullgilt starf að vera húsmóðir og konur gjarnan titlaðar sem slíkar í símaskránni. Enda er fullt starf að sjá um heimilið og hugsa um börnin.“ Til þess að hún geti unnið úti fær hún hjálp við að þrífa og svo er hún með barnapíu í vinnu sem skutlar börnunum í aukatíma, sellótíma, fimleika og fótbolta. „Það verður að vera þannig því annars gæti álagið orðið allt of mikið og reynt um of á hjónabandið.“ Finnst þér það ekkert dýru verði keypt að vinna úti? „Þetta er bara reikningsdæmi. Til dæmis held ég að ég myndi samt setja barnið mitt til dagmömmu eða leikskóla þótt ég væri heimavinnandi.

*Besti tími dagsins:* Klukkan hálfátta á morgnana þegar allir eru nývaknaðir að borða morgunmat og lesa blöðin. Líka hálfátta á kvöldin þegar útsendingu Íslands í dag er lokið og ég á leiðinni heim í faðm fjölskyldunnar.

*Morgunmaturinn:* Cheerios eða hafragrautur að hætti húsbóndans.

*Diskurinn í spilaranum:* Einhver með hörundsdökkri söngkonu en eiginmaðurinn hlustar eingöngu á slíka tónlist. Ég man aldrei hvað þær heita þessar gellur.

*Bíllinn minn er …* alveg nógu stór fyrir sjö manna fjölskyldu.

*Líkamsræktin:* Já, hún. Hún fer á fullt eftir fæðingu í vor og þá verður það örugglega mömmuleikfimi hjá Lóló.

*Hvað kætir þig?* Börnin mín og litlu gjafirnar sem þau færa mér á hverjum degi. Líka góður matur.

*Uppáhaldsmaturinn:* Allt sem Áslaug vinkona mín eldar.

*Ef þú værir ekki sjónvarpskona, hvað þá?* Blaðamaður. Eða bóndi.





FERMINGARTILBOÐ
sjá www.svefn.is
Svefn & heilsa
Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150
Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233


# fermingar

FÖSTUDAGUR 28. MARS 2008

Harpa Hrund ljósmyndari
**tekur persónulegar fermingarmyndir**

BLS. 4





FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Tilvalin gestabók fyrir fermingarbörn sem spila fótbolta. Litir og föndur. Verð 2.390 krónur.

## Dýrmætar minningar

Í flestum fermingum liggja gestabækur frammi sem seinna geyma dýrmætar minningar.

Í þær skrifa fermingargestir nöfn sín og jafnvel orðsendingar og heilræði til fermingarbarnsins. Eins má líma í þær myndir, skeyti og annað sem tilheyrir fermingardeginum.

Margir kaupa hefðbundnar bækur og láta jafnvel letra nafn fermingarbarnsins á þær. Aðrir vilja hafa bækurnar skreyttar í anda fermingarbarnsins eða í því litaþema sem er valið. Þá getur verið gaman að gera eigin bækur og má finna spennandi efnivið í föndurverslunum. *- ve*



Gestabækur úr Garðheimum með vösum fyrir skeyti og myndir. Með áletrun kostar hver bók 3.480 krónur.



Bleik bók með silfruðu skrauti. Fæst í Litir og föndur. Verð 2.500 krónur.



Anna María design. Töff silfurhringur fyrir stráka. Verð 9.500 krónur.

## Glóandi glingur

Litlir pinklar með skartgripum leynast yfirleitt á gjafaborði fermingarbarna.

Þeir gleðja augað og sumir endast ævilangt. Stelpur fá eflaust meira af glingri en þó eru til flottir hlutir handa ungum herrum.



Jón og Óskar. 14 karata gullkross með lituðum sirkon-steinum. Verð 9.200 krónur.

# Ferming í gróandanum

**Víða í sveitum landsins er beðið með fermingar þar til kemur fram á vorið og náttúran er vöknuð af vetrardvalanum.**

Hvítasunnan hefur jafnan þótt hátíðlegur tími fyrir ungmennin til að staðfesta skírnina. Hinn græni litur myndar þá fagran bakgrunn við athöfnina, gróðurilmur er í lofti og fuglasöngur í mó.

Meðfylgjandi myndir tók Gunnar V. Andrésson ljósmyndari í fyrravor í Skógakirkju undir Eyjafjöllum. Þar var sérstök stund er Daníel Kolbeinsson frá Selkoti játaði sína trú við altarið hjá sr. Halldóri Gunnarssyni, presti í Holti. Skyldfólk og sveitungar fylgdust með, sungu og báðu Daníel blessunar. Síðan gengu allir út í sólskinið. *- gun*



Hér ganga þeir sr. Halldór og Daníel til kirkjunnar úr skrúðhúsinu í gamla bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# Játar trúna á Þingvöllum

**Þingvellir eru hátíðlegur staður til að fermast á. Það mun Anton Björn Sigmarsson verða einn um að upplifa hinn 27. apríl á þessu vori.**

Anton Björn á heima á Seltjarnarnesi en með því að fermast í Þingvallakirkju kveðst hann halda í hefð sem skapast hafi í fjölskyldunni. „Foreldrar mínir giftu sig í Þingvallakirkju, systir mín var bæði skírð þar og fermd og ég var skírður þar líka,“ segir hann.

Það verður að teljast vel við hæfi að tjá sína kristnu trú á þeim stað á Íslandi sem kristni var lögtekin en veit Anton Björn hver var ástæðan fyrir því að foreldrar hans fóru upphaflega að leita til Þingvalla með kirkjulegar athafnir? „Já, ástæðan var sú að sr. Heimir Steinsson Þingvallaprestur var persónulegur vinur fjölskyldunnar. Hann lést rétt áður en systir mín fermdist en sr. Sigurður Grétar Helgason, prestur á Seltjarnarnesi, hljóp þá í skarðið. Hann ætlar líka að ferma mig,“ svarar Anton Björn skilmerkilega. Hann hefur gengið til spurninga í Seltjarnarneskirkju í vetur og sótt þar messur en er nemandi í Landakotsskóla og segir flest skólasystkini sín þegar hafa fermst í Dómkirkjunni.

Það er fleira sögulegt við ferminguna hans Antons Björns. Fötin sem hann valdi eru líka óvenjuleg. „Ég fermist í smóking sem afi minn saumaði og átti. Hann hét Guðbjörn Jónsson og var klæðskeri og fótboltamaður í KR. Fötin passa alveg 100 prósent á mig svo ég er heppinn með það,“ segir hann ánægjulega. Hann kveðst verða í kyrtli við athöfnina eins og venja sé en í smókingnum undir og svo í veislunni. „Ég fékk líka önnur jakkaföt til að eiga því það eru fleiri í ættinni sem vilja nota jakkann hans afa,“ útskýrir hann. Skyldi hann kannski ætla að halda veisluna í Valhöll? „Nei, svo flott verður það nú ekki,“ svarar hann brosandi. „Þetta verður samt dálítið stór veisla og hún verður í KR-salnum.“

Í lokin er Anton Björn spurður hvort hann hlakki ekki til fermingarinnar. „Jú,“ svarar hann glaðlega. „Ég er alltaf að verða spenntari og spenntari.“ *- gun*



Anton Björn fermist í dýrindis smóking af klæðskeranum afa sínum, Guðbirni Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# UPPRENNANDI

Gerð: Jónína

Litir: Bleikur, rauður, grænn, blár, hvítur og svartur

Efni: Ítalskt Tecnostretch

Verð: 12.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

Himneskir herskarar – Fermingarstyttur



Auðbrekka 4, gengið inn bakatil.
Upplýsingar í síma 862 2783 eða 552 1783.

# Hvíti kyrtillinn látinn fjúka

**Fermingarmyndin er í hugum margra stíf og hátíðleg í hvítum kyrtli en nú er af sem áður var.**



Harpa Hrund Njálsdóttir ljósmyndari vill ná persónuleika krakkanna fram í fermingarmyndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fermingarmyndirnar í dag eru oftar en ekki líflegar og skemmtilegar og hvíti kyrtillinn í aukahlutverki. „Krakkar á þessum aldri eru oft svolítið stíf svona spariklædd og líka stressuð fyrir myndatökuna. Yfirleitt næ ég betur til þeirra þegar þau eru komin í sín eigin föt,“ segir Harpa Hrund Njálsdóttir ljósmyndari sem rekur ljósmyndaver Hörpu Hrundar í Fákafeni 11.

Harpa reynir að ná fram persónuleika krakkanna í myndunum og hvetur þá til að koma með sitt eigið dót í tökuna. „Stundum koma þau með náttfötin sín og bangsann. Oft líka eitthvað tengt áhugamálinu. Stundum koma þau með gæludýrin sín og hingað hefur komið öll flóran af dýrum. Páfagaukar, kettir og hundar og einu sinni kom hæna með í myndatöku.“ Það er því aldrei nein lognmolla í vinnunni hjá Hörpu og enginn dagur eins.



Harpa segir oftast afslappaðra andrúmsloft þegar krakkarnir eru í sínum eigin fötum.

„Krakkarnir hafa verið duglegir að koma með fótboltann og jafnvel hefur verið spilað á gítar fyrir mig í myndatöku svo það eru oftast læti hérna hjá mér. Ég hef líka farið í hesthús og myndað krakkana með hestinum sínum eða út á mótorkrossbrautir. Ég hef ekki myndað á fermingardaginn því það er nógu stressandi fyrir krakkana að mæta í myndatöku og óþarfi að bæta því við á fermingardaginn sjálfan þegar þau hafa áhyggjur af því að gleyma trúarjátningunni,“ segir Harpa.



Krakkarnir koma oft með hluti tengda áhugamálinu í fermingarmyndatökuna.

Fermingarmyndatakan er líka tækifæri til að smella mynd af allri fjölskyldunni og segir Harpa algengt að fólk geri það. „Þetta er svo dýrmætur tími og alltaf gaman að skoða þessar myndir þegar maður eldist.“

*- rat*

Falleg spil og skákvörur eru góðar gjafir



Skák-klukkur, taflmenn, taflborð, backgammon, Go, púslutöskur, Scrabble, Risk ofl.
Spilavinir
Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna
Langholtsvegur 126 · 104 Reykjavík · Sími 553 3450 · www.spilavinir.is

Hlýjar og mjúkar gjafir



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 · Símar 551 8740 & 511 2004



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

GULL BYLGJAN 909


FERMINGAGJAFIR
FYRIR HRAUSTA KRAKKA
Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553 5320 • www.markid.is
MARKIÐ
GIANT ROCK 26"
21 gíra fjallahjól
álstell með framdempara
Verð aðeins
32.900
SCOTT VOLTAGE
21 gíra Shimano, super stíft
álstell með framdempara
Verð frá
49.000
BOXSETT
púði, hanskar,
sippuband og teljari.
13.990
HAMMER
Boxpúðar verð frá 12.500
Boxhanskar verð frá 3.500
VÖNDUÐ
21 gíra Shimano,
álstell með framdempara
GIANT DÖMUHJÓL
Verð frá
32.900
Handlóðasett 10 kg. 3.990 kr.
Lóðasett 50 kg. 18.700 kr.
KETTLER PRIMUS LYFTINGABEKKUR
TILBOÐ
41.310
PIPAR • SÍA • 80667


Sony Center
Magnaðar myndavélar
Sony Cyber-Shot T2
• 4GB innbyggt minni fyrir allt að 40.000 myndir.
• 8,1 megapixlar og 2,7" snertiskjár.
• Smile Shutter – smellir ekki af fyrr en allir brosa.
• BIONZ örgjörvi – frábær myndgæði og lágur viðbragðstími.
• Full HD tengi við sjónvarp og HD slideshow með tónlist.
• Dual Anti-Blur og Super SteadyShot stillingar til að taka myndir í lítilli birtu.
• Auðvelt að hlaða myndum inn á bloggsíður eða aðrar vefsíður án hugbúnaðar.
Verð: 39.900,-
SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is



Sigrún og Ragnheiður reka í dag saman undirfataverslunina Systur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sigrún á fermingardaginn.



Ragnheiður, til vinstri, móðir systranna Auður Harðardóttir, og Sigrún á fermingardag Ragnheiðar.

# Skemmtilegast að rifja upp fötin

**Systurnar Ragnheiður Helen og Sigrún Edda Eðvarðsdætur reka saman verslunina Systur og eru miklar vinkonur. En þau sex ár sem eru á milli þeirra virkuðu eins og kynslóðabil þegar þær fermdust.**

Samkvæmt minni systranna fór fermingarfræðslan fram einu sinni í viku. Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson heitinn sá um fræðslu og fermingu beggja og fór kennslan fram í kennslustofu eftir að skólastarfi lauk. Þær minnir að ekki hafi verið vinsælt meðal fermingarbarna að bæta eftirsetunni við langan skóladag. Séra Árni reyndi eftir bestu getu að fræða fermingarbörnin um kristna trú og Jesú.

„Ég fermdist 1983 í Laugarneskirkju, ári seinna en mínir jafnaldrar og hafði ekki mikinn áhuga á öllu tilstandinu. Gjafirnar heilluðu mest af öllu,“ viðurkennir Ragnheiður, kölluð Ragga, og tekur fram að það hafi dregið úr áhuga að vera ekki með sínum félögum í fermingarfræðslunni en hún var nýflutt aftur til Íslands eftir fimm ára búsetu í Svíþjóð.

„Ég man að ég pantaði föt upp úr einhverjum lista, gæti hafa verið Freemans. Ég klæddist öllu hvítu, það var reyndar í tísku þá. Það var pils, skyrta og jakki. Þetta fór bara inn í skáp og var held ég aldrei notað aftur. Þetta var voða kerlingalegt. Gæfi samt mikið fyrir að finna þetta núna,“ segir Ragga með eftirsjá en hennar reynsla nýttist vel þegar Sigrún, eða Sissa, fór að velja fermingarfötin sín.

„Ég fermdist 1988 í Áskirkju. Það eina sem Ragga fékk að hafa áhrif á í minni fermingu voru fötin. Mamma og pabbi ákváðu hvernig og hvar veislan var haldin. Ég valdi flott föt, Junior Gaultier pils, fjólubláan topp og hælaskó úr Bossanova. Mjög fullorðinslegt. Pilsið var notað mjög mikið og ég væri alveg til í að eiga þetta pils núna. „Þe næntís is ðe njú eitís!“ segir Sissa stolt og þarf ekkert að skammast sín fyrir fermingarmyndirnar sínar. „Þetta var nú á þeim tíma að ég hafði mjög litla þolinmæði gagnvart litlu systur eins og eðlilegt er. Það eru sex ár á milli okkar og þegar hún fermdist var ég að nálgast tvítugt. Ég var mjög upptekin af öðrum hlutum og hafði takmarkaðan áhuga á þessu fermingarstússi. Mig rámar reyndar í að ég hafi næstum því verið of sein í veisluna sem var haldin í Skíðaskálanum í Hveradölum,“ segir Ragga og man ekki hvort hún nennti að mæta í kirkjuna.

Eftir veisluna eyddu þær systur báðar tíma í að skoða gjafirnar og endurtelja peningana sem þær fengu. Sissa skellti sér í heimsókn til vinkvenna sem einnig voru nýfermdar til að bera saman veislur og gjafir. Þær eru sammála systurnar um að skemmtilegast sé að rifja upp minningarnar sem tengjast þeim klæðnaði sem valinn var fyrir stóra daginn. Annað fellur í skuggann þegar kíkt er í baksýnisspegilinn enda ná myndirnar að segja sögu sem annars er gleymd.

*- vaj*






Frábær fermingartilboð sjá www.svefn.is




**Sá nýjasti og besti frá Leggett**






**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**



**Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með**

**Chiropractic®**

**Amerísku heilsudýnurnar**

**IQ-CARE**

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

## VELJUM GÓÐAR HEILSUDÝNUR FYRIR VAXANDI FÓLK!




**AKUREYRI**

**Svefn & heilsa** ★★★★★




**REYKJAVÍK**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is


COMFORT solutions®
By King Koil®
RÝMINGARSALA!
Vegna nýrrar vörulínu frá King Koil Comfort solution
verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga
á gamla genginu með allt að 30% afslætti.
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
Good Housekeeping Promises
AVERY Spine support (Full XL 135x203) kr. 84.800
AVERY Spine support (Queen size 153x203) kr. 89.900
AVERY Spine support (King size 193x203) kr. 129.800
AVERY Spine support (Twin XL 97x203) kr. 68.900
AVERY Spine support (Cal King size 183x213) kr. 129.800
Enn eru til svefnsófar og stillanleg rúm á gamla genginu.
SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI
Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Það er svo mikilvægur þáttur í lífi barna. Ég held að þriðja starfið sé vanmetið og ég held að konur nái aldrei almennilegri sókn á vinnumarkaðnum ef þær ætla líka að sjá um heimilið aleinar og sjálfar. Ég líki þessu gjarnan við forstjórastarf. Ef konan er forstjóri heima hjá sér þá getur hún ekki verið forstjóri einhvers staðar annars staðar. Enginn getur verið forstjóri á mörgum stöðum. Maður þarf að sleppa takinu heima ef maður ætlar að sækja fram í atvinnulífinu.“

**Hóf ferilinn á DV**

Það er ekki stíll Ingu Lindar að sitja hjá og bíða eftir að hlutirnir gerist. Það má eiginlega segja að hún hafi ratað inn í fjölmiðlavinnu vegna eigin hvatvísi en hún hóf feril sinn á gamla DV, fyrir tólf árum. „Mér hefur alltaf þótt gaman að skrifa, ætli það hafi ekki verið mín sterkasta hlið. Þegar ég var að vinna í sjoppunni Svarta svaninum með skóla forðum daga, sem var á horni Laugavegs og Rauðarárstígs, komu blaðamennirnir á DV gjarnan þangað til að kaupa sér hádegismat. Ég hugsaði með mér hvað það hlyti að vera spennandi starf að vera blaðamaður. Einhvern tímann kom fréttastjórinn Jónas Haraldsson (sem nú ritstýrir Viðskiptablaðinu, innskot blaðamanns) og ég spurði hann hvort hann vantaði ekki blaðamann. Hann sagði að svo væri en sagði að ég þyrfti að taka próf til að koma til greina. Ég fékk að taka próf og svo þurfti blessaður maðurinn að mæta augnaráði mínu í hvert sinn sem hann kom í sjoppuna. Á endanum fékk ég svo vinnuna. Ég byrjaði reyndar á því að sjá um sjónvarpsdagskrána en svo fékk ég fleiri verkefni. Mér fannst þetta æðislegt þótt launin í sjoppunni væru hærri,“ segir hún og bætir því við að síðan hafi leið hennar legið á Skjá einn þar sem hún hafi stýrt versta sjónvarpsþætti í heimi að eigin sögn, Úti að borða með Íslendingum. Þegar yngsta barnið hennar var fimm mánaða, árið 2002, réð hún sig til Stöðvar 2 og fór að lesa fréttir á kvöldin, klukkan níu og klukkan tíu. „Sumarið eftir það fór ég á fréttastofuna til að leysa af og það var alveg rosaleg törn. Þetta sumar voru miklar uppsagnir á Stöð 2 og því mæddi mikið á þeim sem eftir voru. Svo byrjaði ég í morgunsjónvarpinu um haustið. Þetta var mjög töff tími en þetta var svo skemmtilegt. Ég verð að hafa líf og fjör í kringum mig, smá álag og áreiti. Ég þrífst á þessu. Þegar það er rólegt þá finn ég mér eitthvað meira að gera.“ Í dag starfar Inga Lind með bestu vinkonu sinni, Svanhildi Hólm, sem ritstýrir þættinum. Spurð að því hvort það sé ekkert erfitt að vinna með vinkonu sinni segir hún svo ekki vera. „Um daginn spurði ég hana hvort það yrði ekki hræðilegt ef hún yrði að reka mig og þá sagði hún að það stæði ekki til nema ég hætti að mæta með henni í kaffi þegar hún væri svöng. Hún borðar mjög mikið en ég er alltaf tilbúin með henni í kaffi til að halda starfinu,“ segir hún og hlær. Það er stöðugt verið að bera Ísland í dag saman við Kastljósið. Inga Lind segir að það sé ekki hægt að bera þessa tvo þætti samn. „Annar þátturinn er á ríkissjónvarpsstöð en við á einkarekinni áskriftarstöð. Á meðan Kastljósið er í sjónvarpinu er verið að endursýna Friends og Simpsons á Stöð 2. Á meðan erum við að keppa við fréttirnar á RÚV. Við erum með 20 mínútna þátt en þeirra er miklu lengri. Það eru ólík efnistök og ólíkir þættir. Við þurfum að afgreiða allt á miklu styttri tíma og erum mun færri að vinna að þættinum. Að bera þessa tvo þætti saman er eins og að bera saman epli og appelsínur. Lestur Fréttablaðsins er miklu meiri en Moggans en það er eðlilegt þar sem Fréttablaðið er fríblað. Annað væri óeðlilegt. Raunar furða ég mig á að áhorf á fréttir og Kastljós RÚV sé ekki mun meira en það er, í ljósi þess að hvert einasta heimili í landinu nær útsendingunni. Ég held að þið á Fréttablaðinu mynduð ekki sætta ykkur við 30% lestur en það þurfa þeir að gera sem stýra fréttatengdu efni á RÚV. 70% landsmanna kæra sig sem sagt ekki um að horfa á það sem þeir bjóða upp á. Mér myndi finnast það umhugsunarefni ef ég ynni á þessari stofnun.“

Þegar hún er spurð að því hvaða málefni henni finnist skemmtilegast að fjalla um viðurkennir hún að pólitíkin sé alltaf ofarlega á vinsældalistanum. „Mér finnst skemmtilegra að segja frá pólitík en að vera í henni sjálf,“ segir Inga Lind sem var virk í starfi SUS, bæjarmálunum í Garðabæ og í háskólapólitíkinni. „Ég var mjög áköf ung kona en þegar ég byrjaði í blaðamennsku þurfti ég að velja á milli. Það var enginn vafi í mínum huga hvort mig langaði frekar að gera.“

**Hjallastefnan heillar**

Inga Lind og eiginmaður hennar eru í stjórn Hjallastefnunnar. Hún segir að þegar hún hafi heyrt að fyrirtækið væri að leita að hluthöfum hafi hún verið æst í að vera með. „Við eigum og rekum 13 skóla, bæði leikskóla og grunnskóla. Mér fannst að það væri frábært að leggja peninga í þetta þótt maður græði kannski ekki neitt ógurlega mikið á því hvað peninga varðar. Ég settist þarna í stjórn en ég veit hins vegar ekkert hvort það er eitthvert gagn af mér þarna,“ segir Inga Lind en tvö af hennar börnum eru í Hjallastefnuskólum. „Mig svimar af ánægju yfir þessu starfi, enda er Margrét Pála Ólafsdóttir kona sem veit hvað hún syngur. Fyrst og fremst er Hjallastefnustarfið valmöguleiki fyrir foreldra, það er gott að eiga kost á því að hafa barnið sitt í öðru kerfi en því opinbera því þótt það sé ágætt fyrir sitt leyti þá hefur fólk mismunandi þarfir og áherslur, hvort sem það er fullorðið eða ekki. Þetta er ekki fyrir þá sem eiga meiri peninga, þetta kostar nákvæmlega sama og aðrir leikskólar,“ segir hún. Eiginmaður Ingu Lindar stundar viðskipti með góðum árangri. Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi mikinn peningaáhuga segist hún vera alæta á flest málefni og hafi ekki meiri áhuga á peningum en gerist og gengur. Hún segist fylgjast með sýsli eiginmannsins en meira sé það ekki. „Ég er ekki alin upp við mikla peninga. Pabbi minn er kennari og mamma mín vinnur í bókhaldi, ætli ég sé ekki alin upp við ráðdeild, að fara vel með og taka ekki of mikil lán.“ Klukkan tifar, börnin eiga að vera löngu mætt í skólann og því er kominn tími til að kveðja húsmóðurina í Garðabæ sem er alltaf sallaróleg þótt allt sé á suðupunkti.

*martamaria@365.is*


CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

Okkur hjá **Lyfjum og heilsu** er annt um augu kvenna og þess vegna verða

# maskaraskipti*

## dagana 27.mars til 3.apríl
## í apótekum Lyfja og heilsu

***Þú getur komið með gamla maskarann þinn og fengið (2,5 ml) af nýja 39°maskaranum frá Clinique í staðinn.***

**gildir á meðan birgðir endast*






Ef þú kaupir tvo eða fleiri hluti frá Clinique þá færð þú þessa tösku fría með.*

**Inniheldur:**

7 daga skrúbb, mildur skrúbbur fyrir andlit má nota 7 daga vikunnar.
Gula kremið, frábært rakakrem fyrir alla.
High impact maskara, sem þykkir og lengir augnahárin.
Repairwear krem, anti aging krem sem sléttir úr línum og hrukkum.
Varalit.

Virði töskunnar er um 5000 kr.

*gildir á meðan birgðir endast.

***Fæst í eftirfarandi apótekum Lyfja og heilsu:***
*Kringlunni, JL húsinu, Austurveri, Glerártorgi Akureyri, Vestmannaeyjum, Keflavík, og Selfossi.*

Lyf&heilsa
*Við hlustum!*

# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**GUÐDÓM-LEGIR SKÓR**

sem gefa lífinu lit frá versluninni Kron.



**GIRNILEGIR OG KALORÍU-SNAUÐIR**

Ævintýralegt og freistandi – varasalvi frá versluninni KVK.

# Fágað fjólublátt sumar







Fjólubláir tónar verða áberandi í sumar en þessir fallegu litir sveipa tískuna dulúð og dramatík sem var áberandi á tískusýningarpöllum fyrir sumarið. Fjólublái liturinn er í senn rómantískur og fágaður og er góð viðbót fyrir þær sem vilja breyta til án þess þó að skipta algjörlega um gír. Þrátt fyrir að sjálf lóan hafi ekki klæðst þessum fagurlituðu lillatónum nú þegar hún loksins kom til að kveða burt snjóinn þá á þessi munúðarfulli litur eftir að koma í kjölfar söngfuglsins á Íslandi enda hæfa fjólubláu tónarnir íslensku litarafti og veðráttu ákaflega vel.

Það er því nákvæmlega ekkert að því að klæðast fjólubláu í rigningunni en aftur á móti erfiðara að fara út í sólina í skærgulu og halda andliti þegar veður skipast í lofti eins oft vill verða hér á Fróni. Fjólubláar fjárfestingar eru öruggar fyrir sumarið og munu halda gildi sínu hvert sem krónan fer og hvort sem úrvalsvísitalan fer upp eða niður, út eða suður.

*bergthora@365.is*








G-STAR RAW

**REYKJAVIK STORE**

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Nýjar vörur

**opið** föstudag 11-18.30
laugardag 11-17.

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · RAW · marc newson · g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.







1. Frá tískusýningu Marc Jacobs fyrir sumarið 2008.
2. Balenciaga, vor/sumar 2008.
3. Dimmfjólublár kjóll frá Topshop.
4. Ævintýralega flott budda frá versluninni KVK.
5. Giles Deacon, vor/sumar 2008.
6. Sumarskórnir frá versluninni 38 þrep.
7. Blómakjóll frá Warehouse.
8. Rómantískur toppur frá Topshop.
9. Taska sem rúmar næstum því allt, frá versluninni 38 þrep. Nauðsynleg fyrir sumarið og passar við allt.







# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



## FRÍSKLEGAR KINNAR

Til þess að líta ekki út fyrir að vera framliðin er ekkert annað í stöðunni en að setja nóg af kinnalit á kinnarnar. Til þess að það heppnist sem best er frábært að nota risastóran bursta svo við verðum ekki eins og sebrahestar. Kinnaliturinn 02 Bare pinks er akkúrat eins og við viljum hafa kinnalit.



*Lærðu að mála þig alveg eins og Brigitte Bardot*

# Þykkur eye-liner er ómissandi

Ívor á húðin að vera sem ferskust í bland við bjarta glossaða varaliti, pastellitaða augnskugga og skínandi kinnar. MAC-áhrifa gætir frá sjöunda áratugnum þar sem þykkur eye-liner er algerlega málið með skörpum línum í kringum augun eða dökkum augnskuggum sem enda í spíss. Þessi blanda framkallar kynþokkafullt Brigitte Bardot-útlit. Guðbjörg Huldís „make-up artist“ fangaði hina sönnu föstudagsstemningu í förðun. Hún byrjaði á að bera rakakremið, La Mer Moisturizing lotion, á húðina. Það krem hefur svo frábæra eiginleika að það mýkir húðina upp og nærir hana um leið. Svo bar hún Select moisturizing concealer í kringum augu og nef. Þá var komið að því að bera meikið á, Select SPF 15 yfir allt andlit og niður á hálsinn svo ekki kæmu áberandi skil. Því næst bar hún Blot powder yfir andlitið með bursta og Bronzing powder í Golden frá eyrum og niður á kinnbein.

Næst bar hún Vanilla-augnskugga yfir allt augnlokið og upp að augabrún. Í skygginguna notaði hún Espresso, Typographic og Nehru en þeir litir eru allir í náttúrulegum tónum. Að síðustu bar hún Fluidline eye-liner ofan á augnlokið en til að setja punktinn yfir i-ið setti hún Fascinating-augnblýant inn í augað. Til að fullkomna útlitið er nauðsynlegt að nota mikið af svörtum maskara. Varirnar eru ljósar og glossaðar.








Módel: Bryndís hjá S. People
Förðun og hár: Guðbjörg Huldís

## þú kemst ekki í gegnum vikuna ...

... nema að lesa bókina Ösku eftir Yrsu sigurðardóttur. Hún fékk frábæra dóma og er nú komin út í kilju. Þú verður sem sagt að hafa smá tíma því það er ekki séns að þú getir lagt hana frá þér þegar þú ert byrjuð.






...nema að kaupa þér púða með atlas-mynstri í Habitat. Þessi mun hressa upp á tilveruna.



...nema að fá þér húshjálp. Það er glatað að vera heima að þrífa þegar sólin skín og allir eru í vorskapi. Farðu frekar út að leika þér.



...nema að baka speltvöfflur. Þær eru svo ljúffengar og svo getur þú raðað í þig mörgum mörgum án þess að fá í magann.

...nema að klassa þig upp eftir veturinn. Prófaðu að djúsa í nokkra daga, drekktu bara heimatilbúinn grænmetisdjús, og þú munt losa þig við aukakílóin sem hlóðust á þig í vetur.




# Í anda hafmeyjunnar

Lancôme fer óhefðbundnar leiðir í vorlínunni sinni þar sem hönnuður línunnar, Gucci Westman, fangar ljósið og birtuna á annan hátt en tíðkast hefur. Í augnförðuninni leggur hann áherslu á svæðið nær nefinu og opnar svæðið fyrir ofan kinnbeinin. Þetta er fullkomið fyrir konur með lítil augu. Sólarpúður kemur mikið við sögu og á litaspjaldinu eru bronsaðir litir með sjávarblæ. Augnskuggaboxið er þungt í hendi og líkist skel og blái tónninn er eins og sjórinn á fallegustu sólarströndum. Í hverri skel eru tvær plötur, önnur með perlulit sem getur dempað hinn litinn niður ef það er stemning fyrir því.



Engill í sólarpúðri
Hann er tákn förðunarlínu Lancome. Þetta sólarpúður er eitt það vinsælasta á markaðnum.






Star Bronzer
Til að fá fallega áferð á húðina er Bronzernum blandað saman við meikið. Það gefur fallegan gljáa og hárrétta áferð.



Fyrirsætan Daria Werbowy er andlit Lancome. Hér sést hvernig litapallettan er notuð í augnmálningunni. Dökkt í augnkrókinn og lýsist svo eftir því sem aftar er komið. Þetta er óhefðbundið og fallegt.





STJARNA STJARNANNA

Hollywood stjörnurnar velja **OPI** naglalökk.
Þrátt fyrir að hafa ekki gengið niður rauða dregilinn þá lætur OPI þér líða eins og þú hafir gert það.

O·P·I

Litur í auglýsingu: OPI RED

# Áhugasviðsgreining og námstækni

Ásta Kristrún og Valgeir Guðjónsson




# Nemacode og Nemanet

s: 561 2428 / 821 2428
asta@nema.is / valgeir@nema.is

# bland

*í gær og á morgun ...*

**28.03**
Frumsýning á bíómyndinni Stóra planið í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar en handritið er að hluta til byggt á skáldsögu Þorvalds Þorsteinssonar, Við fótskör meistarans. Kvikmyndarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu en grínarinn Pétur Jóhann Sigfússon fer með aðalhlutverk myndarinnar.



**29.03**
Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Maxímús Músíkús I, klukkan 14 í Háskólabíói. Upplagt fyrir þá sem vilja auðga andann.

## díana mist

**PÁSKAHELGIN**

**18. MARS**
Páskahátíðin var formlega sett á þriðjudagskvöldinu þegar ég og vinkonur mínar ákváðum í skyndi að taka forskot á páskasæluna. Boston varð fyrir valinu en staðurinn fylltist af fjöri og fólki þegar gestir Íslensku tónlistarverðlaunanna flykktust á staðinn að verðlaunaafhendingu lokinni. Í því föruneyti voru einhverjir gamlir fortíðardraugar en ég var orðin svo sósuð að ég kippti mér nú ekki mikið upp við það, held ég hafi stungið upp á því við vel valda að mig vantaði bara borða á mig sem á stæði Grúppía ársins 1998. Þau Ólöf Arnalds krúttsöngkonan, Biggi Maus og Sammi Jagúar ásamt bandi sínu voru þar fremst í flokki og héldu stuðinu gangandi fram eftir nóttu. Ég kom heim í seinna fallinu vel gíruð og sannfærð um að það hafi verið rétt ákvörðun að hafa ekki keypt miða á tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður.

**19. MARS**
Ég var nú ekki jafn upplitsdjörf þegar ég vaknaði um morguninn en hresstist þó örlítið þegar líða tók á daginn. Það sem endanlega rústaði þó deginum var barnaafmæli hjá barni vinkonu minnar. Hvað er málið með svona uppákomur? Öskrandi börn, kámugir puttar og gamlar frænkur eru ekki góður kokkteill. Kom heim og langaði mest að skríða upp í rúm. Vinkona mín kom í heimsókn og reyndi að hressa mig við án árangurs.

**21. MARS**
Vinkonurnar komu í mat. Við blönduðum okkur mohito og hlustuðum á Whitney Houston. Eftir argandi skemmtilegan forleik næturinnar héldum við í bæinn þar sem næturdrottingar og -kóngar voru allsráðandi. Östofan breyttist í alvöru vígvöll þar sem gifta fjölskyldufólkið var á algjöru undanhaldi. Á Boston voru það piparsveinarnir Óskar Guðjónsson saxófónleikari og Karl Sigurðsson Baggalútur sem voru hvað mest áberandi enda annálaðir stuðpinnar. Ég hitti aftur sætan strák sem er ekki kvæntur, ekki nýfráskilinn, á engin börn og er samt kominn á fertugsaldurinn. Mér leið eins og ég hefði unnið í lottóinu og yfirgaf vinkonur mínar fyrir vikið og ég og pakkalausi maðurinn héldum út í nóttina. Fullkomið kvöld í alla staði.

**22. MARS**
Vaknaði hress morguninn eftir. Ég snæddi áhyggjulaus morgunverð með manninum en þetta er fyrsta skipti í mörg ár sem ég legg þá athöfn á mig enda þurfti ég ekki að kvíða óþægilegum og óviðeigandi frásögnum af börnum og fyrri samböndum. Við kvöddumst á hádegi og ákváðum að vera í sambandi. Ég lagði mig þar sem ég var að fara að hitta vinnufélagana á Apótekinu um kvöldið. Apótekið hefur verið í hressari kantinum upp á síðkastið. Konurnar úr vinnunni urðu trylltar af æsingi þegar við mættum þar hluta af íslenska landsliðinu í handbolta, Guðjóni Vali, Vigni Svavarssyni, Sigfúsi Sigurðssyni og Alexander Petterson. Ég hálfskammaðist mín fyrir kynsystur mínar, það vantaði bara að þær hefðu málað íslenska fánann á andlitið á sér. Ég lét mig aftur hverfa snemma heim og hitti manninn „án fortíðarinnnar".

**23. MARS**
Eyddi deginum með fjölskyldunni. Við borðuðum dýrindis páskamat og páskaegg í desert. Ég hálffór hjá mér þegar ég las málsháttinn sem ég fékk upphátt fyrir stórfjölskylduna: Viljugum hesti vilja flestir ríða.





**TOPP 10**





Kaffi- og tebollarnir mínir eru í miklu uppáhaldi. Mér þykja heitir drykkir hreinlega betri í litlum skálum heldur en í bollum með hönkum.

Þetta er silfurkross sem ég fékk eftir ömmu mína. Þetta er tákn hreyfingarinnar og mun eldra tákn en kross kristninnar. Ég tek hann ákaflega sjaldan af enda veitir ekki af.

## Erna Kaaber – Fish&Chips maddama



Þessi silfurskeið er í miklu uppáhaldi en hana fékk ég frá elstu dóttur minni, Emilíu Söru, í jólagjöf. Hún gerði hana sjálf. Ég á orðið nokkuð gott safn af listmunum eftir börnin mín sem fá allir að njóta sín um íbúðina okkar.





Gamla matarstellið frá afa og ömmu minnir mig á gömlu góðu tímana þegar kvöldmaturinn var borðaður undir heimsfréttunum á RÚV. Úr þessum hef ég borðað margan rauðgrautinn og frigadellurnar.



Eggin mín. Þetta er prótótýpa af einu lífstyrkjandi drykkjarumbúðum. Unaðslega aðlaðandi form og nærandi í nánasta umhverfi.



Kósíljósið er eftir yngstu dóttur mína, Margréti Klöru. Þau eru öll mjög listræn börnin en þetta ljós gefur alveg sérstaka töfrastemningu þegar ætlunin er að hafa það huggulegt.

Lyklarnir eru ákaflega mikilvægir í mínum huga. Þeir opna staðina sem eru mér allra mikilvægastir. Ég hrópa upp einu sinni í viku að ég sé nú búin að týna þeim en börnin eru hætt að kippa sér upp við það enda vita þau sem er að þeir eru aldrei týndir í raun.



Þessar fallegu art deco eldhúskrúsir fann ég í Fríðu frænku fyrir mörgum árum. Mér finnst þær alveg jafn fallegar í dag og mér fannst þær þegar ég keypti þær.



Brjóstin mín finnst mér gott að hafa í eldhúsinu. Við systir mín steyptum þau á striga og eigum þau í mörgum útgáfum. Uppáhalds brjóstamyndin mín, sem er af síðustu kvöldmáltíðinni, hangir reyndar á vegg í Woodstock en þessi brjóst er líka gott að hafa fyrir augunum þegar við borðum kvöldmat.



Ísbjörninn sem handlaginn sonur minn, Hrafnar, útbjó fyrir mig í skólanum og er mikið stofustáss. Mér þykir mikið vænt um hann.


nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar



Sushi
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS
www.nings.is
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

# Nýr Heilsuleikskóli opnar í Hafnarfirði

## Spennandi störf í boði

**Skólar ehf.** hafa gert þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ um rekstur heilsuleikskóla við Hamravelli í Hafnarfirði, sem gert er ráð fyrir að muni opna að hluta til í júní á þessu ári.

Skólar hafa rekið leikskóla í rúm sjö ár bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurnesjum. Innan fyrirtækisins er mikil reynsla sem snerta bæði fag- og rekstrarsviði leikskóla.

Til að stýra leikskólanum hafa þær Salvör Jóhannesdóttir og Kristín Auður Harðardóttir gengið til liðs við Skóla. Salvör sem leikskólastjóri og Kristín sem aðstoðarleikskólastjóri. Salvöru hefur lengi starfað sem leikskólastjóri og unnið eftir Heilsustefnunni til langs tíma. Salvör er leikskólakennari að mennt með framhaldsmenntun í stjórnun.




„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Stefna Skóla er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi

**www.skolar.is**

## Spennandi störf í boði

Ef þú ert leikskólakennari sem hafur áhuga á næringu, hreyfingu og listum átt þú samleið með okkur. Við leitum að kennurum til að vinna í nýjum heilsuleikskóla í Hafnarfirði þar sem næring, hreyfing og listir eru höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu.

Spennandi störf í boði og kjörið tækifæri fyrir kennara sem vilja taka þátt í að móta leikskóla frá grunni með viðmiðum Heilsustefnunnar að leiðarljósi.

Við leitum að:

- **Deildarstjórum**
- **Sérkennslustjóra**
- **Fagstjórum í íþróttum og listum**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu fólki**

Hafðu endilega samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Hafnarfirði með sterk tengsl við náttúruna og þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla, mun taka vel á móti öllum fyrirspurnum.

**Netfang: skolar@skolar.is**
**Sími: 420-4213**

www.skolar.is

FJÖLDI TILBOÐA • OPIÐ Í DAG 10:00-18:30 OG Á MORGUN 11:00-16:00

# MARS TILBOÐ

## NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN MARS



### GIGABYTE
Black Editon Turn 3

GIGABYTE Black Edition er mjög öflug og sérlega hljóðlát uppfærsla með Dual Core örgjörva og ATI Hybrid HD3200 ofur öflugri Direct X10 skjástýringu.

- Athlon 5000 Dual Core Black Edition
- GIGABYTE 780GM-S2H móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB harðdiskur
- 512MB Radeon HD3200 skjástýring
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
- HDMI, DVI, SVHS, HDTV og FireWire
- Spire BlackFin V hljóðlátur turn

**49.900**
VE12 4.995 Á MÁN | VE lán í 12 mánuði



NÝ LENT

### 2GB
DISNEY USB MINNISLYKILL

Vandaður 2GB Disney minnislykill frá A-Data sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka glæsileg lyklakippa.

- 2GB hraðvirkur minnislykill
- Hágæða vara frá A-Data
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig glæsileg lyklakippa
- Disney ól og samlitur kapall

A-DATA

**2.990**



NÝ LENT

### 9600GT
512MB GEFORCE 9600GT

Öflugasta 9600GT skjákortið í dag með 512MB af 2.0GHz GDDR3 minni, 720MHz kjarna og 100% hljóðlausa Silent Pipe3 tækni.

- 9600GT er alger bylting í skjákortum
- 512MB GDDR3 OC 2.0GHz minni
- TurboForce útgáfa fyrir meiri hraða
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 65nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- PureVideo HD2 háupplausnarafspilun
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
- 100% Hljóðlaus Silent Pipe 3 tækni

GIGABYTE

**21.900**
NÝJASTA TÆKNIN Á BESTA VERÐINU



Strax — Til afgreiðslu á meðan birgðir endast

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

### MB89
PACKARD BELL FARTÖLVA Á TILBOÐI

Glæsileg fartölva frá Packard Bell með sjónvarpskorti og MCE fjarstýringu, 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti.

- Intel Core 2 Duo T5750 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Perluhvít Limited Editon útgáfa
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**139.900**
VE36 5.490 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



Strax — Til afgreiðslu á meðan birgðir endast

### ACER 5315

- Intel Celeron M540, 1.86GHz,
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Intel X3100 skjástýring
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**59.900**
VE36 2.495 Á MÁN



ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI

### 10DVD ÁPRENTANLEGIR

10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða DVD diskar frá Verbatim

**890**



A-DATA

### 1GB MINNISLYKILL

Ótrúlega góður og nettur 1GB minnis-lykill frá A-DATA

**990**



### 2GB DDR2 800MHz

2GB DUAL DDR2 800MHz GOLD XTC vinnsluminni frá OCZ með XTC gullhúðuðum kæliplötum, sérstaklega parað saman til að skila 100% samhæfni og með lífstíðarábyrgð.

**6.990**

## TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með 20,2% vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Ferðalög

Til sölu 2 flugmiðar til Köben, fram og til baka. gilda frá 8. apríl - 15. maí. V. 45 þús. S. 551 2168 & 690 2168.

### Hestamennska



Tökumúll kr. 1.889 kr. Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

Ístölt

Ístölt 2008 verður í Skautahöllinni 5. apríl. Bestu knaparnir og hestarnir mæta!!! En þú?

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Herbergi til leigu, í miðbæ reykjavíkur. S. 861 2319.

**Til leigu**
**Til leigu 135 fm , 4 herbergja íbúð í 203 Kópavogi. Nýleg íbúð með sérinngangi. Laus 1. Maí 2008.**
**Verðtilboð óskast sent á : hvarf203@hotmail.com**

Íbúð til leigu. Flott 3 herbergja, 100 fm í Kópavogi. Laus 1. apríl. Leiga 150 þ. allt innifalið. Uppl. S. 669 5550.

3.herb.ibúð til leigu í miðbænum m/ húsgögnum. 2 svefnh.og stofa.Mjög snyrtil.5680021og8693079

**Leiguliðar Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa Notaðar og nýjar íbúðir til umsóknar. www.leigulidar.is eða 517-3440.

Lítil 2 herb. íbúð í Seljahverfinu til leigu frá og með 1. apríl. Sérinngangur. Nánari uppl. í síma 892 2660 eða á margreth28@hotmail.com

3 herb. rúmlega 100 fm íbúð í Skuggahv. til leigu. Uppl. í síma 660 8505.

Hjarðarhagi - laus starx. Til leigu 3 herb. (88 fm) íbúð á 1 hæð í fjölbýli. Leiguverð 130 þ. Fyrirspurnir ásamt nánari uppl. berist á elin@hive.is

3-4 herb. íbúð til leigu í 101. V. 150 þ. á mán. S. 861 6760.

3 herb. íbúð til leigu í miðbænum. Leiga 110 þ. á mán með hita og rafm. Uppl. í s. 897 1995 & 866 1083.

3 herb. íbúð með húsg. til leigu í 113 í 2 mán. Laus strax. S. 562 5410.

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

### Húsnæði til sölu



**Á Hellisandi, er Hellisbraut 21 til sölu, um 200 kílómetra frá Reykjavík.**
**Hellissandur er mjög miðsvæðis í alla frægu staði Snæfellsness. Skarðsvík, Öndverðanes, Djúpalónssand, Dritvík, Malarrif, Arnarstapa og Hellnar. Í Ólafsvík eru 10 km, 25 km til Grundarfjarðar, 45 km til Stykkishólms á þeirri leið er Bjarnarhöfn þar sem hákarlinn er verkaður. Yfir Fróðárheiði eru 15 km að Búðum, 20 km í Lýsuhólslaug með heilnæma ölkelduvatninu og stutt í fjörurnar á sunnanverðu Snæfellsnesinu.**
**Húsið stendur á sjávarbakkanum.**
**Á vorin sjást háhyrningarnir elta síldina og smala henni saman. Fyrir utan gluggann sitja Selirnir á klettunum og Krossavíkurfjaran er þarna, með fínum sandi og gaman að láta ölduna elta sig þar.**
**Utar eru bátarnir að veiða og sigla fram hjá.**
**Litadýrð kvöldsólarinnar er hvergi fegurri en á Hellisandi og hún litar Snæfellsjökul, sem sést sunnan við húsið. Þar skartar hann öllu sem hann á og er frægur fyrir.**
**Óendanleg fegurð er hér og margt hægt að finna sér að gera og eða, að gera ekki neitt.**
**Hugsarðu um að kaupa hús úti á landi ? Bjóddu þér þá í sunnudagsbíltúr á Hellissand. Upplýsingar í síma 861 7888.**

### Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

### Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Bettís Kópavogi & Garðabæ**
**Starfsfólk óskast á dagvaktir. Einnig óskast starfsfólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

N1

**Þjónustustöð**
N1 óskar eftir lífsglöðu, hressu og áreiðanlegu starfsfólki til starfa á þjónustustöð félagsins í Lækjargötu Hafnarfirði. Um ræðir almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. Nánari upplýsingar veitir Kristján Rósinkransson í síma 660 3252. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

## TILKYNNINGAR



Terr Fjarskipti sjá um leigu á tetra talstöðvum á íslandi

Terr Fjarskipti býður fyrirtækjum, hópum og einstaklingum leigu á tetra talstöðvum. Tetra talstöðvar eru langdrægar talstöðvar sem hafa dreifikerfi um land allt.

Terr
Terr Fjarskipti
Stefán L. s. 846 2608
Ólafur Garðar s. 867 9067
terr@terr.is

## ATVINNA

# Véltæknifræðingar

Okkur vantar véltæknimann til starfa við þjarkalausnir. Vélateikningar, umsjón með undirverktökum og uppsetningar.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Jónsson í síma 510 5200. eða thorkell@samey.is

Samey

Samey ehf, Lyngási 13, 210 Garðabæ

# Hefur þú kraft og metnað?

**Við leitum að dugmikilli og jákvæðri manneskju í starf verslunarstjóra í Krónunni Bíldshöfða**

**Verslunarstjóri ber ábyrgð á stjórnun starfsfólks, vörumeðhöndlun, útliti og daglegum rekstri verslunarinnar. Verslunarstjóri hámarkar hvetjandi starfsanda og jákvæða upplifun viðskiptavina. Verslunarstjóri tekur virkan þátt í sölu og þjónustu.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunar- eða sölustörfum æskileg
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Almenn tölvukunnátta




Sæktu um á www.kronan.is eða sendu umsókn til Krónunnar, b.t. starfsmannastjóra, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 585-7000 eða með tölvupósti gudridur@kaupas.is.

KRÓNAN

## TILKYNNINGAR

### Tollkvóti fyrir kartöflunasl frá Noregi.

Með vísan til reglugerðar nr. 281/2008, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda hinn 19. mars 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir kartöflunasl í tollskrárnúmeri 2005.2003, sem upprunnið er í Noregi og er innflutt þaðan, sbr. bókun 4 við EES-samninginn:

| Tollskrár-númer: | Vara | Tímabil | Vörumagn kg. | Verðtollur % | Magntollur kr./kg |
|---|---|---|---|---|---|
| | Kartöflur: | 01.05.08 -31.12.08 | 15.000 | 0 | 0 |
| 2005.2003 | Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli. | | | | |

Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur auglýstum tollkvóta verður út¬hlutun miðuð við hlutfall innflutnings hvers umsækjanda miðað við heildar¬inn¬flutning allra umsækjenda á kartöflunasli í tollskrárnúmeri 2005.2003 á tíma¬bilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2007. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Skriflegar umsóknir skulu berast til fjármálaráðuneytisins, tekju- og lagaskrifstofu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 18. apríl n.k.

*Fjármálaráðuneytinu, 25. mars 2008.*

**POTRZFBNI PRACOWNICY**
**KIEROWCY KAT. C+E.**
**OPERATORZY KOPAREK**
**PRACOWNICY FIZYCZWI**
**PRACODAWCA ZAPEWNIA**
**PTUGOLETNI KONTRAKT**
**WYGOKIE ZAROBKI**
**TEL 861 9122**

**Hjá Jóa Fel Holtagörðum og Smáralind**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum og einnig vantar á kaffihúsið okkar í Smáralind. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Hulda í síma 695 2933. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum fullt starf. Góð laun í boði. Ekki væri verra að tala smá íslensku. Uppl. gefur Berglind 899 1965 Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300 eða á staðnum.**

**Virt fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar eftir hressum starfskrafti til ýmissa skrifstofustarfa, allt frá umsjón með kaffistofu til innskráningar viðskiptasamninga í tölvukerfi fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að búa yfir ágætri tölvuþekkingu, hafa bílpróf og geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta leitað upplýsinga í síma 660 5505 á skrifstofutíma.**

**Málarar óskast**
**Vanur málari óskast til starfa hjá traustu fyrirtæki. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar veitir Kristján í síma 861 0006. KJ Málun ehf.**

**Sölumaður /Ábyrgðarmál**
Nítró óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann í verslun félagsins að Bíldshöfða. Starfið felur í sér að sjá um ábyrgðarmál Nítró auk sölu á mótorhjólum og öðrum tækjum. Einnig almenn sala á fatnaði og aukahlutum. Æskilegt er að viðkomandi hafi tækniþekkingu á vélum og tækjum. Lágmarksaldur 20 ár. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896 1312. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Aukavinna við sölu um kvöld og helgar**
**Miðlun leitar að sölufólki á kvöldin og um helgar. Verkefnin felast í að hringja til almennings, kynna vörur, selja þjónustu, bóka söluheimsóknir o.fl. Fjölbreytt verkefni sem henta öllum sem hafa gaman af að selja. Við leitum að fólk sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Reynsla er kostur en ekki skilyrði. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki. Nánari upplýsingar hjá andri@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**
**Nánari upplýsingar hjá andri@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

**Starfsfólk óskast**
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

**Rizzo Pizzeria.**
Hresst og skemmtilegt fólk óskast í vinnu. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Bakarar, afgreiðsla og sal. Hress og skemmtilegur vinnustaður. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Uppl. fást á Rizzo Grensásvegi og Bæjarlind. Íslenskukunnátta æskileg.

Óskum eftir traustum einstaklingi á aldrinum 25-40 ára í sölumensku, útkeyrslu og fleira, á milli 08-17. Uppl. í s. 565 7744 milli 16 & 17. Ökuréttindi og íslenskukunnátta skilyrði.

**Hlutastarf**
Óskum eftir starfsmanni virka daga í móttöku í efnalaug, þæginleg vinna sem hentar fólki á öllum aldri. S. 564 6871 & 896 8171.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

**Bar/ skemmtistaður**
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu. Áhugsamir hafi samband í síma 697 8333 & 848 4924.

Annan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna dragnótabát sem gerður er út frá suðurnesjum. S. 853 2999 & 845 3480.

Vélstjóri óskast á 200 tonna dragnótabát sem rær frá suðvestur landi. Véla stærð 900 hö. Uppl. í s. 864 8097.

Óskum eftir röskum, áreiðanlegum starfsmanni til afgreiðslu & lagerstarfa í verkfæraverslun. Uppl. í síma 897 5080.

Vantar fólk í vinnu við þakpappalagnir. Fullt starf. Helst ensku mælandi. Uppl. í s. 849 3106.

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

Sjómaður óskar eftir afleysingaplássi. Vanur netavinnu. Uppl. í s. 770 5374.

45 ára kona óskar e. hlutastarfi dagv. í ca. 8-10 mán. Góð íslensku & norsku kunnátta. S. 695 3764.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Nokia farsími tapasðist þann 11 mars í Grafarvog eða Árbæ. Uppl. í s. 617 6151 eða 566 6492.

Barnaskíða fundust á bílastæði við Skálafell á föstudaginn langa. S. 862 6994.

## Tilkynningar

LAGERSALA-BLEND-BLENDSHE-BLEND SKÓR-PCHYCO OG 4YOU Guðríðarstíg 6 Grafarholti fullt af nýjum sýnishornum, rosalega flott verð opið föst 28/3 12-19 laug 29/3 12-18 og sun 30/3 13-16

## Einkamál

60+ kona óskar að kynnast snyrtilegum kristnum herramanni með gott skopskyn, áhuga á uppbyggilegum samræðum ferðalögum. Mynd + uppl. sendist FBL merkt „Algjör trúnaður"






# Tilboðsdagar

## í Soldis Skútuvogi

Opið alla daga til kl. 21:00

**Ný sending!** af spennandi pottaplöntum í Blómavali!

Soldis
Silkitré & silkiblóm

blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

# Hvar er nú „Fagra Ísland“?

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál


ELÍN G. ÓLAFSDÓTTIR

Það er stríð í landinu; stríð um meðferð og nýtingu náttúru landsins. Fagra Ísland var yfirskrift umhverfis- og auðlindastefnu Samfylkingar í síðustu kosningum. Hvar er það nú – allt gleymt og grafið? Það er arfavont, álíka vont og að vita hina 93 ára gömlu valkyrju, Jóhönnu, vinkonu mína í Haga, búa við það óöryggi og ótta sem ríkir á bökkum Þjórsár. Landsvirkjun er nú með áætlanir um að koma fyrir himinháum uppistöðulónum með viðeigandi tækjum og tólum niðri í sveitinni til að mjólka meira fé úr Þjórsánni. Reynt er að réttlæta gjörðina með því að allt sé það í þágu góðra málefna eins og netþjónabús á Suðurnesjum.

Yfirvarp þetta breytir auðvitað engu um hug fólks til þess að aðliggjandi sveitum verði rústað, það undirstrikar einungis loddaraskap ráðamanna Landsvirkjunar, sem ætla sér að færa allt „virkjanagumsið” niður í byggð, án tilskilinna leyfa. Þeir fara með landið eins og þeir eigi það. Sumir kikna undan stöðugum þrýstingi, ögrunum, ósannindum og viðvarandi ógnunum af hálfu útsendara Landsvirkjunar, en hjá Landsvirkjun virðist fara fyrir sjálfskipaður hópur eins konar lénsherra sem höndlar með ár og vötn sem sína einkaeign í stöðugri leit að meira gulli.

Það er voðaleg tilhugsun að Landsvirkjun víli ekki fyrir sér að færa óskapnaðinn sem fylgir virkjunum niður á tún og engi sveita í byggð. Uppistöðulónin eiga að verða himinhá steypuker (á hæð við Hallgrímskirkjuturn) sem rísa munu við túnfætur helstu býla. Svo er ósvífnin mikil að því er haldið fram í ritum Landsvirkjunar að lónin verði að mestu í ánni og því litlu af landi fórnað. Sennilegt. Til að bíta höfuðið af skömminni er því svo haldið fram að unnt verði að ríða með fjóra til reiðar meðfram óskapnaðinum! Er þetta ekki hámark ribbaldaháttar landsmanna frá upphafi Íslandsbyggðar? Ætli þetta geti ekki orðið upphafið að endalokum sveitabúskapar í landinu? Ég veit að fólkið í sveitunum við Þjórsá er uggandi þótt baráttuþrekið sé óbugað. Gleymum því ekki að gjörningur af þessu tagi væri fordæmisgefandi og óafturkræfur og þá ekki síst ófyrirgefanlegur.

Viljum við fá virkjanadraslið allt niður í byggð um allt land? Óskandi væri að nú stæðum við landsmenn saman og segðum einum rómi: Nú er nóg komið, hingað og ekki lengra!

Það ríkir í raun ófriðarástand í landinu, eilítið annars eðlis en í Afganistan en ófriður samt. Ætla þau sem hafa þessi mál á hendi að láta þetta yfir sig og okkur ganga og lufsast áfram í pilsfaldi frekjufrelsis og yfirgangs Landsvirkjunar eða ætla þau að rísa upp og segja stopp? Skýr svör óskast sem fyrst.

*Höfundur er kennari.*

# Áfram UMF Stúdent?

**UMRÆÐAN**
Háskólasamfélagið


BERGÞÓRA SNÆBJÖRNSDÓTTIR

Stúdentar á Íslandi eru stór og margleitur samfélagshópur. Í Háskóla Íslands einum saman eru yfir 10.000 nemendur, sem þýðir að ef við, sem stundum þar nám, myndum taka okkur saman og flytja á einn stað væri þar komið eitt af stærri bæjarfélögum landsins. Í þessu bæjarfélagi væri að sjálfsögðu íþróttafélag eins og í öllum almennilegum bæjum, segjum að það heiti UMF Stúdent og öll börn í bænum klæðist rauðum og gulum litum félagsins þegar þau eru úti í fótbolta og fallinni spýtu. Eins og tíðkast er mikil hverfisremba í gangi í bænum og íbúarnir afskaplega montnir af því að vera Háskóla-ingar og mæta á flesta íþróttaviðburði, þorrablót og taka þátt í að kjósa sér bæjarstjóra – því það er jú gott að búa í Háskólabæ!

En Háskóli Íslands er ekki bæjarfélag. Og væri hann bæjarfélag væru sennilega fáir veifandi rauðum og gulum fánum UMF Stúdents sé miðað við núverandi anda meðal stúdenta. Það ríkir því miður ekki mikil samkennd meðal okkar stúdenta. Við mætum í fyrirlestra og sitjum svo hvert í okkar horni með skilrúm á milli okkar, niðursokkin í bækur eða vafrandi á vefnum. Þess vegna þarf að minna á að við sem stundum nám við Háskóla Íslands erum stór hópur sem á margt sameiginlegt.

Ég á bágt með að ímynda mér að margir stúdentar séu ánægðir með kjör sín, að þeir séu ánægðir með að þurfa að sætta sig við að fá útborguð laun tvisvar á ári – sem eru ekki einu sinni laun heldur lán. Eða að þeir stúdentar sem þurfa að mæta í tíma um helgar séu sáttir við það – svo fátt eitt sé nefnt. Flestir bera hins vegar harm sinn í hljóði og líta svo á að svona sé stúdentalífið á Íslandi, við því sé fátt hægt að gera.

Það er hins vegar ekki rétt. Saman geta stúdentar myndað öflugt þrýstiafl með háværa rödd úti í samfélaginu sem krefst þess að hlutur þeirra sé réttur, innan veggja Háskólans sem og utan þeirra. Hlutverk Stúdentaráðs Háskóla Íslands er einmitt að virkja þessa rödd og vera hinn sýnilegi talsmaður stúdentahreyfingarinnar.

Innan Stúdentaráðs og nefnda þess vinna tugir einstaklinga að því dags daglega að bæta hag nemenda á alla mögulega vegu, allt frá því að berjast fyrir hærri námslánum til þess að fá fleiri lampa í tilteknar byggingar. En Stúdentaráð er máttlaust hafi það ekki sterkt bakland og umboð stúdenta til að vinna í sína þágu. Töluverður hluti stúdenta veit vart af tilvist Stúdentaráðs eða telur það vera gagnslaust þar sem stúdentar vita ekki af því starfi sem þar fer fram. Þessu viljum við sem sitjum í Stúdentaráði breyta. Það skiptir ekki máli hvort fólk er í grunnnámi eða doktorsnámi, hvort það er mikið uppi í skóla eða ekki neitt – allir hafa tiltekin réttindi sem Stúdentaráð á að upplýsa þá um. Ef stúdent grunar að verið sé að brjóta á þeim réttindum eða hefur einhverjar spurningar er það svo hlutverk skrifstofu Stúdentaráðs að aðstoða hann og á sama hátt er það skylda stúdentsins að styðja við bakið á Stúdentaráði.

Bitur sannleikurinn er því miður sá að þrátt fyrir að gott sé að búa í Háskólabæ er það einnig sá bær þar sem fátækt er langvarandi vandamál og íbúar eiga við alvarlegt vinnualkavandamál að stríða – og því verður ekki breytt nema allir séu virkir samfélagsþegnar og leggi hönd á plóg.

*Höfundur situr í Stúdentaráði fyrir Röskvu og er formaður alþjóðanefndar SHÍ.*






# Stríð og friður

**UMRÆÐAN**
Íraksstríðið


STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Þegar fimm ár eru liðin frá innrásinni í Írak er hægt að telja saman kostnaðinn af stríði annars vegar og ávinninginn af friði hins vegar. Þetta gerir nóbelsverðlaunahafinn Stiglitz í nýrri bók ásamt meðhöfundi sínum Bilmes. Tölurnar eru langt handan við það sem venjulegur maður getur skilið. Þrjár milljónir milljóna dollara eru miklir peningar; hljóma eins og fregnir frá fjarlægum sólkerfum.

Þetta fjarlæga sólkerfi er samt plánetan Jörð og stríðið er bara háð í einum skika þeirrar sömu jarðar. Stríðið hefur nú verið háð í nær 1.900 daga. Tíu daga stríðsrekstur kostar jafn mikið og eins árs framlög Bandaríkjamanna til Afríku. Það hefði verið hægt að tvöfalda framlögin til Afríku í nær 200 ár fyrir hlut Bandaríkjamanna í stríðinu. Þá er ótalinn hlutur annarra ríkja, sem Stiglitz og Bilmes meta til jafnvirðis. Þar bera Bretar meginþunga.

Að mati hagfræðingsins væri hægt að veita 530 milljónum barna heilsugæslu í eitt ár fyrir einn þriðja af heildarkostnaði Bandaríkjanna eins og hann stendur í dag. Eru þó ótaldir vextir af lánum sem tekin hafa verið til að fjármagna þessa herför, en hún er öll tekin út á krít fyrir komandi kynslóðir. Þetta er munurinn á kostnaðinum við stríð og ávinningnum af friði. Eins og hann er mældur í peningum.

### Gegn betri vitund

Fyrir rúmu ári skrifaði Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra Breta, grein í tímaritið Foreign Affairs sem átti að réttlæta stríðin í Afganistan og Írak. Tilefnið var fjögur ár frá upphafi stríðsins sem nú er fimm ára, löngu eftir að lýst var yfir sigri. Í greininni segir Blair stríðin snúast um baráttuna milli „okkar gilda“ og „þeirra gilda“. Þeir eru hryðjuverkamennirnir sem vaða uppi í heiminum.

Í greiningu á röksemdafærslu Blairs sem ég birti á vef mínum – stefanjon.is – benti ég á ýmsa veikleika í rökum Blairs, en helstan þann að hann trúir í raun ekki á þá leið sem hann þó sjálfur kaus að fara í félagsskap við Bush. Hann hefur nefnilega rétt fyrir sér í meginatriðinu. Baráttan fyrir lýðræði, frelsi og mannréttindum má ekki tapast. Og leiðin til þess er einmitt ekki sú sem hann fór, heldur hin sem hann bendir á: Að sýna í verki að „okkar leið“ sé betri en „þeirra“. Blair segir: „Ef við trúum á réttlæti, hvernig getum við liðið að 30.000 börn deyi daglega, þegar við vitum að hægt er að koma í veg fyrir það?“ Og með því að koma á friði í Palestínu væri hægt að sýna fram á í reynd að ólík trúarbrögð og ólíkir menningarheimar geta búið í sátt. Það væri að mati Blairs sýnikennsla í því að „okkar gildi“ duga best.

Í Afríku þarf að berjast gegn fátækt, hungri, sjúkdómum og stríði með því að auka aðstoð, segir hann. Og alþjóðlegt samkomulag um verslun þarf að hjálpa Þriðja heiminum til bjargálna, með því til dæmis, að verndarstefna Evrópu verði aflögð. Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum eru líka hluti af þeirri „hnattrænu íhlutun“ sem Tony Blair boðar og trúir á. Í þeim efnum dugar ekkert nema það „hnattræna bandalag“ sem hann kallar eftir.

Réttilega varar hann við því að einangrunarhyggja verði ofan á í Vesturheimi. Þar eru hann og mannúðarsamtökin bresku Oxfam sammála.

Í einni skýrslu Oxfam er einmitt rakið hvernig aðgerðir Breta og Bandaríkjamanna í Afganistan og Írak kunni að leiða af sér pólitískt bakslag. Aðgerðarleysi á öllum þeim sviðum sem Blair vill taka á af „stórhug“ verði í raun niðurstaðan af stríðinu. Það væri þá tap af þeim toga sem heimsbyggðin þyldi illa og gerði kostnaðinn af stríðinu enn meiri en hagfræðingar geta mælt.

### Hinn sanni kostnaður

„Hinn sanni kostnaður stríðsins“, eins og Stiglitz og Bilmes kalla bókina, felur í sér eftirfarandi fróðleik:

16 milljarðar dollara: mánaðar stríðsrekstur í Írak.

138 dalir: Mánaðarlegur kostnaður á hvert heimili í Bandaríkjunum.

25 milljarðar dollara: kostnaður Bandaríkjanna á ári vegna hækkunar á olíuverði, sem rekja má til stríðsins.

5 milljarðar: 10 daga stríð.

Milljón milljónir: Vextir sem greiðast af stríðslánum næstu 10 ár.

3%: Meðaltekjutap í 13 Afríkulöndum vegna hærra olíuverðs sem rekja má til stríðsins, þetta tekjufall eitt nægir til að þurrka upp þróunaraðstoð í álfunni á einu ári.

En þetta er bara reiknilíkan. Mannlegar hörmungar eru ekki taldar með. Og því til viðbótar kemur svo áfallið fyrir „okkar gildi“.

Hvað segir stríðið og kostnaðurinn af því um gildismat „okkar“ sem trúum á friðsamlegar lausnir, mannréttindi og lýðræði? Allt hefur þetta verið fótum troðið af „okkur“ sjálfum í fimm ár og talning stendur yfir enn.

*Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.*




**479** kr/kg. áður 740 kr/kg.
Ísfugl kjúklingur



**1.698** kr/kg.
Kryddaður lambahryggur




## Hatting

## Hvergi lægra verð!



**899** kr/kg.
Danskar kjúklingabringur




**998** kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Goða ungnautahakk




**279** kr/stk.
Chicago Town þunn osta pizza og pepperoni pizza




## Komin í verslanir Nettó
DVD - American Gangster

Hönnun: Víkurfréttir
H.N markaðssamskipti / SIA

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 27. mars til 30. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Sigurður Sveinn Másson**
síðast til heimilis í Vilnius í Litháen,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju í dag 28. mars kl. 13.00.

**Vaida, Samúel Másson og fjölskylda**
**Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir Silfurteigi 5, Reykjavík**
**Jón Guðmann Jónsson**
**Halldóra Elín Magnúsdóttir** **Guðmundur Sæmundsson**
**Valdís Magnúsdóttir** **Unnsteinn Hermannsson**
**Sólveig Fanný Magnúsdóttir** **Hallgrímur H. Gröndal**
**og aðrir aðstandendur.**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Magnúsdóttir**
Fremri Hundadal, Dalasýslu,

lést á heimili sínu þann 25. mars síðastliðinn.

**Snæbjörg R. Bjartmarsdóttir** **Ólafur Ragnarsson**
**Kristján H. Bjartmarsson** **Halldóra Guðmundsdóttir**
**Jónína Þ. Bjartmarsdóttir**
**Benjamín G. Bjartmarsson** **Ólöf A. Steingrímsdóttir**
**Fanney H. Bjartmarsdóttir** **Bert Y. Sjögren**
**Hrefna S. Bjartmarsdóttir** **Aðalsteinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðni Karlsson,**
Sólvöllum, Eyrarbakka, áður til heimilis að Egilsbraut 9 Þorlákshöfn,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 21. mars. Hann verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn, laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Guðrún Guðnadóttir** **Jón Dagbjartsson**
**Helga Guðnadóttir** **Sæmundur Gunnarsson**
**Þorsteinn Guðnason** **Lovísa R. Sigurðardóttir**
**Katrín Guðnadóttir** **Sigurður Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Jóhannes Sævar Jóhannesson**
frá Vestmannaeyjum, Suðurtúni 19, Álftanesi,

lést fimmtudaginn 20. mars sl. Útförin auglýst síðar.

**Ágústa G.M. Ágústsdóttir**
**Svava Jóhannesdóttir**
**Alda Lára Jóhannesdóttir** **Halldór Klemenzson**
**Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lillý**
**Þórunn Alda Björnsdóttir**
**og systkini hins látna.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns og vinar, föður, bróður, tengdaföður og afa,*

**Kristins Ingibergs Sigurðssonar**
Þórufelli 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lungnadeildar Landspítalans í Fossvogi og krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir**
**Sigsteinn Sigurðsson** **Halla Pálsdóttir**
**Sigríður Sara Sigurðardóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Herdís Elísabet Kristinsdóttir** **Sveinn Ingi Steinþórsson**
**Helena Kristinsdóttir** **Sverrir Kári Karlsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurður Ingi Guðjónsson**
Neðri Þverá, Fljótshlíð,

verður jarðsunginn frá Hlíðarendakirkju laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Kristín Aradóttir og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórður Þórðarson**
Skarðsbraut 5, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 19. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 1. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akraness.

**Halla Þorsteinsdóttir**
**Anna Þórðardóttir** **Kristján Sveinsson**
**Gíslný Bára Þórðardóttir** **Halldór Júlíusson**
**Þóra Þórðardóttir** **Helgi Helgason**
**Rósa Þórðardóttir** **Sigurður Hauksson**
**og afabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Stefánsson**
fv. hótelstjóri, Höfn í Hornafirði,

sem lést að morgni páskadags, 23. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju laugardaginn 29. mars kl. 14.00. Þeim sem vija minnast hans er bent á Hafnarkirkju.

**Svava Sverrisdóttir**
**Hjördís Árnadóttir**
**Sigurbjörg Árnadóttir** **Kristín Þóra Kristjánsdóttir**
**Gísli Sverrir Árnason** **Guðrún Baldursdóttir**
**Guðlaug Árnadóttir** **Hólmgrímur Elís Bragason**
**Gauti Árnason** **Ragnheiður Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær uppeldismóðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Jenný Clausen Ward**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 21. mars sl. Jarðarförin fer fram í Kristskirkju, Landakoti, mánudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Eva Lísa Ward Crawford**
**Peter Crawford**
**Stefán Laurence Stefánsson**
**Sigríður Jenný Svansdóttir**
**Patrick Herbert Svansson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Kristinsdóttir**
Skarðshlíð 6d, Akureyri,

andaðist hinn 19. mars á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. apríl kl. 13.30.

**Kristinn Ásgeirsson** **Þórunn Ingólfsdóttir**
**Aðalheiður Björk Ásgeirsdóttir** **Jóhann Hauksson**
**Harpa Dögg Kristinsdóttir** **Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
**Elvar Örn Kristinsson** **Tina Paic**
**Ásgeir Jóhannsson**
**Jóhann Ari Jóhannsson** **Anna Sæunn Ólafsdóttir**
**Ásgeir Bjarni Eiríksson**

**VIRGINIA WOOLF LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1941, 59 ÁRA AÐ ALDRI.**

*„Sérhvert leyndarmál í sál rithöfundar, sérhver upplifun í lífi hans og sérhver velmótuð hugsun sést skrifuð stórum stöfum í verkum hans.“*

***Virginia Woolf var breskur rithöfundur, gagnrýnandi og femínisti. Hún telst í hópi áhrifamestu skáldsagnahöfunda á 20. öld.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÖKLARANNSÓKNIR** „Hvergi á landinu býr fólk í jafnmiklu návígi við jökla og í Austur-Skaftafellssýslu,“ segir Hrafnhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HRAFNHILDUR HANNESDÓTTIR:
FÉKK STYRK ÚR KVÍSKERJASJÓÐI

## Spáir fyrir um framtíð jökla

„Doktorsverkefnið mitt heitir Tengsl loftslags- og jöklabreytinga suðaustan í Vatnajökli, fyrr, nú og á komandi árum,“ segir Hrafnhildur Hannesdóttir jarðfræðingur. Hún er ein þeirra sem nýlega hlutu styrki úr Kvískerjasjóði er var stofnaður 2003 til heiðurs systkinunum á Kvískerjum í Öræfum til að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúrufari og menningu í Austur-Skaftafellssýslu.

Síðasta sumri kveðst Hrafnhildur hafa varið í göngur á og umhverfis tíu skaftfellska skriðjökla, frá Morsárjökli í vestri til Lambatungnajökuls í austri. „Ég lagðist á vini og kunningja og þeir eyddu dögum af sumarfríum sínum til að labba með mér. Þetta er örðugt svæði að komast um þannig að ég var háð því að fá fólk sem hafði einhverja reynslu af að ganga á jöklum. En við vorum mjög heppin með veður.“

Hrafnhildur byrjaði formlegt doktorsnám í jarðfræði síðasta haust. Hún fékk líka styrk úr Kvískerjasjóði í fyrra og hóf rannsóknir í fyrrasumar. „Fyrsti hlutinn fólst í að skoða hversu stórir þessir tíu skriðjöklar voru í lok litlu ísaldar um aldamótin 1900. Jöklarnir hafa haft mikil áhrif á líf fólksins á þessu svæði því árnar sem úr þeim renna hafa flæmst um haga og slægjulönd og jafnvel lagt bæi í eyði. Heimildir um breytingar jöklanna eru því til bæði frá íbúum á svæðinu, frá erlendum ferðamönnum og íslenskum náttúrufræðingum. Ég tengi þær við þau ummerki sem ég sé og kortlegg þá jökulgarða sem sýna hæstu stöðu. Til eru líka kort frá 1904 sem Danir gerðu og þau nýtast vel til samanburðar við merkin sem sjást í náttúrunni,“ segir Hrafnhildur sem stundar rannsóknir með hópi við Jarðvísindastofnun. „Ég leita að sjálfsögðu ráða þeirra sem hafa áður stundað rannsóknir á svæðinu og aðalleiðbeinandi minn er Helgi Björnsson jöklafræðingur. Hrafnhildur segir Rannsóknasjóð Háskóla Íslands styrkja verkefnið til þriggja ára og sömuleiðis Vegagerðina. „Ætlunin er að rekja breytingarnar á jöklunum aftur í tímann til að spá fyrir um hvernig þeir muni haga sér í framtíðinni. Það skiptir máli fyrir Vegagerðina að vita hvað í vændum er því árnar breytast eftir hegðun jöklanna,“ útskýrir hún og bendir á að könnun á viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum sé mikilvæg í hnattrænu tilliti. En hver eru næstu skref hjá henni? „Það voru ansi margir tugir kílómetra gengnir síðasta sumar og aftur verður lagt upp í vor.“ **gun@frettabladid.is**



## 90 ára afmæli

**90 ára afmæli þann 30. mars 2008.**

**Ragnar Björnsson**

**fæddur í Veturhúsum á Jökuldalsheiði frostaveturinn mikla 1918, fyrrverandi matsveinn, Breiðvangi 28, Hafnarfirði, verður 90 ára næstkomandi sunnudag. Hann tekur á móti gestum í sal Flensborgarskóla á afmælisdaginn milli kl. 16 og 18. Gjafir og blóm eru vinsamlega afþökkuð en söfnunarbaukur Karlakórsins Þrasta mun verða á staðnum.**




*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




# SKRALLAÐ Í SKANDíNAVíU

Helsinki séð með augum Áslaugar Snorradóttur, vor í París, Valparaíso í Chile, Luberon-hæðirnar í Provence, heitar strendur á Barbados og krakkafjör í Múmíndal



# FERÐALÖG

FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Á SUNNUDAG

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




## STUÐ MILLI STRÍÐA Leðurblökumenn Reykjavíkurborgar

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** DÁIST AÐ HETJUM NÆTURINNAR



Í bíómyndum og myndasögum koma stundum fyrir hetjur sem í skjóli nætur vinna dáðir en lifa svo venjulegu lífi á daginn. Nægir þar að nefna Leðurblökumanninn úr Gotham-borg. Nú hefur Reykjavík eignast svona nafnlausar og sjálfskipaðar hetjur sem taka til í borginni. Hetjur sem í skjóli nætur flakka um miðbæinn vopnaðar málningu og penslum, en ólíkt Tomma og Jenna sem máluðu bæinn rauðan mála þessar samtímahetjur bæinn hvítan. Staðreyndin er að Reykjavík er illa á sig komin. Þar ægir öllu saman í einum graut í byggingarstíl, útigangsfólk er notað sem vopn í stríði verktaka og yfirvalda og til að bæta gráu ofan á svart geta húseigendur í miðbænum nánast treyst á að eitthvað sé spreyjað á hús þeirra ár hvert. Sennilega er Reykjavík að verða með ljótari borgum á Norðurlöndunum og lítið virðist að haft til að sporna við þeirri þróun.

Þar til eina dimma nótt í vikunni þegar ónefndir íbúar tóku sig til og hófu að mála yfir sóðaskapinn. Ég verð að viðurkenna að ég dáist að framtakinu þótt það sé vissulega umdeilanlegt. Það er nefnilega aldrei gott þegar íbúar þurfa að taka málin í sínar hendur. Allir hafa samt sín takmörk og það er því vel skiljanlegt að einhverjir borgarar séu búnir að fá nóg.

Þetta framtak segir kannski meira um ástandið í borginni en margt annað. Hópurinn sem þarna var á ferð nefnir sig Góðverkasamtökin og í tilkynningu segja þau ekki mikinn kostnað af því að mála yfir veggjakrotið. Staðreyndin er hins vegar að það kemur alltaf aftur og aftur og er í raun eilífðarbarátta. Ég held að það sem borgina skorti sé hugarfarsbreyting og ögn meiri virðing fyrir sjálfri sér. Neikvæðar fréttir eru nánast þær einu fréttir sem maður fær frá Reykjavík þessa dagana. Það er því vonandi að framtak þessara næturhetja veki fólk til umhugsunar og að bjartari dagar séu fram undan.

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

| 21 x 95 mm | 28 x 95 mm | 98 x 98 mm |
|---|---|---|
| 0.9 - 4.5 m | 0.9 - 4.5 m | 698600 |
| 621601 | 628601 | |
| **139** kr/m | **199** kr/m | **499** kr/m |

## Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni í Skandinavíu.

21 x 90 mm **219** kr/m
721600

28 x 95 mm **269** kr/m
728600

# VORIÐ KALLAR
## í Húsasmiðjunni



9.995

**Keðjusög, Texas**
Rafmagn, 2000W, 40 sm blað
5083575



1.149
~~1.895~~

**Hekkklippur, Hipoint**
5084667



**Hleðsluborvél 14.4V** **5.499** ~~7.549~~
2rafhlöður, 77 fylgihlutir.
5245007



13.590
~~19.990~~

**Gasgrill**
Outback Omega 200EX
Grillflötur 50x36 sm, tvískiptur brennari.
Flame tamer hlíf yfir brennurum.
3000235




**Gasgrill Weber Spirit E310** **73.990**
3 ryðfríir brennarar
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
- Skápur með ryðfríum hurðum.
- Grillflötur: 61 x 44 cm
- Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
- H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
- Afhent ósamsett.

3000256



**Greinaklippur**
HiPoint.
5084660
**799** ~~1.345~~



**Gasgrill Weber Q120**
- Frábært í ferðalagið eða heima við.
- Grillflötur: 42 x 32 cm
- Þyngd: 10 kg
- Ryðfrír brennari

3000247
**24.290**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**ATH.**
*Í Ríkisútvarpinu – hljóðvarpi – er þáttur í kvöld kl. 20.30 í umsjón Halldóru Ingimarsdóttur helgaður Feneyjatvíæringnum og þátttöku íslenskra myndlistarmanna þar syðra. Þátturinn er í röðinni Brot af íslenskri menningarsögu. Þar er gerð grein fyrir sögu okkar manna í þessum Ólympíuleikum myndlistarinnar.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Enn um Wallander



**SJÓNVARP** Henning Mankell vill auka pólitíst vægi í nýjum flokki sjónvarpsmynda um Wallander.

Í apríl hefjast tökur á breskri þáttaröð BBC sem byggir á sögu um Kurt Wallander, lögreglumanninn í Ystad á Skáni. Kenneth Branagh mun leika hann og bætist þá einn Wallanderinn við: Rolf Lassgaard lék hann í sjö myndum en þá tók Krister Henriksson við og lék hann í þrettán myndum.

Nú hefur Henning Mankell tilkynnt að þrettán nýjar myndir verði gerðar og Krister fari áfram með hlutverkið. Mankell svíkur þar með loforð sitt um að Wallander sé allur. Margar af myndum Henrikssons voru byggðar á persónu Wallanders en ekki sögum og voru handritin frumsamin. Mankell segir í viðtali við Dagens Nyheter í vikunni að ein ástæða þess að hann lætur eftir ákófum kröfum um að sögum af Wallander verði haldið áfram hafi verið áhugi þeirra Branaghs og Henrikssons á verkefninu, einkum þó sú gagnrýni Henrikssons að pólitíkin í myndunum væri farin að þynnast, en Mankell hefur alltaf litið á sakamálasögur sínar sem verkfæri í samfélagslegri umræðu.

Tökur á nýju myndunum þrettán hefjast í sumar og er fjármagn tryggt fyrir framleiðsluna, tveir og hálfur milljarður íslenskra króna. Fyrsta myndin verður frumsýnd í kvikmyndahúsum vorið 2009 en hinar tólf koma út á mynddiskum.

Mankell hafði á tímabili áhuga á að gera hlut Lindu, dóttur Wallanders, meiri en leikkonan Johanna Sällström sem lék hana á móti Henriksson stytti sér aldur fyrir rúmu ári. Framganga hennar í myndunum þótti með slíkum ágætum að Mankell vill ekki láta þá persónu birtast á ný: „Engin kemur í hennar stað,“ segir hann.

Wallander-seríurnar hafa styrkt verulega sókn Mankells á Evrópumarkaði en hann er farinn að seljast vel á öðrum málsvæðum, þar á meðal í Bandaríkjunum. Lykillinn að Evrópu er Þýskaland en þar hefur Arnaldur Indriðason einnig átt góðu gengi að fagna. Gagnrýnendur vestan hafs líta til þeirra tveggja sem forkólfanna í norrænu bylgjunni sem býður bandarískum lesendum upp á annað umhverfi en lengi hefur ríkt í sakamálasögum og myndum þar vestra. Það sýnir styrk norrænna sakamálasagna að BBC skuli ráðast í að kvikmynda sögu eftir Mankell og ekki flytja hana úr stað heldur láta mynda hana á Skáni.

pbb@frettabladid.is



Gerður Helgadóttir myndhöggvari. Heimildarmyndin Lifað fyrir listina eina eftir Andrés Indriðason.

# Yfirlitsýning á verkum Gerðar Helgadóttur

**Viðamikil yfirlitssýning á verkum Gerðar Helgadóttur verður opnuð í Gerðarsafni á morgun, laugardaginn 29. mars. Sýningin er haldin í tilefni þess að Gerður hefði orðið 80 ára nú í apríl en hún lést árið 1975, aðeins 47 ára að aldri.**

Á sýningunni getur að líta áhugavert og fjölbreytt úrval af verkum Gerðar; glerlist og höggmyndir af ýmsu tagi, bæði þekkt verk og önnur sem ekki hafa komið fyrir almennings sjónir áður. Þá er hluti af fáséðari verkum Gerðar einnig sýndur, til dæmis skissur og forteikningar af ýmsum verkum sem ekki var hrint í framkvæmd, svo sem hugmyndir að altaristöflu fyrir Kópavogskirkju. Einnig eru sýndar forteikningar Gerðar að hinum merku gluggum Skálholtskirkju en Gerður varð hlutskörpust í samkeppni sem haldin var um gerð þeirra. Í apríl gefur Gerðarsafn einnig út veglega og ríkulega myndskreytta bók með greinum fjölmargra höfunda um Gerði Helgadóttur og list hennar.

Gerður Helgadóttir var frumkvöðull í íslenskri myndlist. Hún komst til mennta með dyggri aðstoð ættmenna sinna og vina og reyndist ákaflega leitandi og frjó listakona sem sótti hart fram á erfiðu og umbrotamiklu tímabili í evrópskri myndlist. Hún er önnur tveggja listamanna sem tengd var sýningarhaldi CoBrA-hreyfingarinnar en í því mikla og fjölbreytta lífsverki sem eftir hana liggur má finna ýmis lög svo leitandi var hún. Er ekki hægt að segja að þar séu öll kurl komin til grafar. Hún var brautryðjandi í íslenskri höggmyndalist og glerlist og skilur eftir sig fleiri og fjölbreyttari verk en búast má við þegar haft er í huga hversu ung hún var þegar hún lést.

Þá var hún í hópi umtöluðustu listamanna Parísar á tímabili „listamannagrúppan sem mest er talað um hér í París, álíka og var talað um fyrstu kúbistana á sínum tíma“. Í kynningu frá Gerðarsafni segir: „Í grein um Gerði í listatímaritinu Cimaise frá árinu 1954 segir rithöfundurinn Michel Ragon Gerði eina kvenmyndhöggvarann sem hafi þorað að ráðast á járnið og undrast að sjá þessa blíðlegu stúlku innan um gasflöskur sínar og furðutól.“

Erfingjar Gerðar færðu Listasafni Kópavogs verkasafn hennar að gjöf og verður að fullyrða að yfirlitssýning á verkum hennar nú sé einn af stærri viðburðum í íslenskri myndlist á þessu ári.

pbb@frettabladid.is




# Sálumessa Verdis flutt í apríl

Kórinn Vox academica hefur fengið fjóra stórsöngvara til liðs við sig og flytur hið magnaða tónverk Sálumessu Giuseppes Verdi í Hallgrímskirkju nú í byrjun apríl. Einsöngvarar verða þau Sólrún Bragadóttir sópran, Rannveig Fríða Bragadóttir mezzósópran, Gissur Páll Gissurarson tenór og Kristinn Sigmundsson bassi.

Það er orðið langt síðan Sálumessa Verdis var flutt hérlendis með íslenskum einsöngvurum og þykir kórnum það sérstakur heiður að hafa fengið þessa glæstu listamenn til liðs við sig í flutningi á þessu stórvirki Verdis. Það má því vera ljóst að áheyrendur eiga mikið í vændum. Með kór og einsöngvurum leikur hljómsveit Jóns Leifs Camerata og stjórnandi á tónleikunum er Hákon Leifsson, en hann hefur stjórnað Vox academica undanfarin ár.

Sálumessa Verdis krefst stórs og vel mannaðs kórs og því verður kórinn skipaður um 75 söngvurum á þessum tónleikum, en margir þeirra hafa áður tekið þátt í flutningi Sálumessunnar. Tónleikarnir verða hinn 5. apríl klukkan 17 og verður aðeins selt í sjö hundruð sæti í Hallgrímskirkju svo tryggt sé að allir áheyrendur njóti tónleikanna sem best. Miðar eru til sölu í Tónastöðinni í Skipholti, 12 Tónum við Skólavörðustíg og hjá kórfélögum.

pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Kristinn Sigmundsson kemur heim til að syngja í Sálumessunni.


BETRA VERÐ OG MEIRA ÚRVAL
4.795
Gran Turismo 5
Aðeins á PlayStation 3
30 DAGA VERÐVERND
Glænýr leikur í einhverri söluhæstu bílaleikjaseríu allra tíma. Í GT 5 Prologue geta leikmenn valið úr meira en 70 bílum og keyrt þá á fjölda brauta. Leikurinn er einhver sá raunverulegasti þegar kemur að grafík og stýringu bílanna, en það hefur einmitt verið aðalsmerki Gran Turismo leikjanna. Þennan má enginn aðdáandi bílaleikja láta framhjá sér fara.
,,Sýnir svo um munar hvað PlayStation 3 getur"
9 af 10 Gamesmaster.
Gran Turismo 5 Prologue
PLAYSTATION 3
GRAN TURISMO 5 Prologue
SONY
POLYPHONY DIGITAL
3+
www.pegi.info
Myndir teknar úr spilun leiksins.
PSP
GOD OF WAR
,,God of War er einhver besti leikur sem sést hefur á PSP"
Viggó, 24 stundir
3.995
God of War
Aðeins á PSP
18+
SEGA SUPERSTARS tennis
6.495
Sega superstar tennis
7+
SEGA
PC DVD
3.895
Command & conquer
COMMAND & CONQUER
KANE'S WRATH
16+
grand theft auto IV
18+
Forpantaðu núna
á WWW.ELKO.IS
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000




**TÓNLIST** Ein mynda Þórarins Más úr bókinni.

# Mús felur sig í túbunni

**Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á morgun verða með nokkru öðru sniði en tíðkast. Reyndar er orðið „tónleikar“ ekki endilega réttnefni, því samkoman á morgun kl. 14 verður sögustund, ævintýri þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk.**

Tilefnið er útkoma bókarinnar „Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina“ eftir tvo liðsmenn hljómsveitarinnar, þau Hallfríði Ólafsdóttur flautuleikara sem skrifaði söguna og Þórarin Má Baldursson víóluleikara sem teiknar myndirnar. Forlagið gefur bókina út.

Bókin segir frá ævintýrum lítillar músar, Maxímúsar Músíkús, sem dettur heldur betur í lukkupottinn þegar hún rambar inn í tónlistarhús þar sem sinfóníuhljómsveit æfir sig fyrir tónleika. Maxi þekkir tónlist mannfólksins úr frægðarsögum langafa síns en nú fær hann loksins að kynnast henni af eigin raun. Í þessari fjörugu sögu er áheyrandinn leiddur inn í töfraheima tónlistarinnar í orði og tónum. Hljóðfærin eru kynnt eitt af öðru eftir því sem ævintýrum Maxa vindur fram og lesendur læra að þekkja hljóðin sem þau gefa frá sér.

Á tónleikunum mun Valur Freyr Einarsson leikari flytja söguna og hljómsveitin búa til viðeigandi leikhljóð og leika síðan þau tónverk sem koma við sögu í bókinni, þeirra á meðal Bolero eftir Ravel og fyrsta þáttinn í fimmtu sinfóníu Beethovens. Á morgun eru taldar sterkar líkur á að hljómsveitinni bætist liðsauki þegar trúðurinn Barbara lítur inn, og heyrst hefur að Maxímús sjálfur muni kíkja í heimsókn. Á næstu vikum munu þúsundir leikskólabarna sækja hljómsveitina heim og hitta músina og vini hennar.

Sagan um Maxímús er komin út og fylgir henni geisladiskur þar sem Valur Freyr fer með söguna, Sinfóníuhljómsveitin leikur Hátíðargjall fyrir hinn almenna borgara eftir Copland, Bolero eftir Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns auk Lagsins hans Maxa eftir Hallfríði. Rumon Gamba stjórnar. Bókin er fagurlega myndskreytt og er ætluð börnum frá þriggja til tíu ára aldurs. Verkefnið nýtur verndar Vladimirs Ashkenazy, heiðursstjórnanda sveitarinnar. Bókin „Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina“ er unnin í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðalhljómsveitarstjóra hennar, Rumon Gamba, Ríkisútvarpið, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Reykjavíkurborg, Starfsmannafélag SÍ og Tónlistarsjóð.

Á undan tónleikunum mun hin rómaða þjóðlagasveit Tónlistarskóla Akraness leika nokkur lög í anddyri Háskólabíós.

pbb@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is


Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
Fyndið og sorglegt verk um allar hliðar fjölskyldulífsins
sýn. fös. 28/3 örfá sæti laus


„Þau eru frábær, öll fjögur... Þetta er hörkugóð sýning...!“ Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
Bráðfyndið og ágengt gamanleikrit
sýn. lau. 29/3 örfá sæti laus


„Þetta var ekki hefðbundin kvöldvaka.“ Elísabet Brekkan, FBL, 13/2.
Baðstofan
e. Hugleik Dagsson
sýn. fös. 28/3, lau 29/3


Sólarferð e. Guðmund Steinsson
Minnum á síðdegissýningar
sýningar. lau 29/3 örfá sæti laus


Skilaboðaskjóðan
e. Þorvald Þorsteinsson
sýningar sun. 30/3 örfá sæti laus

KRINGLU KRÁIN
Vítamín í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík
Aðalstræti 16, sími 514 6060

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

Stefnumót við safnara III
Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærasafnara!
Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir

Sjö landa sýn
María Loftsdóttir, alþýðulistakona, sýnir vatnslitastemmningar frá Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Íslandi, Japan, Perú og Skotlandi.

Hið breiða holt
Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur!
Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir.
Styrktaraðili: Beco

Vissir þú...
...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Minghella vildi leikstýra Laxness

Breski óskarsverðlaunaleikstjórinn Anthony Minghella var með tilboð frá Snorra Þórissyni og kvikmyndafyrirtækinu Pegasus um að leikstýra Sjálfstæðu fólki eftir bók Halldórs Laxness. Þetta staðfesti Snorri í samtali við Fréttablaðið. Að sögn Snorra var Minghella mjög áhugasamur um að leikstýra myndinni en skyndilegt fráfall breska leikstjórans kom mörgum í opna skjöldu. „Ég hafði í það minnsta ekki hugmynd um að hann væri svona veikur,“ segir Snorri, sem hyggst þó ekki leggja í árar í bát og ætlar að halda áfram leit sinni að hentugum leikstjóra fyrir verkið. „Ég þarf að stokka spilin upp á nýtt og það þarf að endurskoða málið, maður getur ekki verið að tala við marga í einu,“ segir Snorri en hann hefur enn í hyggju að leita út fyrir landsteinana að réttum manni. „Draumurinn er auðvitað að þetta verði alþjóðleg mynd,“ bætir Snorri við.



**SNORRI** Vildi fá Minghella til að leikstýra Sjálfstæðu fólki.

Minghella lést skömmu fyrir páska eftir að hafa háð harða baráttu við krabbamein í hálsi. Hann vakti fyrst athygli fyrir kvikmyndina The English Patient sem hann fékk Óskarinn fyrir og The Talented Mr. Ripley en hún fékk fimm Óskarstilnefningar. Þá var kvikmynd hans Cold Mountain einnig hlaðin tilnefningum en síðasta mynd hans var Breaking and Entering með Jude Law og Juliette Binoche.



**MINGHELLA** Lést langt fyrir aldur fram eftir erfiða baráttu við krabbamein.









**JULIETTE & THE LICKS** Hljómsveitin Juliette & The Licks, sem skartar leikkonunni Juliette Lewis, spilaði á Airwaves fyrir þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Airwaves í sjötta sæti

**Iceland Airwaves er sjötta besta tónlistarhátíð heims samkvæmt nýlegri úttekt breska dagblaðsins Daily Mirror. Í efsta sæti er belgíska hátíðin Pukkelpop og á meðal fleiri hátíða sem komust á listann eru Fuji Rocks í Japan, Benicassim á Spáni og The Big Day Out í Ástralíu, þar sem Björk spilaði í janúar.**

**Fjöldi tónlistarhátíða er haldinn víða um heim á ári hverju og hlýtur þetta því að teljast mikil viðurkenning fyrir aðstandendur Iceland Airwaves. Næsta hátíð fer fram í október 15. til 19. október og verður tilkynnt um fyrstu listamenn hátíðarinnar á næstu vikum samhliða því að miðasala hefst á alþjóðavettvangi.**



**LEONA LEWIS** Leona Lewis er fyrsta breska konan til að ná toppnum í Bandaríkjunum í tuttugu ár.

## Sú fyrsta í tuttugu ár

Lag bresku söngkonunnar Leonu Lewis, Bleeding Love, fór á topp bandaríska Billboard-vinsældalistans á dögunum. Þar með varð Lewis fyrsta breska söngkonan sem kemst á topppinn í Bandaríkjunum í rúm tuttugu ár.

Síðust til að ná toppsætinu var Kim Wilde með lagið You Keep Me Hangin´ On árið 1987. „Ég hlakka mikið til að ferðast um Bandaríkin og syngja tónlistina mína fyrir almenning,“ sagði Lewis, sem sló í gegn í X-Factor í Bretlandi. „Þetta hefur verið draumur síðan ég var lítil stelpa og ég get ekki beðið.“





THE RACONTEURS



THE LONG BLONDES

## > Í SPILARANUM

The Raconteurs - Consolers of the Lonely
Gnarls Barkley - The Odd Couple
Destroyer - Trouble In Dreams
Peter Moren - The Last Tycoon
The Long Blondes - Couples

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Frumsýnt á Yahoo

Nýtt myndband Bjarkar Guðmundsdóttir við lagið Wanderlust verður frumsýnt í tvívídd á heimasíðunni Yahoo.com 31. mars. Lagið kemur út á smáskífu 14. apríl og mun myndbandið fylgja skífunni á DVD-mynddiski, þar sem það verður í þrívídd. Fyrr í mánuðinum var myndbandið sýnt í þrívídd í New York við góðar undirtektir.

Fyrirtækið Encyclopedia Pictures, sem stýrt er af leikstjórunum Isaiah Saxon og Sean Hellfritsch, bjó til hið sjö mínútna langa myndband. Framleiðslan tók níu mánuði og bíða því margir spenntir eftir afrakstrinum. Í myndbandinu fer Björk í dularfullan leiðangur niður á og fær á leið sinni hjálp frá sérstæðum uxum.



**WANDERLUST** Björk Guðmundsdóttir á leið sinni niður ána í myndbandinu við lagið Wanderlust.



## > Plata vikunnar

Sálin hans Jóns míns - Vatnaskil 1988-2008

★★★★

„Vatnaskil 1988–2008 er vel heppnað heildarsafn af útgefnu efni Sálarinnar hans Jóns míns. Vel unnið og glæsilegt.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Hæfileikalausar hæfileikakeppnir*

Öll sú mikla umræða undanfarið um menningarleg fyrirbærí á borð við Bandið hans Bubba er forvitnileg þó að hún hafi hvorki verið gagnleg né á neitt sérstaklega háu plani. Þegar þættir á borð við Idol og Bandið hans Bubba ber á góma finnst mér þó oft og tíðum fólk ekki almennilega átta sig á því um hvað þeir snúast. Hæfileikar spila eingöngu litla rullu í heildarmyndinni en skemmtanagildið spilar þá langstærstu. Í raun hefur hæfileikaleysi oft gert meira fyrir slíkar sjónvarpshæfileikakeppnir en hæfileikar.

Ótrúlegt en satt þá hefur bandaríska Idolið alltaf haldið sínu sjónvarpsáhorfi og jafnvel bætt við það. Samt eru flestir sammála um að söngvararnir í þættinum séu litlu betri nú en þeir voru í upphafi og í raun verri. Staðreyndin er líka sú að Clay Aiken, Carrie Underwood og Kelly Clarkson eru þau einu sem hafa náð að selja almennilega af plötum og haldið dampi (fyrir utan Chris Daughtry sem stofnaði rokkhljómsveit og hefur hún gert það gott). Hinar „stjörnurnar“ hafa síðan valdið miklum vonbrigðum með plötusölu.

Sannast hefur að lítið mál er að finna söngvara sem geta sungið bærilega, bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi, en listrænir og skapandi hæfileikar virðast af skornum skammti. Staðreynd þessi hefur sérstaklega endurspeglast hérlendis. Jú, mjög fínir söngvarar hafa „sannað sig“ viku eftir viku í sjónvarpinu, flytjandi mínútulöng karókílög, en þegar kemur að því að setja saman hljómsveit, búa til sín eigin lög og skapa tónlist hefur útkoman verið heldur bágborin. Tónlistarsenan á Íslandi er einfaldlega þannig að hæfileikaríkir einstaklingar geta auðveldlega komið hæfileikum sínum á framfæri. Ef þeir á annað borð geta sungið og samið tónlist komast þeir fljótt upp á yfirborðið. Hæfileikaríkt tónlistarfólk á Íslandi þarf einfaldlega ekki á hæfileikakeppnum að halda sem snúast um að syngja lög annarra.

Nú hef ég ekki séð nema hálfan þátt af Bandinu hans Bubba en ég þori nokkurn veginn að fullyrða að þátturinn snúist í kringum hefðbundna skemmtanaformúlu. Á meðan þessi formúla virkar, og út á hana er svo sem lítið að setja, helst líf í hæfileikakeppninni. Verst að hæfileikar keppendanna sjálfra halda litlu lífi í þáttunum. Örlög Bandsins hans Bubba virðast því stefna í átt að sömu örlögum og Supernova-tónlistarafskræmið en við skulum samt vona að svo verði ekki.


Umsagnir frá eigendum iRobot Roomba ryksuguvélmennisins:

- Ég hef ALDREI eignast eins gott heimilistæki bara SNILLD
- Ég hefði ekki trúað því hvað hún gerir þetta VEL, mæli með þessari
- Hver vill ekki láta RYKSUGA hjá sér daglega
- Ég bara hreinlega ELSKA hana og það muna allir gera það sem fá sér hana

...ég hreinlega Elska hana



Fáðu þér eina iRobot og njóttu komandi sumars....
(ný sending komin)

Ert þú búin að fá þér eina?

iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • Irobot.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Nú eða aldrei fyrir R.E.M.

**Fjórtánda plata R.E.M., Accelerate, kemur út á mánudaginn. Eins og nafnið vísar í er tónlistin á henni hraðari og hressilegri en á síðustu plötum. Trausti Júlíusson tékkaði á R.E.M.**

Fyrir rúmum áratug virtist ekkert geta stöðvað bandarísku hljómsveitina R.E.M. Hún sendi frá sér hverja metsöluplötuna á eftir annarri, spilaði á stórum leikvöngum og var nefnd í sömu andrá og U2 sem ein af stærstu hljómsveitum heims. Síðan hefur margt breyst. Trommuleikarinn Bill Berry sagði skilið við sveitina í október 1997 og plöturnar sem R.E.M. hefur sent frá sér síðan, Up (1998), Reveal (2001) og Around the World (2004) hafa hvorki náð að sannfæra gagnrýnendur né plötukaupendur. Sérstaklega þótti sú síðastnefnda vond og þó að margar minni sveitir myndu glaðar sætta sig við að selja tvær milljónir eintaka úti um allan heim þá er það frekar lélegt fyrir R.E.M. Automatic for the People fór í sextán milljón eintökum ...

### Indí-gítarrokktímabilið

R.E.M. var stofnuð í Athens í Georgíuríki árið 1980 af Michael Stipe söngvara, Peter Buck gítarleikara, Mike Mills bassaleikara og trommuleikaranum Bill Berry. Fyrstu árin var hún virt og vel metin indígítarrokksveit sem spilaði mikið á tónleikum og sendi frá sér plötur sem fengu frábæra dóma og seldust þokkalega. Fyrsta platan, Murmur, kom út 1983 og var valin plata ársins af tímaritinu Rolling Stone. Reckoning (1984), Fables of the Reconstruction (1985), Lifes Rich Pageant (1986) og Document (1987) þóttu líka góðar og þegar hér var komið sögu sagði sveitin skilið við IRS-fyrirtækið sem gaf út fyrstu fimm plöturnar og samdi við útgáfurisann Warner. Og þá fóru hjólin að snúast fyrir alvöru hvað vinsældir og plötusölu varðar.

### Platan hans Peter Buck

Eins og áður segir þótti síðasta R.E.M.-plata, Around the World, afspyrnu slöpp. Þeir Michael Stipe, Mike Mills og Peter Buck voru allir staðráðnir í því að gera betur næst og ákváðu að vinna nýju plötuna allt öðruvísi en þá síðustu. Í staðinn fyrir að hanga í stúdíói mánuðum saman og vona að eitthvað gerðist var platan tekin upp hratt á fjórum stöðum (Vancouver, Athens, Dublin og London) og sveitin prufukeyrði nokkur laganna á tónleikum í Dublin síðasta sumar. Upptökum stjórnaði Írinn Jacknife Lee sem meðal annars hefur unnið með Block Party og U2. Accelerate er afturhvarf til gítarrokksins sem sveitin spilaði um miðjan níunda áratuginn. Hún er stundum kölluð platan hans Peter Buck, en gítarleikarinn var sérstaklega ósáttur við Around the World.



**R.E.M.** Tónlistin á Accelerate er afturhvarf í gítarrokkið og þykir minna á R.E.M.–plötur frá níunda áratugnum eins og Lifes Rich Pageant og Document.

### Nú eða aldrei

Meðlimir R.E.M. hafa að eigin sögn ekki miklar áhyggjur af því hvort nýja platan eigi eftir að seljast mikið, en þeir gera þó ráð fyrir að hún slái síðustu plötu við. Þeir eru hins vegar á því að það sé mikilvægt fyrir sveitina að gera góða plötu. Það er nú eða aldrei. Og þeir eru allir mjög sáttir við útkomuna. Það sama má segja um nokkra af helstu tónlistarmiðlunum. Tímaritin Q, Mojo og Rolling Stone gefa Accelerate öll fjórar stjörnur af fimm mögulegum. David Fricke, sem skrifar dóminn í Rolling Stone, segir Accelerate eina af bestu plötum R.E.M. frá upphafi. Hún minni helst á Lifes Rich Pageant og Document. Hann segir gítarana allsráðandi, „eins og maður sé með EP-plötuna Chronic Town með R.E.M. og Never Mind the Bollocks með Sex Pistols í spilaranum á sama tíma“. Hljómar ekki illa ...

# Rólegt og persónulegt

Activism er þriðja plata Þóris Georgs Jónssonar eða My Summer as a Salvation Soldier eins og hann kallar sig. I Believe In This kom út 2004 og Anarchists Are Hopeless Romantics 2005. Þórir hefur þegar skapað sér sinn eigin stíl sem er lágstemmt sambland af indí-rokki og trúbadoratónlist. Það sem einkennir tónlistina er persónulegir og manneskjulegir textar og söngstíll Þóris sem hljómar svolítið eins og hann sé alltaf dapur og hikandi. Activism kemur bæði út hér á landi og í Evrópu, en Þórir hefur spilað töluvert erlendis og er þegar þetta er skrifað á stuttri tónleikaferð um Bandaríkin.

Activism sver sig í ætt við fyrri plöturnar. Tónlistin er á köflum mjög hæg og stundum, eins og í Hey Mom, Track 6 og Closing Time, er eins og Þórir vilji láta hvern tón njóta sín. Lögin eru að vísu mishæg og platan er brotin hressilega upp með lagi númer sjö, How Are You?, sem er þrælfínn rokkari með flottum og hráum hljómi, en svo róast allt niður aftur í næsta lagi á eftir, The Sun, og rólegheitin haldast út plötuna.

Á Activism eru 12 lög og nokkur þeirra eru frábær þar á meðal Jesus Christ, I'll Try, Hey Mom, How Are You og The Sun. Það er margt vel gert á Activism. Bakraddirnar í We'll Talk eru til dæmis flottar og það sama má segja um slide-gítarleikinn í Jesus Christ og intróið í I'll Try svo dæmi séu tekin. Að mínu mati mætti Þórir að ósekju vera djarfari í að brjóta upp þessa ofurhægu stemningu sem reynir stundum á þolinmæðina þó að hún sé líka heillandi. Það er bara svo skrambi gaman þegar hann poppar og rokkar þetta svolítið upp.

Á heildina litið stendur Activism ágætlega fyrir sínu. Þórir er ekki allra, en þeir sem voru hrifnir af fyrri plötunum tveimur ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með þessa.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**
**Activism**
My Summer as a Salvation Soldier

★★★

Þessi þriðja plata My Summer as a Salvation Soldier sver sig í ætt við fyrri plöturnar tvær. Tónlistin er hæggengt sambland af indí-rokki og trúbadoratónlist með persónulegum textum.



MYNDFORM
EXTENDED EDITION
★★★★
RUSSELL CROWE
DENZEL WASHINGTON
AMERICAN GANGSTER
INSPIRED BY A TRUE STORY
KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPA
VERÐ FRÁ 2299
GILDIR TIL 4. APRÍL
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

> ENGIN BÖRN ENN

Söngkonan Fergie hefur vísað á bug þrálátum orðrómi um að hún sé ólétt, og segist vilja gifta sig áður en hún eignast börn. Hún er trúlofuð leikaranum Josh Duhamel. „Allt sem ég veit er að ég vil vera gift áður en ég verð ólétt. Maður er bara trúlofaður í stutta stund og ég vil njóta þess tíma,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney á svið á West End?

Britney Spears hefur verið boðið aðalhlutverkið í leikritinu A Streetcar Named Desire, eða Sporvagninum Girnd, eftir Tennessee Williams, á West End í London.

Hún færi þar með hlutverk Blanche DuBois, fegurðardísar frá Suðurríkjunum sem má muna sinn fífil fegri. Það ku hafa verið frammistaða söngkonunnar í þættinum How I Met Your Mother, sem hún tók nýlega að sér gestahlutverk í, sem sannfærði aðstandendur sýningarinnar um að hún myndi valda hlutverkinu.

„Britney hefur verið á lista fyrir þetta hlutverk í þó nokkurn tíma, en fólk taldi of áhættusamt að ráða hana þar til fyrir skömmu. Frammistaða hennar í How I Met Your Mother breytti því öllu saman. Hún kom vel fyrir, hafði góðar tímasetningar og flottan stíl,“ segir heimildarmaður breska blaðsins Daily Star.

„Hún er kannski fullung fyrir hlutverkið, en hún er samt fullkomin til að túlka sorglegan karakter Blanche, sem notar áfengi til að deyfa sársauka,“ segir hann.

Ef Britney tekur verkefnið að sér mun hún feta í fótspor leikkonunnar Vivien Leigh, sem vann Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt sem Blanche DuBois í kvikmynd gerðri eftir leikritinu árið 1951.



**BRITNEY SEM BLANCHE?** Britney Spears hefur verið boðið aðalhlutverkið í leikriti Tennessee Williams, Sporvagninum Girnd, á West End í London.



**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Vilhjálmur Vilhjálmsson lést á sviplegan hátt fyrir nákvæmlega þrjátíu árum.

# Vilhjálms minnst í dag

Í dag eru þrjátíu ár liðin síðan söngvarinn Vilhjálmur Vilhjálmsson lést á sviplegan hátt, aðeins 33 ára að aldri. Af því tilefni ætlar Rás 2 að heiðra minningu hans með því að leika lög með honum frá morgni til kvölds. Einnig verða spilaðir bútar úr hinum og þessum þáttum úr Ríkisútvarpinu þar sem Vilhjálmur kom við sögu auk þess sem vinir hans og aðdáendur láta í sér heyra.

Jafnframt verða tvennir tónleikar haldnir til heiðurs minningar Vilhjáms í Salnum í kvöld og annað kvöld. Fram koma Stefán Hilmarsson, Pálmi Gunnarsson, Friðrik Ómar og Guðrún Gunnarsdóttir. Einnig mun Ásgeir Tómasson útvarpsmaður flytja minningarorð í byrjun tónleikanna.

# Leitar að Litháum sem geta leikið

**Óskar Jónasson undirbýr nú tökur á Svörtum englum, spennuþáttum eftir sögum Ævars Arnar Jósepssonar.**

Þau Sigurður Skúlason, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Davíð Guðbrandsson munu leika aðalhlutverkin í spennuþáttaröðinni Svörtum englum sem byggð er á bókum Ævars Arnar Jósepssonar. Þetta staðfesti leikstjórinn Óskar Jónasson.

Ráðgert er að hefja tökur á þáttunun um miðjan næsta mánuð en þeir verða á dagskrá RÚV í haust. Þau Sigurjón Kjartansson og Margrét Örnólfsdóttir skrifa handritið að þáttunum en bækurnar segja frá hópi rannsóknarlögreglumanna sem reyna að leysa glæpi í höfuðborg Reykjavíkur. Sigurður verður Stefán, Sólveig leikur Katrínu og þeir Steinn Ármann og Davíð verða í hlutverkum Guðna og Árna, persónur sem aðdáendur Ævars ættu að þekkja vel úr bókum hans.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni auglýstu framleiðendur þáttanna eftir litháískum leikurum. Þetta kom mörgum spánskt fyrir sjónir og rithöfundurinn Ævar Örn sagði meðal annars í samtali við Fréttablaðið að hann hefði fett fingur út í þennan snúning handritshöfundanna. Enda væru engir Litháar í bókunum hans. Óskar stendur hins vegar fasti við sitt og segir að leitin standi enn yfir. „Ég held að það sé ekkert vandamál að finna Litháa hér á landi. Aðalmálið er að finna Litháa á Íslandi sem geta leikið,“ segir Óskar en hann eyddi gærdeginum í faðmi rannsóknarlögreglunnar og fékk að skyggnast aðeins inn í heim sem er flestum hulinn.

Óskar fékk meðal annars að vera fluga á vegg í undirbúningi að yfirheyrslu yfir Pólverja sem var í haldi lögreglunnar. Og gafst tækifæri til að ræða aðeins við lögreglumennina um starfið og hvaða atriði þyrftu að vera á hreinu í þeirra augum. „Aðalatriði er kannski ekki að gera þetta sem raunverulegast heldur að þetta verði trúverðugt í augum áhorfendans,“ útskýrir Óskar, sem er nýkominn heim frá Rotterdam en þar fóru fram tökur á kvikmynd hans, Reykjavík-Rotterdam.

„Þetta var algjört brjálæði og þarna er ákveðinn hápunktur í myndinni,“ segir Óskar.

freyrgigja@frettabladid.is



**FLUGA Á VEGG** Óskar Jónasson fékk í gær að skyggnast inn í þann hluta rannsóknarlögreglunnar sem er flestum hulinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SVÖRTU ENGLARNIR** Sigurður Skúlason, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann og Davíð Guðbrandsson leika aðalhlutverkin í spennuþáttaröðinni Svartir englar.

„Bíbí er brilljant!“

Katrín Jakobsdóttir og Gerður Kristný
Mannamál, Stöð 2

★★★★★
Anna Kristine / DV

„Heillandi … ein besta þroskasaga stelpu sem ég hef lesið.“
Gunnþórunn Guðmundsdóttir / Morgunblaðið

„Mögnuð … með bestu ævisögum sem ég hef lesið, ef ekki sú besta.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

„Ég spændi hana í mig … hittir mann beint í hjartastað.“
Sigrún Birna Björnsdóttir / Helgarútgáfan, RÚV

„Fantagóð tök á stíl og frásagnarhætti … mjög vel heppnuð.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV

„[Lesandi getur] ekki einu sinni hvílt sig á lestrinum, svo spennandi verður frásagan.“
Katrín Jakobsdóttir / Mannamál, Stöð 2




Metsölulisti Eymundsson ævisögur/handbækur 26.03.08

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Flugeldar fyrir eina og hálfa milljón

Eurovision-fararnir íslensku hittu Jónatan Garðarsson í gær og fóru yfir stöðuna. Jónatan, sem er innsti koppur í búri íslensku Eurovision-faranna, var nýkominn frá Belgrad og með allt á hreinu. Það styttist óðum í stóru stundina, seinni undanriðillinn fer fram 22. maí. Íslenska liðið fer til Serbíu 12. maí og verður komið á hótel um miðnættið. Þá verður farið beint í háttinn því fyrsta æfing er bókuð klukkan níu morguninn eftir í hinni 23.000 sæta tónleikahöll.

Ólíkt mörgum öðrum þjóðum er ekki til fjármagn til að senda Eurobandið á blússandi kynningartúr um Evrópu. Í staðinn verður reynt að notfæra sér það að Eurobandið fer fyrst á svið, reynt verður að gera eitthvað eftirminnilegt svo önnur lög falli hreinlega í skuggann. Komið hefur til tals að vera með flugelda og sprengjur og mun slíkt fínerí kosta um eina og hálfa milljón. Ekki er ljóst hvort slíkar upphæðir finnast í fjárlögum Rúv og kannski verður því leitað til styrktaraðila utanhúss.

Kynningardeild Rúv hefur þó tekið við sér og ný heimasíða fyrir keppendurna á íslensku og ensku hefur litið dagsins ljós. Þar má meðal annars finna þrjár útgáfur af This Is My Life (aðalútgáfuna, ósungna útgáfu og sérstaka karókíútgáfu) og glænýjar kynningarljósmyndir sem Vatikanið hafði veg og vanda að. Þar eru Friðrik og Regína í svörum göllum, álíkum þeim sem notaðir verða í keppninni. Ekki náðist að gera kynningarmyndband fyrir lokafrestinn svo upptaka af flutningi lagsins á sigurkvöldinu var send utan til kynningar. Ekki er þó loku fyrir það skotið að gert verði sérstakt myndband. Íslenski hópurinn leggur nú drög að kynningarmálum í Belgrad og er ljóst að textahöfundurinn Páll Óskar verður sterkt leynivopn. Gæti jafnvel slegið upp Eurovision-balli.



**SÆT Í SVÖRTU** Eurobandið fer til Serbíu 12. maí.

EUROVISION 58 DAGAR TIL STEFNU

Heimilið

Börn

Snyrtivörur

Dömur

Herrar

# SENSAI

## CELLULAR PERFORMANCE

**Heildræn meðferð gegn öldrun líkamans.**

Markmiðið að öðlast silkimjúkan líkama byrjar djúpt inni í húðinni hjá SENSAI.
Hydra Firming Booster vinnur með dýrmætum náttúrulegum innihaldsefnum til þess að örva efnaskipti kollagens og hámarka þannig starfsemi húðarinnar. Hún verður stinnari innan frá og ljómar að utan.
SENSAI CELLULAR PERFORMANCE Body Care.
Háþróaðasta varan sem vinnur gegn öldrun. Upplifðu fegurð þína.

**Fáðu húð þína til þess að ljóma sem aldrei fyrr með SENSAI.**



www.sensai-cosmetics.com

Kanebo INTERNATIONAL

## Kanebo kynning í Debenhams

Sérfræðingar Kanebo kynna nýjungar í Debenhams 28. mars – 3. apríl.
Nýja húðgreiningartölvan verður föstudag og laugardag.

Glæsilegar gjafir fylgja ef keypt er fyrir meira en 4.000 kr. þessa daga.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



**HUGH JACKMAN** Ástralski leikarinn ætlar að semja nýja myndasögu sem nefnist Nowhere Man.

# Hugh semur myndasögu

Ástralinn Hugh Jackman, sem leikur Wolverine í hasarmyndunum X-Men, ætlar að leggjast í skriftir og semja nýja myndasögu sem nefnist Nowhere Man. Honum til aðstoðar verður Marc Guggenheim sem samdi myndasögurnar Wolverine fyrir Marvel-fyrirtækið og Amazing Spider-Man.

Nowhere Man gerist í framtíðinni þegar menn geta látið af hendi einkalíf sitt fyrir aukið öryggi. Jackman vonast til að myndasagan verði nægilega vinsæl til að hægt verði að kvikmynda hana.

Kvikmyndir byggðar á myndasögum hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Má þar nefna X-Men myndirnar, Batman og Spider-Man.

# Sungu til heiðurs Eagles

**Tvennir tónleikar voru haldnir til heiðurs bandarísku hljómsveitinni The Eagles í Borgarleikhúsinu á dögunum. Á meðal þeirra sem stigu á svið voru Eyjólfur Kristjánsson, Davíð Smári og Björgvin Halldórsson.**

Eagles hefur sent frá sér fjölda vinsælla laga í gegnum tíðina og má þar nefna Hotel California, Tequila Sunrise, Take It Easy og Desperado, sem fengu að sjálfsögðu að hljóma á tónleikunum.



**INNLIFUN** Eyjólfur Kristjánsson, Davíð Smári og félagar sungu lög Eagles af mikilli innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KYNNIR** Fréttamaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson stóð sig vel sem kynnir á tónleikunum.



**PÁLMAR OG MARGRÉT** Pálmar Þórisson og Margrét Þórhallsdóttir hlýddu á ómþýða tóna Eyjólfs og félaga.



**KJARTAN OG HALLDÓRA** Kjartan Mogensen og Halldóra Ólafsdóttir voru á meðal gesta í Borgarleikhúsinu.



**BENNI HEMM HEMM** Næsta plata Benna Hemm Hemm kemur út hjá plötufyrirtækinu Kimi Records.

# Nýjar plötur hjá Kimi

Næstu plötur hljómsveitanna Reykjavík! og Benna Hemm Hemm verða gefnar út hjá hinu nýstofnaða plötufyrirtæki Kimi Records. Platan frá Reykjavík! er væntanleg seint í sumar og verður upptökustjóri Valgeir Sigurðsson. Verður þetta önnur plata sveitarinnar en sú fyrsta fékk mjög góðar viðtökur.

Upptökum á þriðju breiðskífu Benna Hemm Hemm er lokið og er hún væntanleg hjá Kimi í júní. Platan var tekin upp hjá Orra Jónssyni úr hljómsveitinni Slowblow, á sextán rása segulband.

Á meðal annarra skjólstæðinga Kimi Records eru Hjaltalín, Borko, Morðingjarnir og Hellvar.






# Bað Combs afsökunar

Dagblaðið The Los Angeles Times hefur beðið rapparann og tískumógúlinn Sean Combs afsökunar á að hafa bendlað hann við skotárás á rapparann Tupac Shakur árið 1994.

Í afsökunarbeiðninni kemur fram að blaðið hafi verið gabbað af fanga og að fréttin hafi verið byggð á frásögn hans. „Við hefðum ekki átt að nota skjölin sem við byggðum fréttina okkar á,“ sagði ritstjóri blaðsins. Combs sagði fréttina kolranga og taldi að blaðamaðurinn sem skrifaði hana hefði verið blekktur, sem síðar kom á daginn. Tveimur árum eftir umrædda árás lést Shakur eftir aðra skotárás í Las Vegas.





**INDIANA JONES** Harrison Ford leikur í fjórðu Indiana Jones-myndinni.

# Óraunhæfar væntingar

George Lucas, framleiðandi og annar af handritshöfundum ævintýramyndarinnar Indiana Jones and the Kingdom of the Chrystal Skull, segir að fólk megi ekki fara á hana með of miklar væntingar.

„Þegar gerð er framhaldsmynd sem hefur verið beðið svona lengi eftir halda margir að Kristur sé að snúa aftur,“ segir Lucas. „Sú er ekki raunin. Þetta er bara venjuleg mynd. Hinar myndirnar eru örugglega góðar í minningunni en ef þú horfir aftur á þær eru þær kannski ekki jafngóðar og þú heldur.“ Fjórða myndin um fornleifafræðinginn Indiana Jones verður frumsýnd 22. maí, nítján árum eftir að þriðja myndin leit dagsins ljós.



# Komdu og upplifðu veröld hvíldar



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

# Páll Óskar rokkar!

Bandið hans Bubba snýr aftur á Stöð 2 í kvöld eftir páskahlé. Nú eru fimm keppendur eftir og einn mun þurfa að taka pokann sinn í lok þáttar. Lögin eru alíslensk í kvöld: Thelma tekur „Lommér að sjá“ með Todmobile, Arnar Már „Skot í myrkri“ með Eika Hauks, Birna Sig „Þúsund sinnum segðu já“ með Grafík, Hjálmar „Alveg orðlaus“ með Bítlavinafélaginu og Eyþór Ingi tekur „Ég stend á skýi“ með SSSól.

Gestadómarinn er sjálfur Páll Óskar, sem ætlar ekki bara að tjá sig um sönghæfni keppenda heldur líka að taka lagið. Palli er lítið í rokkinu dags daglega en lofar að leggja sig allan fram í kvöld. Hann mætir í sínu svaðalegasta leðurrokkdressi og ætlar að taka alþekkt íslenskt lag í gersamlega óþekkjanlegum rokkbúningi.



**TEKUR LAGIÐ MEÐ BANDINU HANS BUBBA** Páll Óskar mætir í leðri.

# Loksins alvöru ævintýramynd

Þegar Jared, Simon og Mallroy flytja með móður sinni í drungalegt hús Spiderwick-fjölskyldunnar finnur Jared gamla bók sem býr yfir ýmsum leyndarmálum annars heims.

The Spiderwick Chronicles, eða Spiderwick-sögurnar eins og hún heitir á íslensku, er byggð á samnefndri fimm bóka seríu eftir Tony DiTerlizzi og Holly Black. Í kvikmyndinni er búið að hnýta saman megindrætti bókanna fimm í einn heilsteyptan söguþráð þar sem áhorfendur fylgjast með ævintýrum Grace-systkinanna. Ævintýraheimur myndarinnar er okkar eigin; hann er alltaf til staðar en einungis útvaldir geta upplifað hann. Skrautlegar persónur skjóta upp hausnum hér og þar, þar sem heimurinn er afhjúpaður hægt og bítandi gegnum myndina, og í raun verða áhorfendur aldrei varir við umfang heimsins.

Leikstjóri myndarinnar er Mark Waters sem leikstýrði hinni ágætu Mean Girls og þar áður Freaky Friday. Waters fer vel með leikstjórn myndarinnar og ólíkt nýlegum ævintýra- og fjölskyldumyndum heppnast spennuatriði myndarinnar ágætlega. Handrit myndarinnar er afar vel soðið saman úr bókunum fimm. Satt að segja vissi ég ekki að myndin væri byggð á bókunum fimm fyrr en ungur snáði sem fór með mér á hana sagði mér það eftir myndina.



**KVIKMYNDIR**

**The Spiderwick Chronicles**

Leikstjóri: Mark Waters. Aðalhlutverk: Freddie Highmore, Nick Nolte, Seth Rogen, Martin Short.

★★★★

Vel gerð ævintýra- og fjölskyldumynd. Með betri slíkum undanfarin misseri.

Ungstirnið Freddie Highmore, sem fór á kostum í Finding Neverland, fer með hlutverk hins unga Jared Grace auk tvíburabróður hans Simons í myndinni. Highmore er afar þægilegur í hlutverki bræðranna og stendur sig með prýði; það á eftir að verða áhugavert að fylgjast með honum í framtíðinni. David Strathairn birtist í mikilvægu en litlu hlutverki sem Arthur Spiderwick, höfundur bókarinnar eftirsóttu í kvikmyndinni. Nick Nolte ljáir skúrk myndarinnar, Mulgarath, rödd sína og Seth Rogen og Martin Short leika skemmilegar tölvuteiknaðar persónur. Tölvubrellurnar eru vel gerðar og þá sérstaklega lykilpersónurnar sem Rogen og Short leika.

The Spiderwick Chronicles er með betri ævintýra- og fjölskyldumyndum sem hafa komið síðastliðin misseri og væri gaman að sjá betur þennan áhugaverða heim ef til þess kæmi að framhaldsmynd yrði gerð. **Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**


SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 (3D) | L |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| KRINGLUNNI | | |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8D-8:30D-10D-10:30D | 10 |
| HANNA MONTANA | kl. 4 (3D) | L |
| JUNO | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| SEMI PRO | kl. 6 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC | kl. 10:20 | 12 |
| AKUREYRI | | |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| 10.000 BC | kl. 6 | 12 |
| SHUTTER | kl. 8 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 |
| KEFLAVÍK | | |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |
| HORTON M/ÍSL TALI | kl. 6 | L |
| UNDERDOG M/ÍSL TALI | kl. 6 | L |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE EYE - POWER | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK | kl. 4, 6 og 8 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 4, 8 og 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VANTAGE POINT LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 - 10.10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOVEWRECKED | kl. 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSK | |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!
AUKAKRÓNUR




KATE MOSS VORLÍNAN ER KOMIN Í VERSLANIR TOPSHOP

TOPSHOP



Frumsýnd 28. mars
20% afsláttur
GLITNIR
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.
KVIKMYND EFTIR ÓLAF JÓHANNESSON
STÓRA PLANIÐ
NÆSTUM ÞVÍ GANGSTERMYND
9. HVER VINNUR!
SENDU SMS BTC SPV
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!
BÍÓMIÐI
STÓRA PLANIÐ
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
WWW.STORAPLANID.IS

## > Birgir Leifur átta höggum frá toppnum

Birgir Leifur Hafþórsson er í 63. sæti eftir fyrsta dag á meistaramóti Andalúsíu í golfi sem fram fer á Spáni. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og lék Birgir Leifur á 73 höggum, sem þýðir að hann er átta höggum á eftir Lee Westwood frá Englandi sem er efstur eftir fyrstu 18 holurnar. Birgir Leifur hefur aðeins komist í gegn niðurskurðinn einu sinni af fjórum mótum sínum á þessu tímabili en það var í Suður-Afríku í desember. Af þeim sökum er Birgir Leifur aðeins í 256. sæti af 290 kylfingum á peningalista Evrópumótaraðarinnar. Það er því mikilvægt að okkar maður komist áfram í gegnum niðurskurðinn í dag en hann stóð sig vel á sama móti í fyrra og endaði þá í 34. sæti.



# sport

sport@frettabladid.is

ARON EINAR GUNNARSSON, AZ ALKMAAR: HEFUR SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN MEÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐINU

# *Ætla að eigna mér miðjustöðuna hjá landsliðinu*

Aron Einar Gunnarsson, leikmaður AZ Alkmaar í Hollandi, hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir vasklega framgöngu með íslenska landsliðinu í síðustu leikjum. Þrátt fyrir að þessi tæplega 19 ára gamli Eyfirðingur hafi aðeins verið að leika sinn þriðja landsleik í sigrinum gegn Slóvakíu í fyrrakvöld lítur hann nú þegar út fyrir að vera sá sem valdið hefur.

„Það er náttúrlega frábært fyrir mig að vera að spila með þessum köllum í landsliðinu og ég er að læra mikið af þessari reynslu. Utan vallar er ég kannski enn sem komið er ekki mikið að tjá mig en þegar inn á völlinn er komið missi ég mig alveg og hika ekki við að öskra á menn og láta til mín taka," sagði Aron Einar, sem er verulega ánægður með að hafa fengið tækifærið og ætlar að nýta það til fulls.

„Ég er mjög þakklátur Ólafi Jóhannessyni landsliðsþjálfara fyrir að hafa gefið mér tækifæri á að sanna mig. Mér gekk reyndar mjög vel í fyrsta landsleiknum mínum gegn Hvít-Rússum á Möltumótinu í byrjun febrúar og vissi það að ef ég spilaði vel í Færeyjaleiknum ætti ég góðan möguleika á að halda sæti mínu í liðinu. Markmið mitt núna er bara að halda mínu striki og gera mitt besta til að eigna mér þessa miðju stöðu, það er klárt mál," sagði Aron Einar.



Hann er ekki jafn ánægður með stöðu mála hjá félagsliði sínu. „Ég er ekki sáttur við að fá ekki að spila og mun fara yfir mín mál næsta sumar ef ekkert gerist en ég á reyndar von á því að AZ Alkmaar nýti sér ákvæði um að framlengja samning minn um eitt ár frá 1. apríl næstkomandi. Hvað sem því líður ætla ég bara að halda áfram að æfa á fullu og reyna að bæta mig sem leikmaður," sagði Aron Einar, sem var ekki langt frá því að velja handboltann fram yfir fótboltann á sínum tíma.

„Ég var miklu betri í handbolta þegar ég var yngri og ætlaði að velja hann eins og bróðir minn Arnór sem spilar með Val, en ég þarf ekki að sjá eftir vali mínu núna," sagði Aron Einar léttur í bragði.



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Segir erfitt að taka ákvörðun um næsta skref. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einar Hólmgeirsson:

## Velur lið eftir helgina

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson mun ákveða eftir helgi hvaða liði hann leikur með á næstu leiktíð.

Hann hefur komist að samkomulagi við Flensburg um að rifta samningi sínum við félagið í sumar en þar hefur hann fengið ákaflega fá tækifæri.

Rhein-Neckar Löwen, Wetzlar, Grosswallstadt og Melsungen hafa öll boðið Einari samning. Upphaflega ætlaði hann að ákveða sig fyrir helgi en hann sagði við Fréttablaðið í gær að hann myndi þurfa helgina til þess að klára sín mál. - hbg

Michael Owen, Newcastle:

## Beckham á enn nóg eftir

**FÓTBOLTI** Michael Owen fór fögrum orðum um David Beckham, félaga sinn hjá enska landsliðinu, eftir að sá síðarnefndi lék sinn 100. landsleik fyrir England gegn Frakklandi í fyrrakvöld.

„Beckham sýndi í þessum leik að hann hefur enn mjög margt fram að færa fyrir England og ég er sannfærður um að hann á eftir að spila fleiri leiki í framtíðinni. Hann er í góðu líkamlegu standi, er hungraður og hefur frábæran hægri fót. Allir félagar hans í enska landsliðinu samgleðjast honum með að hafa náð þessum frábæra áfanga," sagði Owen í viðtali við BBC Sport.



Owen sjálfur á ekki langt í 100 leikja markið en hann var að leika sinn 89. landsleik fyrir England gegn Frakklandi og er sjöundi leikjahæsti leikmaður enska landsliðsins frá upphafi. - óþ

# Rússajeppinn heim í Val

**Sigfús Sigurðsson mun að öllu óbreyttu spila með uppeldisfélagi sínu, Val, á næstu leiktíð. Ademar Leon hefur samþykkt að hleypa honum frá félaginu til Íslands án greiðslu. Sigfús hefur þegar gert heiðursmannasamkomulag við Val.**

**HANDBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Vals fá gríðarlegan liðsstyrk í sumar þegar landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson snýr heim eftir áralanga atvinnumennsku í Þýskalandi og á Spáni. Sigfús átti ár eftir af samningi sínum við spænska félagið Ademar Leon, sem hefur samþykkt að leysa hann undan samningi strax í sumar svo hann komist til Íslands.

Dagur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vals, staðfesti við Fréttablaðið að Sigfús væri laus til þess að koma heim en sagði ekki búið að ganga frá samningum við línumanninn sterka. „Þetta er langt komið og áhugi frá báðum aðilum. Þegar góðir Valsmenn vilja koma heim tökum við að sjálfsögðu fagnandi á móti þeim," sagði Dagur.

Sigfús segir að aðalástæðan fyrir því að hann hafi ákveðið að koma heim sé sonur hans sem hann sakni mikið.

„Strákurinn er orðinn þrettán ára og ég er búinn að vera úti flest árin af hans ævi. Ég hef ekki séð eins mikið til hans, og ekki getað eytt eins miklum tíma með honum, og ég hefði viljað. Nú er kominn tími til að hann fái að njóta þess að vera með föður sínum," sagði Sigfús við Fréttablaðið í gær.

„Leon sýndi mínum málum mikinn skilning. Það er ekki bara eintóm sæla að vera í atvinnumennsku þegar maður er ekki með fjölskylduna líkt og flestir aðrir. Þá er félagslífið af skornum skammti og manni leiðist stundum. Það er mikil tilhlökkun í mér að koma heim," sagði Sigfús en hann segir aldrei hafa komið annað til greina en að fara í sitt gamla félag.

„Valur hefur reynst mér vel í gegnum tíðina. Félagið stóð þétt við bakið á mér er ég gekk í gegnum erfiða tíma og ætli það sé ekki kominn tími á að ég klóri þeim aðeins á bakinu núna," sagði Sigfús léttur.



**AFTUR Á HLÍÐARENDA** Rússajeppinn Sigfús Sigurðsson mun leika listir sínar á fjölum Vodafone-hallarinnar næsta vetur ef að líkum lætur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hann segir að hrikalega freistandi tilboð þurfi að koma svo hann fresti heimförinni. „Það yrði helst að vera frá Lakers," sagði Sigfús, sem hefur ekki verið í eins vel á sig kominn líkamlega í mörg ár og segist eiga nóg eftir. „Miðað við ástandið á mér núna gæti ég spilað tíu ár í viðbót. Hvort ég nenni því er svo annað mál. Hnéð á mér er loksins orðið gott og í fyrsta skipti í mörg ár get ég æft án spelku. Ég er farinn að geta hlaupið mikið meira og það hafa lekið af mér um sjö kíló síðan á EM í janúar. Ég verð því vonandi í góðu ástandi til þess að hjálpa landsliðinu við að komast á Ólympíuleikana," sagði Sigfús. henry@frettabladid.is


STÓRÚTSALA Á NOTUÐUM BÍLUM



-1.000.000 KR

NISSAN MURANO 3.5 V6 Ekinn 46 þús. ssk.
Nýskr. 06/05. Verð áður 5.290.000 kr.

4.290.000 KR

IH INGVAR HELGASON

bílaland B&L


Íslenska kvennalandsliðið tapaði 20-21 fyrir Kína á æfingamótinu í Portúgal:

# Sorglegur endir á góðum leik

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði með eins marks mun fyrir Kína, 20-21, í fyrsta leik sínum á æfingamótinu í Portúgal eftir að hafa unnið fyrstu 27 mínútur seinni hálfleiksins 11-3.

Kínverjar skoruðu sigurmarkið fimm sekúndum fyrir leikslok eftir að Ísland hafði verið með boltann þegar 25 sekúndur voru eftir. Íslenska liðið náði hins vegar ekki skoti á marki í lokasókninni og kínverska stelpurnar skoruðu úr hraðaupphlaupi.

„Ég sagði það við stelpurnar eftir leik að þessi leikur tapaðist ekki í lokin heldur á mjög slæmum kafla á tíu síðustu mínútunum í fyrri hálfleik þegar við misstum þær frá okkur," sagði Júlíus Jónasson, þjálfari liðsins. „Það er svekkjandi að tapa þessum leik, eftir að hafa verið 9-15 undir í hálfleik en komið til baka og átt svona frábæran seinni hálfleik. Ég og allur hópurinn er svolítið brotinn eftir að hafa klúðrað þessu í lokin en engu að síður var þessi leikur skref fram á við frá því í leiknum í gær," sagði Júlíus, sem var sérstaklega ánægður með innkomu þeirra Sunnu Maríu Einarsdóttur og Þóreyjar Rósu Stefánsdóttur sem spiluðu bara seinni hálfleik í gær.



**ÞÓREY** Skoraði jafnmörg mörk og Kína í seinni hálfleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Þessar stelpur voru virkilega góðar í seinni hálfleik og eiga heiður skilinn. Begga var líka frábær í markinu, liðið var að spila frábæran varnarleik í seinni hálfleik og náði í kjölfarið að vinna seinni hálfleikinn glæsilega," sagði Júlíus en stelpurnar eiga frí í dag en mæta síðan Portúgal á morgun. - óój

**Mörk Íslands skoruðu:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Stella Sigurðardóttir 5, Rakel Dögg Bragadóttir 3/3, Rut Jónsdóttir 2, Dagný Skúladóttir 2, Sunna María Einarsdóttir 1, Sólveig Lára Kjærnested 1, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði 19 skot.

# Frábært verð á myndavélum

OPIÐ til 20 alla daga



19.990kr GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE280SV
- 8 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,5" LCD Skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- 48MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja



19.990kr GOTT VERÐ

**Casio myndavél** EXZ77
- 7.2 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.6" LCD Skjár (114.960 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- You Tube™ Capture Mode
- Hágæða hreyfimyndataka (hámarksupplausn 848x480 - 7Mbps - 30fps)
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC/MMC/MMCplus kort



16.990kr GOTT VERÐ

**Panasonic myndavél** DMCLS70
- 7.2 milljón punkta upplausn
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm Samb. 35 - 105mm)
- 2.0" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)



15.990kr GOTT VERÐ

**Olympus myndavél** FE270
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- 6,9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja



49.990kr GOTT VERÐ

**JVC digital tökuvél** GZMG130
- 30GB harður diskur (Allt að 37,5 tíma upptaka)
- 1/6" upptökuflaga með 800.000 Pixela upplausn
- 2,7" LCD breiðskjár
- Tekur SD/SDHC kort
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- CyberLink DVD Solution Klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Titringsdeyfir



26.990kr GOTT VERÐ

**JBL útvarpsvekjari með vöggu** ONTIMEWH
- Passar fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira • 2x6w innbyggður magnari • Innbyggt útvarp með stöðvarminnum • Hægt að láta vekja á iPod, auka inngangnum eða útvarpi • Vagga fyrir iPod hleður spilarann • iPod vöggutengi að aftan til að tengja við tölvu



24.990kr GOTT VERÐ

**JVC digital tökuvél** GRD740
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 punkta upplausn
- 520 lína upplausn
- 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom
- 2.7" LCD breiðskjár
- Titringsdeyfir
- Vefmyndavél

**United 26" LCD sjónvarp**
LTV26W42
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 3 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



69.990kr GOTT VERÐ

**Dantax 19" LCD sjónvarp**
19LCDDVDP3
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



49.990kr GOTT VERÐ



14.990kr GOTT VERÐ

**JVC míkrósamstæða** UXS11
- 10w RMS magnari með Bass Boost • RDS Útvarp með stöðvaminnum
- Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Fjarstýring



10.990kr Verð áður 12.990.-

**Philips míkrósamstæða** MC146
- Geislaspilari • Spilar CD-R/RW • Dynamic Bass Boost
- FM útvarp með 20 stöðvaminnum • Heyrnartólstengi

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Fjögur spennandi einvígi framundan

**Úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla hefst í kvöld. Góður árangur liðanna í 5. til 8. sæti að undanförnu bendir til að allt geti gerst í fyrstu umferð en flestir spá Keflavík, KR, Grindavík og Snæfelli áfram.**

**KÖRFUBOLTI** Það er mikil spenna í loftinu fyrir úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla sem hefst í kvöld með leikjum Keflavíkur og Þórs í Toyota-höllinni í Keflavík og leiks Grindavíkur og Skallagríms í Röstinni í Grindavík.

Efstu liðin hafa verið að hiksta á lokasprettinum á sama tíma og mörg heitustu liðin að undanförnu eru ekki með heimavallarrétt í fyrstu umferð og það gæti þýtt jöfn og spennandi einvígi fram undan.

### Robert Reed hefur breytt miklu

Deildarmeistarar Keflavíkur unnu alla leiki sína fyrir áramót en hafa tapað fjórum leikjum á þessu ári. Í mörgum þessara tapleikja hefur liðið verið að opinbera sína veikleika sem enginn virtist finna fyrir áramót.

Keflvíkingar mæta Þórsurum en liðið vann báða innbyrðisleiki liðanna nokkuð sannfærandi, með 14 stigum í Keflavík og með 16 stigum fyrir norðan. Þeir eiga hins vegar enn eftir að mæta Þórsliðinu með Robert Reed innanborðs en Þór er með 71 prósenta sigurhlutfall meðan liðið var aðeins með 33 prósenta sigurhlutfall fyrir komu hans.



### Alveg eins og í fyrra

KR og ÍR háðu magnað einvígi í átta liða úrslitunum í fyrra þar sem ÍR unnu fyrsta leikinn í DHL-Höllinni en KR-ingar komu til baka og unnu tvo leiki í röð.

Liðin eru í sama sæti og með sama sigurhlutfall og í fyrra og líkt og þá hafa ÍR-ingar verið að móta liðið sitt fram eftir vetri og virðast eins og í fyrra vera að koma upp á réttum tíma. ÍR hefur tapað fjóra af fimm leikjum sínum á þessu ári með fjórum stigum eða minna og unnið hina sex. Það er skemmst að minnast þess að ÍR vann KR með 4 stigum í Seljaskóla í síðasta mánuði en tapaði aftur á móti fyrri leiknum með 31 stigi í í nóvember. Mesta breyting á milli leikjanna var örugglega innkoma Nate Brown sem var ekki með í fyrri leiknum en var með 21 stig, 10 stoðsendingar, 9 fráköst og 7 stolna bolta í sigrinum í Seljaskóla.

### Verra að vera með heimavallarrétt

Grindvíkingar og Skallagrímsmenn mætast nú þriðja árið í röð í átta liða úrslitum og í bæði skiptin hefur heimavallarrétturinn ekki dugað. Grindavík var með heimavallarréttinn 2006 en Skallagrímur vann þá 2-0 og í fyrra var Skallagrímur með heimavallarréttinn en Grindavík vann 2-1. Það er ein tölfræði sem Borgnesingar vilja örugglega breyta sem fyrst en hún er sú að þeir eru búnir að tapa þremur heimaleikjum í röð í úrslitakeppninni í Fjósinu.

### Þekkja hvort annað vel

Njarðvík og Snæfell ættu að vera farin að þekkja hvort annað vel eftir að hafa mæst í deild, bikar og fyrirtækjabikar í vetur en það hefur breytt miklu að Friðrik Stefánsson verður ekki með.

Það munar mikið um Friðrik eins og sást þegar Snæfellingar unnu Njarðvíkinga í undanúrslitum Powerade-bikarsins í haust. Njarðvík hefur farið áfram í undanúrslit átta sinnum á síðustu níu árum en í öll skiptin með Friðrik Stefánsson í miðri vörninni sinni.

Snæfellingar hafa farið illa með Njarðvíkinga á þessu ári því þeir slógu þá út með sannfærandi hætti úr bikarnum í Ljónagryfjunni og unnu síðan nokkuð öruggan sigur í Hólminum í deildinni í upphafi ársins.

Bæði lið hafa verið að spila vel. Njarðvíkurliðið hefur unnið fimm leiki í röð og Snæfellingar voru búnir að vinna 9 leiki í röð í deild og bikar þegar þeir töpuðu í síðasta leik gegn Þór.

Fréttablaðið fékk þá Ágúst Björgvinsson, þjálfara Hamars, Braga Magnússon, þjálfara Stjörnunnar, og Brynjar Karl Sigurðsson, þjálfara FSu, til að spá fyrir um einvígin í átta liða úrslitunum. Brynjar Karl býst við óvæntum úrslitum hjá efstu liðunum og spá hans er þvert á við hinar spárnar í þremur af fjórum einvígum.

ooj@frettabladid.is

## HVERNIG FARA EINVÍGIN?

| | |
|---|---|
| **Keflavík-Þór Akureyri** | |
| Ágúst: | 2-0 fyrir Keflavík |
| Bragi: | 2-0 fyrir Keflavík |
| Brynjar Karl: | 0-2 fyrir Þór Ak. |
| **KR-ÍR** | |
| Ágúst: | 2-0 fyrir KR |
| Bragi: | 2-1 fyrir KR |
| Brynjar Karl: | 0-2 fyrir ÍR |
| **Grindavík-Skallagrímur** | |
| Ágúst: | 2-0 fyrir Grindavík |
| Bragi: | 2-0 fyrir Grindavík |
| Brynjar Karl: | 2-0 fyrir Grindavík |
| **Njarðvík-Snæfell** | |
| Ágúst: | 1-2 fyrir Snæfell |
| Bragi: | 1-2 fyrir Snæfell |
| Brynjar Karl: | 2-1 fyrir Njarðvík |

## HVER MÁ EKKI KLIKKA?

| | |
|---|---|
| **Keflavík-Þór Akureyri** | |
| Ágúst: | Bobby Walker, Keflavík |
| Bragi: | Bobby Walker, Keflavík |
| Brynjar Karl: | Ritaraborðið |
| **KR-ÍR** | |
| Ágúst: | Joshua Helm, KR |
| Bragi: | Avi Fogel, KR |
| Brynjar Karl: | Hreggviður Magnúss., ÍR |
| **Grindavík-Skallagrímur** | |
| Ágúst: | Páll Axel Vilbergsson, Grindavík |
| Bragi: | Páll Axel Vilbergsson, Grindavík |
| Brynjar Karl: | Páll Axel, Grindavík |
| **Njarðvík-Snæfell** | |
| Ágúst: | Justin Shouse, Snæfelli |
| Bragi: | Brenton Birmingham, Njarðvík |
| Brynjar Karl: | Damon Bailey, Njarðvík |

Hver sá leikmaður er sem er mikilvægastur fyrir sitt lið í einvíginu.

## HVER SLÆR Í GEGN?

| | |
|---|---|
| **Keflavík-Þór Akureyri** | |
| Ágúst: | Magnús Þór Gunnars., Keflavík |
| Bragi: | Óðinn Ásgeirsson, Þór |
| Brynjar Karl: | Cedric Isom, Þór |
| **KR-ÍR** | |
| Ágúst: | Darri Hilmarsson, KR |
| Bragi: | Pálmi Freyr Sigurgeirsson, KR |
| Brynjar Karl: | Fannar Ólafsson, KR |
| **Grindavík-Skallagrímur** | |
| Ágúst: | Þorleifur Ólafsson, Grindavík |
| Bragi: | Páll Axel Vilbergsson, Grindavík |
| Brynjar Karl: | Páll Axel, Grindavík |
| **Njarðvík-Snæfell** | |
| Ágúst: | Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli |
| Bragi: | Hlynur Bæringsson, Snæfelli |
| Brynjar: | Brenton Birmingham, Njarðv. |



**SÁ STÓRI** Fannar Ólafsson, fékk að lyfta Íslandsbikarnum síðasta vor en KR-ingar fá harða keppni um titilinn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þjálfarar liðanna í átta liða úrslitunum:

# Fjórir hafa gert lið að meisturum

**KÖRFUBOLTI** Fjórir af átta þjálfurum í fyrstu umferð úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla hafa gert lið að Íslandsmeisturum.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, er á eftir sínum fimmta Íslandsmeistaratitli, Friðrik Ragnarsson hefur tvisvar gert lið að Íslandsmeisturum og þeir Benedikt Guðmundsson hafa þjálfað Íslandsmeistaralið einu sinni hvor.

Geof Kotila, þjálfari Snæfells, hefur líka gert lið að meisturum en undir hans stjórn urðu bæði Horsens IC og Bakken Bears danskir meistarar.

Þeir Ken Webb, þjálfari Skallagríms, og Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs Akureyri, eru að fara með lið í úrslitakeppni í fyrsta sinn en Webb hefur þó reynslu af úrslitakeppni erlendis.

Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR, hefur farið tvisvar með lið í úrslitakeppni en tapað í átta liða úrslitum í bæði skiptin. Jón Arnar hefur síðan eins og allir nema Hrafn, Webb og Teitur gert lið að bikarmeisturum. - óój


CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hö 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.950.000 kr.
Verð án vsk. 1.566.265 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 33.172 kr.



Sjáðu Citroën Berlingo í dag

Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið af mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

Við erum sjálfselsk hjá Citroën

Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg.
Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

Citroën Berlingo

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
· Meiri burðargeta: 800 kg
· Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
· 180 gráðu opnun á afturhurðum
· Topplúga fyrir lengri hluti
· Hiti í sætum
· Rafdrifnar rúður
· Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
· Fjarstýrð samlæsing
· Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi



Berlingo Van 1,6 HDi 92 hö 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 2.190.000 kr.
Verð án vsk. 1.759.036 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 36.908 kr.

Ný dísilvél. 1,6 HDi 92 hö 215 Nm
$CO_2$ losun 143 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,4 l/100 km

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

GCI GROUP ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# FERMINGARPAKKINN FÆST HJÁ ATT.IS

## VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!

att.is ER MEÐ FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ. ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!

### INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

### INTEL TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

49.950

### INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2180 - 1MB
- 2GB DDR2 DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI

89.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

### TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core2Duo E6550
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT

64.950

### ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu, 5ms

acer 27.950

### SENNHEISER HD-202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

SENNHEISER 2.750

### LOGITECH MX518

Logitech MX518 Gaming Grade Optical mús stórglæsileg og þægileg með fullt af flýtitökkum

Logitech 5.950

### LOGITECH EX110

Logitech EX110 þráðlaust lyklaborð með flýtihnöppum, ábrenndir ísl. stafir. Þráðlaus geislamús fylgir

Logitech 4.450

### AMD TÖLVA 4

- Phenom QuadCore 9500 - 4MB
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8800GT
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

119.950

### ASPIRE X-TELSTAR

Aspire X-Telstar glæsilegur turnkassi með mælum, ljósum og hliðarglugga

12.950

### XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 600watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 135mm viftu, ATX ver. 2.2

XILENCE 9.950

### ACER 5720Z

- 1.46GHz Intel Core Duo T2310
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 250GB SATA 5400rpm
- 384MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 104.950

### 500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICYBOX 23.950

### SAROTECH DVP370

Sarotech margmiðlunar-spilari fyrir SATA harða diska spilar kvikmyndir og tónlist án tövu. Fjarstýring fylgir.

Sarotech 15.750

### SAMSUNG DVD SKRIFARI

Svartur DVDR+R/RW 20x/8x/16x skrifari, DVD-R/RW 20x/6x/16x,CD-R/RW 48x/32x, DL 12x með hugbúnaði

SAMSUNG 3.950

### PALIT GEFORCE 8800GT

Palit GeForce 8800GT, 512MB 1,8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 2.0. Frábært skjákort í leikina

PALIT 24.950

### SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

SanDisk 5.950

### 4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR 3.950

### ACER ASPIRE 5315

- Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 67.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700



> **Anne Heche**

„Mér finnst hreinskilni vera mjög mikilvæg. Það sem ég lærði af láti föður míns, sem dó úr alnæmi 1983, var að ef þú ferð í afneitun á lífinu mun það drepa þig á endanum.“ Anne Heche leikur ásamt Vince Vaughn í kvikmyndinni Psycho í kvöld sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 22.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI FYLGDIST MEÐ SÆNSKUM SJÁLFSMORÐSKANDÍDÖTUM

# *Píslarvættisdauði er ekkert stuð*

Ég datt inn í þátt um unga sænska múslima. Ég missti af byrjuninni. Í þættinum var leitað svara við spurningum eins og þessari: Af hverju vilja ungir evrópskir múslimar fórna lífi sínu? Höfundur myndarinnar, Oscar Hedin, vann að henni í þrjú ár og kafaði djúpt í hinn dularfulla heim á bak við fyrirsagnir blaðanna. Hann fann marga unga menn sem vildu gjarnan deyja píslarvættisdauða og hann fann líka nýjar skýringar á því.

Eða svo sagði í dagskrárkynningu. Ekki varð ég var við þær skýringar. Ekki fékk ég samúð með þeim sem drepa sig og aðra fyrir bókstafinn. Enda trúi ég ekki á yfirnáttúrulegar verur og handanlíf. Ég sá ekkert nema snartrúaða bjána. Já já, það eru allir svo vondir við ykkur. Hvernig væri þá að gera eitthvað annað í því en að sprengja eitthvert lið úti í bæ í loft upp? Er ekkert um almannatengla í hinni helgu bók?

Aulalegur Svíi var í aðalhlutverki. Hann var með bullutattú á hálsinum enda hafði hann verið bulla sem hékk utan í einhverju fótboltaliði. Svo hafði hann ákveðið að verða múslimabulla í staðinn og hanga utan í Allah. Hann vildi deyja píslarvættisdauða til að komast í stuðið á himnum með hreinu meyjunum og það allt, en þorði því ekki. Sýnt var frá fundi þar sem æðstipresturinn fræddi smástráka um dásemdir þess að drepa sig fyrir málstaðinn. Það var frekar ógnvekjandi og það eina sem snerti mig eitthvað í þessum leiðinlega þætti. Það vantaði alveg í hann hasarmyndatónlist og stórbrotna myndvinnslu. Enda var hann sænskur. Þátturinn verður endursýndur klukkan 14.05 á morgun hafi einhver áhuga.



**ENGIN YFIRNÁTTÚRA Í HÖNNUN** Arnar Gauti sér um Innlit/útlit.

Ég skipti um stöð og lenti á Arnari Gauta að tala við einhvern náunga um hönnun. Ég þakka mínum sæla fyrir að áhugamál Arnars Gauta verða aldrei til þess að hann sprengi sig í loft upp til að hann komist til hönnunarhimna þar sem átján útúrhannaðir standlampar bíða hvers píslarvotts.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00 Hollyoaks** STÖÐ2EXTRA



▶ **19.55 Bandið hans Bubba** STÖÐ2



▶ **20.00 Be Cool** STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Survivor** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Útsvar** Hér eigast við í átta liða úrslitum lið Kópavogs og Akraness. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**21.15 Glímukóngur** (Going to the Mat)
**22.45 Greifinn af Monte Cristo** Bresk/bandarísk bíómynd frá 2002 byggð á sögu eftir Alexandre Dumas um ungan mann sem öfundsjúkir vinir ljúga upp á sökum og láta fangelsa. Hann flýr og notar falinn fjársjóð sinn til að koma fram hefndum.
**00.55 Jackass: The Movie** Bandarísk gamanmynd frá 2002 um nokkra vini sem láta eins og vitleysingar öðrum til skemmtunar. Leikstjóri er Jeff Termaine og meðal leikenda eru Johnny Knoxville, Bam Margera, Steve-O, Chris Pontius, Ryan Dunn, Jason Acuña og Preston Lacy. e.
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Be Cool**
**08.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**10.35 Deuce Bigalow: European Gigolo**
**12.00 Kicking and Screaming**
**14.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**
**16.35 Deuce Bigalow: European Gigolo**
**18.00 Kicking and Screaming**
▶**20.00 Be Cool** Framhald hinnar geysivinsælu gáskafullu glæpamyndar Get Shorty.
**22.00 Psycho**
**00.00 The General´s Daughter**
**02.00 Special Forces**
**04.00 Psycho**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Studio 60**
**11.15 60 minutes**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Man´s Work**
**15.20 Bestu Strákarnir** (e)
**15.55 Galdrastelpurnar**
**16.18 Batman**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Sylvester og Tweety**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
▶**19.55 Bandið hans Bubba** (8:12)
**21.20 Failure to Launch** Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker og Matthew McConauhey í aðalhlutverkum. Hann leikur eilífðar piparsvein sem foreldrarnir eru eru æstir í að losna við að heiman. Málið er bara að hann hefur engan áhuga á að festa ráð sitt.
**22.55 Civil Action** Hörkuspennandi lögfræðidrama sem byggt er á sannsögulegum atburðum. Jan Schlichtmann er hörkuduglegur lögfræðingur sem er ekki vanur að gefa þumlung eftir í réttarsalnum. Jan mætir þó ofjarli sínum þegar hann tekur að sér mál nokkurra fjölskyldna sem ásaka stórfyrirtæki um að hafa valdið eituráhrifum sem leiða til hvítblæðis.
**00.50 Taking Lives**
**02.35 Venom**
**04.00 Heimsókn úr geimnum**
**05.25 Fréttir**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**15.50 Gillette World Sport**
**16.20 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**16.45 Vináttulandsleikur** (Slóvakía - Ísland)
**18.25 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Flensburg og Gummersbach í þýska handboltanum.
**20.10 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.55 Spænski boltinn - Upphitun**
**21.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**22.00 World Supercross GP** Frábær keppni í World Supercross GP sem fram fór í Metrodome í Minneapolis.
**22.55 Heimsmótaröðin í póker**
**23.50 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**00.40 KR - Njarðvík** Útsending frá fjórða leik KR og Njarðvíkur í úrslitum Iceland Express deildarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Reading og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 All of Us**
**17.15 Game tíví** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 One Tree Hill** (e)
**20.10 Mika í London** Upptaka frá frábærum tónleikum með söngvaranum Mika sem er í hópi vinsælustu tónlistarmanna heims í dag. Mika sló í gegn á síðasta ári með plötunni Life in a Cartoon Motion og var þrefaldur sigurvegari á World Music Awards 2007. Hann er fæddur skemmtikraftur og það er mikið fjör á tónleikum hjá honum. Þessir tónleikar voru teknir upp í Koko, einum vinsælasta tónleikastað Lundúna. Mika flytur öll sín bestu lög, þar á meðal Relax Take It Easy, Love Today, Big Girl (You Are Beautiful), Billy Brown og Grace Kelly.
▶**21.00 Survivor: Micronesia** (4:14) Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.
**22.00 Law & Order** Óvinsælasti aðdáandi New York Yankees er stunginn til bana skömmu eftir að hann hafði eyðilagt fyrir liðinu í mikilvægum leik. Sá sem grunaður er um morðið var nýverið látinn laus eftir 20 ár í fangelsi fyrir morð sem hann framdi ekki.
**22.50 The Boondocks**
**23.15 Professional Poker Tour**
**00.40 Dexter** (e)
**01.30 C.S.I. Miami** (e)
**02.20 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.10 All of Us** (e)
**03.35 All of Us** (e)
**04.00 Vörutorg**
**05.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LAGERSALA
ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlífðarföt
ALLT Á AÐ SELJAST
Arctic Wear vinnufatnaður
Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is
Prenttækni ehf.

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.20**

### Failure to Launch



Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum. Hann leikur eilífðar piparsvein sem foreldrarnir eru æstir í að losna við að heiman. Málið er bara að hann hefur engan áhuga á að festa ráð sitt og nýtur piparsveinalífsins. Í örvæntingu sinni ráða foreldrarnir sambandssérfræðing sem á að vinna hjarta hans, kremja það svo og koma honum í samband við hina réttu. En auðvitað fer það allt úrskeiðis og óvæntir atburðir taka að gerast, sem hvorugt þeirra sá fyrir.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

**The Simpsons NÝ ÞÁTTARÖÐ**

**Stöð 2 kl. 19.30**

Í kvöld hefur loksins göngu sína ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hefur fyrir alllöngu skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu bandarísku gamanþættirnir. Og það sem meira er þá hefur Simpsons-fjölskyldan sjaldan eða aldrei verið vinsælli. Gestaleikraddir verða óvenju margar og það ekki af ódýrari sortinni. Meðal þeirra sem við sögu koma eru Lionel Richie, Stephen Colbert, Placido Domingo og margir fleiri.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Ólympíuleikar myndlistarinnar
**21.10** Ég get mjög illa ort óhefðbundið
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank**
**18.15 The War at Home**
**▶19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

**20.50 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra.

**21.15 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.

**22.00 My Name Is Earl**
**22.25 Flight of the Conchords**
**22.55 Numbers**
**23.40 ReGenesis**
**00.30 Falcon Beach**
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Sigríður Klingenberg og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.

**21.00 Hvað ertu að hugsa?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns þar sem hann veltir fyrir sér hvernig viðhorf þurfi til afreksverka ásamt gestum sínum.

**21.30 Rétturinn** Fjallað er um rétt einstaklinga og tekið á ýmsum lögfræðilegum álitaefnum.

## DR 1

**9.00** Nyheder fra Grønland **9.30** Lær - på livet løs **10.00** Og det var Danmark... **10.30** Formiddag med Nis Boesdal **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Fra baggård til Edens Have **12.50** Rabatten **13.20** Kender du typen? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Kim Possible **16.25** F for Får **16.30** Havefest 16.45 Benjamin Bjørn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.45** Det ku' ske for dig **22.25** Ali

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Columbo **13.15** Doc Martin **14.00** Newton **14.30** Dinosapiens **14.55** Frosk til middag **15.05** H2O **15.30** Fin fredag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Viten om **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Robotgjengen **17.25** Rått egg og sardinolje **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektime: Kalde spor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektime: Kalde spor **23.05** Genesis - live i Roma **0.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Anaconda en français **9.15** All rätt i världen **9.20** UR-val - svenska som andraspråk **9.30** Ramp **10.00** Världen **11.00** Rapport **11.05** Annes trädgård **13.15** Venedig, den sjunkande staden **14.10** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Klass 9A **16.30** Plus **17.00** Hotell Kantarell **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.50** Dr Dogg **18.00** Bobster **18.15** Planet Sketch **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Man on Fire **22.25** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.50** Morgonsoffan **23.20** Krigaren



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta nú lítið á tónlist í vinnunni, það eru yfirleitt bara fréttirnar sem ég næ í daglegu amstri. Það er þá mest Rás 2 sem verður fyrir valinu.“*

Gunnlaugur Jónasson, hótelstjóri á Hótel Egilsstöðum.

# Sólóferill í kjölfar Gleðisveitar Ingólfs

„Þetta er skemmtilegt hobbí sem varð að veruleika. Ég ákvað að gera eina plötu og sjá hvað gerðist,“ segir Hlynur Ben, sem gaf fyrir skömmu út sína fyrstu sólóplötu, Telling Tales.

Hlynur hélt útgáfutónleika á Gauknum í síðasta mánuði sem heppnuðust einkar vel og ætlar hann að halda aðra slíka í heimabæ sínum Neskaupstað 5. apríl. „Það er Sú Ellen, Einar Ágúst og svo ég,“ segir hann og hlær. „Ég hef alltaf verið að spila þar rosalega mikið, með alls konar hljómsveitum, og þeir hafa alltaf sýnt mér mikið umburðarlyndi þar.“

Þekktasta hljómsveit Hlyns til þessa er vafalítið Gleðisveit Ingólfs sem gerði garðinn frægan í sjónvarpsþáttunum Hljómsveit Íslands á Skjá einum fyrir fimm árum. „Ég var svo heppinn að vera í því ævintýri öllu. Maður var náttúrulega bara krakki en þetta var mjög skemmtilegt. Ég eignaðist góða vini út úr þessu, sem eru strákarnir sem urðu síðar hljómsveitin Wulfgang. Þetta var alveg þess virði en maður myndi kannski ekki gera þetta aftur svona,“ segir hann. „Maður öðlaðist mikla virðingu fyrir þessum hörkurum sem hafa stundað þessa dansspilamennsku því ég bjóst ekki við að þetta væri svona mikið mál. Allir sem eru að spila eitthvað ættu að taka einn svona sumarrúnt og sjá hvað þeir endast.“

Hlynur ætlar sjálfur að láta það vera að ferðast um landið í sumar. „Ég verð að spila eitthvað hér og þar en ætla ekki að taka sveitaballahringinn. Þetta er kannski ekki dansvænasta músík sem þú finnur. Ég get þá bara sungið Rangur maður við önnur tilefni.“

- fb



**AF SKJÁNUM Í SÓLÓFERIL** Tónlistarmaðurinn Hlynur Ben hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu. Hann vakti athygli í sjónvarpsþáttunum Hljómsveit Íslands fyrir fimm árum.



**LÁRÉTT**
**2.** létu **6.** óreiða **8.** ferð **9.** heyskaparamboð **11.** íþróttafélag **12.** deyfa **14.** einkennis **16.** tvíhljóði **17.** gagn **18.** suss **20.** búsmali **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smæl **3.** borðaði **4.** sýklalyf **5.** dýrahljóð **7.** ráðning **10.** fálæti **13.** vöntun **15.** baklaf á flík **16.** í viðbót **19.** gylta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** rú, **8.** túr, **9.** orf, **11.** kr, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** au, **17.** nyt, **18.** uss, **20.** fé, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT:** . bros, **3.** át, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** auk, **19.** sú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Tveggja.
2. Að skíra dóttur hans að föðurnum forspurðum.
3. Spessi.






EVA ÞENGILSDÓTTIR: PRÓFESSORAR Í FREMSTU RÖÐ Á LEIÐINNI

# Finna nemendur á Saga Class

„Já, það er mikill áhugi og margir hafa skráð sig. Við tökum ekki fleiri inn en 25 manns og umsóknarfrestur er til 31. mars,“ segir Eva Þengilsdóttir þróunarstjóri hjá Háskólanum í Reykjavík. Þann 7. apríl hefst nám sem hlýtur að teljast með því flottara sem í boði hefur verið á Íslandi. Ekki er á hvers manns færi að stunda AMP-nám við HR sem einkum er ætlað er æðstu stjórnendum, forstjórum og framkvæmdastjórum. Kostar námið 1,9 milljónir á þátttakanda, kennt er í 20 daga en námið varir frá byrjun til enda í sex mánuði. Sem þýðir að hver þátttakandi borgar hundrað þúsund krónur fyrir kennsludaginn sem slíkan. Enda er aðbúnaður allur en eins og best verður á kosið. Öll námsgögn, hótel og fæði er innifalið. Námið er í lotum og lýkur með vikudvöl í Barcelona í september.

Aðalsteinn Leifsson lektor er forstöðumaður MBA-náms HR, og segir hann þetta síður en svo dýrasta námið sem þekkist á Íslandi. Þannig kostar MBA-nám við skólann 2,6 milljónir en það teygir sig yfir lengra tímabil. Og jafnvel þótt miðað sé við kennslustundina sem slíka má finna dýrara nám. En Aðalsteinn er fyrst og fremst stoltur af því að geta boðið upp á AMP-námið sem er í raun flutt hingað til lands af Háskóla Reykjavíkur. Ytra kosti þetta sama nám vel á fjórðu milljón.

„Ellefu framúrskarandi erlendir prófessorar koma að náminu og eru með þeim fremstu á sínu sviði í heiminum. Flestir eru frá IESE, en jafnframt frá London Business School, Richard Ivey School of Business og NASA,“ segir Eva. Hún nefnir sem dæmi úr fríðum flokki fyrirlesara og kennara sjálfan Matt Melis sem starfar hjá NASA og vakti athygli þegar hann stjórnaði rannsókn á Columbia-slysinu árið 2003 þegar sjö geimfarar fórust þegar Discovery fórst.



**EVA ÞENGILSDÓTTIR** Mikils virði fyrir íslenskt atvinnulíf að hafa aðgang að AMP-náminu sem ætlað er reyndum stjórnendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Eva telur ljóst að mikils virði sé fyrir íslenskt atvinnulíf að hafa aðgang að slíku námi. HR er í samstarfi við IESE, viðskiptaháskóla í Barcelona, sem Financial Times hefur fimm undanfarin ár kjörið sem þann besta sem býður fram nám fyrir stjórnendur.

Markhópur í námið eru reyndir stjórnendur og Eva, sem stýrir þessu tiltekna verkefni, hefur notað frumlegar aðferðir til að vekja athygli á þessu einstaka námi. Hún starfaði sem flugfreyja á árum áður og leitaði ekki eftir vatninu yfir lækinn. HR gekk til samninga við Icelandair og hefur því verið svo komið fyrir að glæsilegum bæklingi, þar sem náminu er lýst, hefur verið dreift í vasa sæta á Saga Class.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breytingar urðu á niðurstöðum vikulegrar áhorfskönnunar Capacent Gallup þegar sjónvarpsáhorfið yfir páskana var kynnt í gær. Topp 20 listinn yfir vinsælustu þætti landsins á öllum stöðvum var hvergi sjáanlegur en þess í stað var einungis hægt að kynna sér hverjir væru vinsælustu sjónvarpsþættirnir á hverri stöð fyrir sig. RÚV hefur hingað til einokað þann lista og átt nítján af tuttugu vinsælustu þáttunum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gengu stjórnendur einkastöðvanna hart fram að þessu yrði breytt og fengu í gegn með meirihlutaákvörðun.



Enda leit listinn ekkert sérstaklega vel út fyrir **Pálma Guðmundsson** og hans fólk á Stöð 2 og **Sigríði Margréti Oddsdóttur** og hennar fólk á Skjá einum.

**Johnny King** er á leið suður frá Akureyri og hefur í fórum sínum þrjú splunkuný og frábær kántrílög sem hann hyggst afhenda **Magnúsi Einarssyni** útvarpsmanni til athugunar og jafnvel spilunar. Johnny, og/eða Kúrekar norðursins, eru langt komnir með vinnslu nýrrar kántríplötu sem heitir „Outlaws“ og mun ríkja mikil eftirvænting vegna hennar hér sem og víða um heim. Til að mynda í Noregi.

Rapparinn **Erpur Eyvindarson** er sáttur við þær viðtökur sem hann hefur fékk í erlendu pressunni vegna frammistöðu Rottweilerhunda á Ísafirði yfir páskana. NME, sem Erpur hefur lesið stíft síðan hann var unglingur, fór lofsamlegum orðum um Rottweiler sem og Ultra Mega Teknóbandið Stefán. En Erpur og co fá einnig gusurnar, til dæmis frá hipphopparanum **Poetrix** sem í Kastljósi nefndi Rottweiler sem tónlistarmenn sem virðast ekki hafa neina tilfinninguna, dýpt eða þunga og í textagerð sinni náð nýjum víddum í tilgangsleysi.



- fgg/jbg


LAGERSALA

FATNAÐUR OG SKÓR

Nú er loksins komið að því!
Verðum með lagersölu nú um helgina.

Föstudaginn 28.mars 12:00 til 19:00
Laugardaginn 29.mars 12:00 til 18:00
Sunnudaginn 30.mars 13:00 til 16:00

Mjög mikið úrval af Blend dömu og herrafatnaði
Psycho Cowboy dömu og herrafatnaði
4 You herrafatnaði
Blend Skór

Fullt af nýjum flottum sýnishornum
Rosalega flott verð!

Guðríðarstíg 6 , 113 Grafarholti
Í sama húsi og Margt Smátt,gengið inn ofantil.


# Hattur Björgvins boðinn upp

Útvarpsþátturinn A til J snýr aftur í kvöld af fullum þunga eftir páskafrí og truflun af Gettu betur. Þátturinn er í umsjón leikaranna Jóa G og Atla Þórs og hefur verið á dagskrá Rásar 2 í vetur. Auk gamanmála hafa gestir mætt í þáttinn og gefið hluti úr eigu sinni til góðgerðarmála að eigin vali. Í kvöld er komið að sjálfum Björgvini Halldórssyni sem ætlar að gefa forláta hvítan hatt.



„Ég er mikill hattakarl og er reyndar mikið fyrir havaískyrtur líka,“ segir Björgvin. „Þetta er svona panamahattur sem Svala kom með fyrir mig eftir eina af sínum mörgu ferðum með Steed Lord. Ég á nokkra svona hatta og nota þá þegar ég er í hitabeltinu. Ég hef oft verið með hattinn á giggum og valdi að gefa hann einfaldlega af því hann er mjög flottur. Ég vona auðvitað að það fáist sem mest fyrir hann – helst að einhver kaupi hann á raðgreiðslum – enda fer peningurinn í gott málefni, krabbameinssjúk börn.“

Uppboð stjarnanna hefur skilað hátt í milljón til góðgerðarmála. Gjöf Bubba, gítar og gullplata, skilaði mestu og seldist á 230.000 krónur, en Ómar Ragnarsson kemur næstur; húfa með áletruninni „Ég elska frúna“ og Daihatsu-smábíll seldust á 170.000 krónur samtals. Aðrar uppboðsvörur hafa meðal annars verið tambúrína frá Siggu Beinteins, sjóngleraugu Jóns Gnarrs, Rolling Stones-bolur frá Sveppa og áritaðar treyjur frá Snorra Steini og Guðjóni Val. Alls konar fólk hefur hreppt hlutina en tónlistaráhugamaður sem ekki vill láta nafns síns getið hefur oftast boðið best í tónlistartengda dótið. Hann virðist vera að koma sér upp poppminjasafni og hefur að sögn smíðað sérstakan glerskáp utan um gítarinn hans Bubba.

- glh



**PANAMA-HATTURINN GÓÐI** Björgvin vonar að hann seljist á raðgreiðslum.


BOB DYLAN
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
EGILSHÖLL
26. MAÍ
SALA HEFST Í DAG KL. 10:00
MasterCard
10% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
www.midi.is
OG ÖLLUM AFGREIÐSLU-STÖÐUM MIÐA.IS
CONCERT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

visir.is
„...ég sá það á vísi“



**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Helvíti í öskubakka*

Fréttir af gengi krónunnar og yfirvofandi kreppu eru þreytandi til lengdar. Það var því kærkomin tilbreyting þegar fréttist að mannabein hefðu fundist á víðavangi í Kjósinni á páskadag. Slíkar fréttir kunna Íslendingar að meta og litlir Arnaldar fóru á flug og bjuggu til krassandi sakamálasögur í kringum beinafundinn. Líkt og með fjöðrina sem varð að heilu hænsnabúi breyttist sagan af hauskúpubrotinu mann fram af manni og blogg fram af bloggi. Brotið var fljótlega orðið að heilli höfuðkúpu ef ekki hálfri beinagrind.

**FYRST** þegar ég heyrði af þessum fundi varð mér hugsað til jarðneskra leifa Jónasar Hallgrímssonar sem liggja bæði á Þingvöllum og í Kaupmannahöfn (fyrir utan einn lærlegg sem kann að hafa orðið eftir í Öxnadalnum). Sagan af beinamáli Jónasar er svo ótrúleg að það rétt hvarflaði að mér að brot úr höfuðkúpu hans hefði getað slæðst með einhverju dóti upp að Meðalfellsvatni og dagað þar uppi sem öskubakki í hjólhýsi. Það þóttu mér heldur grimm örlög fyrir skelina sem eitt sinn hýsti huga óskabarns þjóðarinnar.

**SEM** betur fer bendir ekkert til þess að beinið sé úr Jónasi. Einhverjir segja að það komi frá útlöndum og aðrir að það sé úr manni sem lést á Kleppi fyrir áratugum síðan og gaf líffæri sín í þágu vísindanna. Líklega grunlaus um að brot úr höfuðkúpunni yrði notað sem skál undir bréfaklemmur á skrifborði læknisins og síðar öskubakki – eins vísindalegt og það nú er.

**„MÉR** er sama hvar ég lendi þegar ég dey“ syngja ölvaðir Íslendingar á þorrablótum og sjálf hef ég tekið hástöfum undir. Það var áður en ég heyrði af höfuðkúpuöskubakkanum í Kjósinni og las um það í blöðunum að mannabein gengju kaupum og sölum á netinu. Mig hryllir við tilhugsuninni um að einhver kaupi höfuðkúpuna mína þegar ég er hætt að nota hana og geri úr henni blómapott eða sælgætisskál. Það má víst kaupa hauskúpur á eBay á 600 dollara. Hafni mínar líkamsleifar þar vona ég í það minnsta að gengið verði hagstætt. Maður má ekki selja sig of ódýrt.

**EINHVERS** staðar las ég að kirkjunnar menn væru farnir að endurskoða ímynd helvítis sem ekki þykir lengur í takt við tímann. Sagan af beinafundinum við Meðalfellsvatn gæti ef til vill nýst við þá ímyndarsköpun. Að minnsta kosti get ég ekki hugsað mér verra hlutskipti eftir dauðann en að enda sem öskubakki í hjólhýsi.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 28. mars, 88. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.59 | 13.33 | 20.08 |
| Akureyri | 6.41 | 13.17 | 19.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




**Grand Azur - Marmaris**



Eitt besta hótelið í Marmaris, klassískt, virðulegt og vandað. Stendur alveg við ströndina í skemmtilegum sundlaugagarði með vatnsrennibraut og þremur tennisvöllum.

Verðdæmi: **96.865,-** með hálfu fæði

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í vikuferð 25.ágúst

**Faber - Içmeler**



Faber er einstaklega skemmtilegt íbúðahótel í Içmeler með ljúfu starfsfólki og góðum anda. Stutt í alla helstu þjónustu. Fallegur garður með góðri sundlaug.

Verðdæmi: **62.200,-**

Verð á mann m.v. 2 með tvö börn í 2 vikur 25. ágúst
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **75.500,-**

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast dulúðarfullri menningarsögu landsins. Eyjan Marmaris er paradís Miðjarðarhafsins yfir sumartímann og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og þjónustu við ferðamenn. Gist er á fyrsta flokks hótelum, loftið er hreint og stöðugur andvari frá sjónum kælir sólunnendur í hitanum. Komdu til Tyrklands og sjáðu sólina í nýju ljósi.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL-ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS